ESTRID ÞORVALDSDÓTTIR

*Í sama kjólnum áramót eftir áramót*

Tíska Heilsa

**allt** Í MIÐJU BLAÐSINS




HALLGRÍMUR HELGASON

*Málaði Guð á Sæbraut*

20 milljóna málverkið tilbúið

FÓLK 46









# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

3. janúar 2008 — 2. tölublað — 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## FIMMTUDAGUR

### Sprengir fjölskyldubílinn



Andri Snær Magnason og eiginkona hans eiga von á fjórða barni sínu í mánuðinum.

FÓLK 46

### Kaffibarsmyndir á bók

Ljósmyndir Einars Snorra og Eiðs Snorra af fastagestum Kaffibarsins verða gefnar út í Bandaríkjunum.

FÓLK 38



### Eiður Smári á ný í byrjunarliðinu



Eiður Smári lék með Barcelona í jafnteflisleik í konungsbikarnum í gær.

ÍÞRÓTTIR 42

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÞURRT NORÐAUSTAN TIL** - Í dag verður suðaustan 13-20 m/s á vesturhluta landsins, annars 8-13 m/s. Þurrt á Norðausturlandi, annars víða væta, einkum sunnan til og vestan. Hiti 5-12 stig.

VEÐUR 4




# Piltar valda tjóni fyrir milljónir á Laugavegi

**Þrír piltar grunaðir um að krota á 80 hús á Laugavegi voru handteknir í fyrrinótt. Hreinsun á veggjakroti getur kostað frá tugum upp í hundruð þúsunda.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Þrír sautján ára piltar voru handteknir fyrir veggjakrot á Laugavegi seint í fyrrinótt. Þeir eru grunaðir um að hafa krotað á um 80 verslanir og hús í grenndinni með stöfunum MLC en þeir voru með úðabrúsa og önnur tól til veggjakrots þegar lögreglan hafði afskipti af þeim.

„Ég veit að húseigandinn hér ætlar að kæra og ég vona að hinir verslunareigendurnir geri það líka,“ segir Torfi Yngvason, einn eigenda verslunarinnar Cintamani á Laugavegi, sem krotararnir höfðu merkt kirfilega. „Ég geri mér ekki alveg grein fyrir því hvað það muni kosta að hreinsa þetta og mála, en ef þeir þurfa að bæta tjónið fyrir allar þær verslanir sem merktar hafa verið með þessum hætti þá eru þetta orðnar dágóðar fúlgur.“

Eiður Eiðsson, lögreglufulltrúi í forvarnadeild, segir að hingað til hafi húseigendur sem verða fyrir barðinu á veggjakroturum verið tregir við að kæra. „Það virðist vera einhver ótti í fólki við að fara í einkamál, það er kannski hrætt við hefndaraðgerðir,“ segir hann.

Hann segir veggjakrotara verða sífellt skipulagðari við iðjuna. „Hér hjá lögreglunni og annars staðar, þar sem verið er að sporna við veggjakroti, eru menn orðnir sérfróðir í þessu þannig að þegar við gómum menn getum við jafnvel rakið nokkur krot til sama mannsins. Það er svo spurning hvernig tekst að sanna slíkt fyrir dómi.“

Þorsteinn Pálmarsson hjá hreinsunarfyrirtækinu Allt-af, sem hefur sérhæft sig í að hreinsa burt veggjakrot, segir að verð fyrir hreinsun á veggjakroti á einu húsi geti verið frá tugum upp í hundruð þúsunda króna.

Mál drengjanna þriggja er komið til rannsóknardeildar lögreglunnar. **- jse /** **sjá síðu 6**

Tiltektardagur bankamanna:

## Hefð sem rætt er um að breyta

**VIÐSKIPTI** **Forstjóri OMX Kauphallar Íslands hvetur til þess að tekin verði til endurskoðunar sú hefð að hafa hér bankastofnanir lokaðar á fyrsta virka degi árs hvers.**

**Kauphöllin hér var lokuð í gær eins og bankarnir. Annars staðar í heiminum gengu markaðsviðskipti sem önnur sinn vanagang.**

**Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir lokun bankanna líklega eiga rætur í því að áður hafi þurft lengri tíma til að handreikna vexti. Hann segir að þennan dag mæti fólk til vinnu í bönkunum, en dagurinn sé alla jafna notaður til tiltekar og undirbúnings.**

**Sigurjón segir að rætt hafi verið um að leggja hefðina af, án þess að nokkuð hafi verið í því gert.**

**- óká /** **sjá síðu 20**



**LEITARMENN AÐ STÖRFUM Í ELLIÐAÁM** Leitin sem stóð fram á kvöld í gær var afar víðtæk en um 130 björgunarsveitarmenn tóku þátt í henni. Leitarmenn sjást hér slæða ána en einnig voru fjörur voru gengnar, leitað úr lofti og í kafi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Leit að nítján ára dreng:

## Fundu lík við smábátahöfn

**LEIT** Björgunarsveitarmenn sem leituðu Jakobs Hrafns Jökulssonar fundu lík norðan við smábátahöfnina í Elliðavogi í gærkvöld. Jakobs, sem er nítján ára, hefur verið saknað síðan að morgni nýársdags. Lögreglan hafði ekki staðfest að um lík hans væri að ræða þegar Fréttablaðið fór í prentun.

Um 130 björgunarsveitarmenn, sem meðal annars komu frá Akranesi, Suðurnesjum og Árborg, tóku þátt í leitinni að drengnum. Hún beindist helst að svæðinu í kringum Elliðaár og hverfum þar í kring. Þyrla Landhelgisgæslunnar fór í leitarflug og kafarar tóku þátt í leitinni. Auk þess notuðu björgunarsveitarmenn leitarhunda.

Jakob sást síðast við skemmtistaðinn Broadway í Ármúla um hálfsex á nýársdagsmorgun. Talið er að hann hafi verið á leið heim til sín í Árbæjarhverfið. **- sþs / jse**

Tvö hross drápust en bóndi bjargaði sér úr lífsháska:

## Ók dráttarvélinni á rafmagnslínu

**SLYS** Tvö hross fengu raflost og drápust á bænum Enniskot í slysi í fyrradag sem hefði getað endað mun verr. Kristmundur Ingþórsson bóndi var að aka með heybagga á dráttarvél til að gefa hrossunum þegar hann áttaði sig skyndilega á því að hann hafði ekið með framgaffalinn, sem hann hafði hift upp, á rafmagnslínu. Línan hafði fokið úr festingunni á nálægum staur og hékk um það bil tvo metra frá jörðu.

„Það var éljagangur svo ég sá ekki að ég hafði ekið á línuna og spennt hana nokkuð,“ segir Kristmundur. „Þegar ég áttaði mig á því setti ég í bakkgírinn og þá fann ég mikið högg og fann þá nokkuð til í hendinni en sennilega hef ég fengið straum frá gírstönginni. Það næsta sem ég sé er að hrossin voru farin að skjögra um. Þau hafa örugglega fengið straum frá jörðinni. En svo sá ég tvö fyrir aftan mig sem lágu hreyfingarlaus í jörðinni.“

Kristmundur hafði heybagga aftan á dráttarvélinni og höfðu hrossin tvö ætlað að gæða sér á heyinu en fengið straum sem varð þeim að bana.

„Ég áttaði mig á því að ég yrði að bakka frá strengnum sem ég og gerði þótt bæði framdekkin hefðu sprungið.“ **- jse**



**KRISTMUNDUR MEÐ SPRUNGNU DEKKIN** Það voru engir smá kraftar sem leystust úr læðingi þegar Kristmundur ók á rafmagnslínuna. MYND/HUNI.IS




## SPURNING DAGSINS



*Gulli, býðurðu ekki Jóa Fel í þáttinn?*

„Góð hugmynd. Þátturinn gæti heitið Bakari hengdur fyrir smið.“

Útvarpsmaðurinn og smiðurinn Gulli Helga stjórnar nýjum sjónvarpsþætti þar sem þrjú pör innrétta jafn margar íbúðir á Arnarneshæðinni.

Þorsteinn Davíðsson, nýráðinn héraðsdómari, liggur heima í flensu:

# Kvíðir ekki rökstuðningi Árna

**DÓMSTÓLAR** „Það er augljóst að Árni [Mathiesen] hefur talið þetta rétta ákvörðun og hann færir þá rök fyrir því. Svo geta aðrir verið ósammála þeim rökum, eins og gengur þegar ákvarðanir eru teknar,“ segir Þorsteinn Davíðsson, nýráðinn héraðsdómari við Héraðsdóm Norðurlands eystra og Austurlands. Hann kvíðir ekki rökstuðningi ráðherrans.

Árni Mathiesen, settur dómsmálaráðherra, valdi Þorstein í stöðu héraðsdómara umfram þrjá aðra umsækjendur, sem fagleg matsnefnd telur hæfari í starfið. Tveir þeirra hafa nú óskað eftir því að Árni rökstyðji ákvörðun sína. Hann hefur til þess tvær vikur.



**ÞORSTEINN DAVÍÐSSON** Nýráðinn dómari segist ekki vilja dæma í eigin sök.

Ákvörðun Árna hefur vakið nokkra athygli, enda er faðir Þorsteins, Davíð Oddsson, fyrrum yfirmaður Árna úr Sjálfstæðisflokknum.

Þorsteinn segist sjálfur ekki vilja dæma í eigin sök eða gera upp á milli umsækjendanna.

Annars lá Þorsteinn í flensu þegar Fréttablaðið náði tali af honum og hafði legið frá því á gamlársdag. Hann mætti því ekki til vinnu í gær, sem átti að vera hans fyrsti dagur í starfi.

Veikindi Þorsteins hafa ekki áhrif á starfsemi dómsins, enda hefur honum ekki verið úthlutað málum til að dæma í. **- kóþ**

Verðhækkanir um áramót:

## Gjaldskrá Símans hækkar

**FJARSKIPTI** Síminn hækkaði verð í nokkrum þjónustuflokkum nú um áramótin.

Sem dæmi hækkaði mínútuverð í flestum flokkum farsímaþjónustunnar um eina krónu þegar hringt er í heimasíma. Þá hækkar einnig upphafsgjald úr farsíma.

Hækkun á mánaðarverði heimasíma nam 50 krónum og sérþjónusta hækkaði um níu krónur. Grunnáskriftarverð fyrir ADSL-þjónustu hækkaði um 10 prósent eins og mánaðarverð fyrir NMT.

Vefur símans, siminn.is, greindi frá. **- ovd**

Kosningum frestað í Pakistan:

## Scotland Yard til aðstoðar

**PAKISTAN, AP** Stjórnvöld í Pakistan ákváðu í gær að fresta um sex vikur þingkosningunum sem áttu að fara fram næstkomandi þriðjudag. Var ólgan sem morðið á Benazir Bhutto fyrir viku tilgreind sem ástæða frestunarinnar. Talsmenn stjórnarandstöðuflokkanna tóku ákvörðuninni illa en sögðust samt myndu taka þátt í kosningunum.



**PERVEZ MUSHARRAF**

Í sjónvarpsávarpi í gærkvöld sagðist Pervez Musharraf forseti hafa farið þess á leit við bresk stjórnvöld að þau sendu sérfræðinga frá rannsóknarlögreglunni Scotland Yard til að aðstoða við rannsóknina á morðinu svo að allir gætu sannfærst um að hún færi eðlilega fram. **- aa** / sjá síðu 12

Vinnuhópar ASÍ og SA hittast:

## Kjaraviðræður hefjast á ný

**VINNUMARKAÐUR Á morgun hittast vinnuhópar Alþýðusambands Íslands og Samtaka atvinnulífsins. Með því hefjast kjaraviðræður á ný, sem hafa legið niðri um hátíðarnar.**

**Þorbjörn Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samiðnar, segist vonast til að rætt verði um að gera stórframkvæmdasamning í stað virkjanasamnings sem nú fellur úr gildi. „Við höfum líka áhuga á vinnustaðaskilríkjum og erum að skoða rökstuðning fyrir uppsögnum,“ segir hann.**

**Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri SA, segist ekki eiga von á því að ríkisstjórnin „slengi neinu á borðið á þessu stigi“ enda sé það of snemmt. - ghs**

Svifryk fyrstu 30 mínútur árs:

## Mengun tífalt yfir mörkum

**HEILBRIGÐISMÁL** Mengun af völdum svifryks fyrsta hálftíma ársins mældist 500 míkrógrömm á rúmmetra, en heilsuverndarmörk miðast við 50 míkrógrömm.

Þetta telst afar mikið, enda var vindhraði töluverður og úrkoma nokkur, sem dregur allajafna úr mælanlegri svifryksmengun.



**FLUGELDAR** Þeir menga meira en margan grunar, flugeldarnir.
FRÉTTABLAÐIÐ/RÓBERT

Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfissviði Reykjavíkurborgar mældist mengunin 455 míkrógrömm, um klukkan 18.00 á nýársdag, líklega vegna flugelda.

Svifryk í borginni fór sautján sinnum yfir heilsuverndarmörk árið 2007. **- kóþ**

# Vaðlaheiðargöngin framar Sundabraut

**Samgönguráðherra segir Vaðlaheiðargöng vera framar í forgangsröðinni en Sundabraut og tvöföldun Suðurlandsvegar. Undirbúningur vegna ganganna er lengst á veg kominn. Ekki verður byrjað á gerð Sundabrautar á þessu ári.**

**SAMGÖNGUMÁL** Kristján Möller samgönguráðherra segir Vaðlaheiðargöng á Norðausturlandi vera framar í forgangsröðinni en Sundabraut og tvöföldun Suðurlandsvegar. Rætt hefur verið um að þessi verkefni verði gerð að veruleika með einkaframkvæmd. „Það liggur fyrir niðurstaða um að framkvæmdin þurfi ekki að fara í umhverfismat auk þess sem skipulagsvinnu sveitarfélaga á svæðinu er að mestu lokið. Hin verkefnin eru styttra á veg komin.“ Gísli Gíslason, framkvæmdastjóri Faxaflóahafna, segir seinagang stjórnvalda með Sundabraut bitna á ökumönnum á hverjum degi.

„Það eru fá verk þar sem fagmenn úr öllum áttum eru sammála um ágæti framkvæmdar eins og í tilfelli Sundabrautar. Samt gerist ekki neitt og það er vitanlega ekki gott,“ segir Gísli Gíslason.

Faxaflóahafnir hafa sýnt því áhuga að leggja Sundabraut. Eins og greint hefur verið frá í Fréttablaðinu telja forsvarsmenn Faxaflóahafna ekki nauðsynlegt að setja framkvæmdina í hefðbundið útboðsferli. Kristján hefur hins vegar talað fyrir nauðsyn þess. Horfir stjórnin einkum til verklags Norðmanna við sambærilegar framkvæmdir en þar hafa samgöngumannvirki, þar á meðal jarðgöng, ekki alltaf verið boðin út heldur framkvæmdin sett í hendur opinberra fyrirtækja sem sjá um rekstur þeirra og gerð. Kristján Möller samgönguráðherra lét hafa eftir sér í Fréttablaðinu 8. desember að útboð væri eina réttláta leiðin þegar kæmi að því að taka ákvörðun um Sundabraut þar sem fleiri en Faxaflóahafnir hefðu sýnt verkinu áhuga.



**SUNDABRAUT** Enn er deilt um Sundabraut. Ríkisstjórnin hefur ekki á dagskrá sinni að hefja framkvæmd hennar á þessu ári.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR** Vill að Sundabrautin verði að veruleika sem fyrst.



**KRISTJÁN MÖLLER** Vaðlaheiðargöng framar í forgangsröðinni en Sundabrautin.

Svandís Svavarsdóttir, borgarfulltrúi Vinstri grænna, segir það miður að Sundabraut sé ekki á dagskrá á þessu ári. „Sundabrautin er jafn mikið forgangsmál fyrir landsbyggðina eins og höfuðborgarbúa. Ég hefði frekar kosið að Sundabrautin yrði forgangsverkefni á þessu ári þar sem þörfin fyrir hana er afar brýn. En vonandi mjakast þessi mál í rétta átt.“

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um hvernig brautin verður lögð en nokkrar tillögur að henni hafa verið teiknaðar upp og lagðar fram. Líklegast er að farin verði sú leið að leggja hluta brautarinnar í göng.

magnush@frettabladid.is



**PRINSESSAN SYRGÐ** Tvær taílenskar konur með mynd af Galyani Vadhana.
NORDICPHOTOS/AFP

Sorg í Taílandi:

## Öldruð prinsessa fellur frá

**TAÍLAND, AP Í Taílandi ríkti í gær almenn sorg eftir að Galyani Vadhana prinsessa lést af völdum krabbameins. Hún var 84 ára gömul og eina systir konungs landsins, hins áttræða Bhumibols Adulyadej, sem nýtur mikillar virðingar meðal landsmanna.**

**Starfsfólk konungsfjölskyldunnar tilkynnti að sorg skyldi ríkja í hundrað daga og opinberir embættismenn voru beðnir að klæðast svörtum fötum í hálfan mánuð.**

**Stjórnmálamenn ákváðu jafnframt að bíða með deilumál sín fyrst um sinn, en ekki hefur tekist að mynda stjórn síðan kosningar voru haldnar þar á Þorláksmessu. - gb**

Hafa átt í rekstrarerfiðleikum:

## Öllu starfsfólki Krækis sagt upp

**ATVINNUMÁL** Öllum starfsmönnum hjá Kræki fiskverkun ehf. á Dalvík hefur verið sagt upp störfum. Um er að ræða 32 stöðugildi.

Í fréttum Ríkisútvarpsins í gær kom fram að ákvörðunin um uppsagnirnar hefði verið tekin í kjölfar rekstrarerfiðleika sem fiskvinnslan hefði átt í. Þar sé helst um að kenna stöðu krónunnar, fiskverði og hráefnisskorti.

Henning Jóhannesson, stjórnarformaður fyrirtækisins, vildi ekki svara fyrirspurnum Fréttablaðsins um málið þegar leitað var eftir því. **- sþs**

Srí Lanka-stjórn ákveður að segja formlega upp vopnahléssamkomulagi:

# Íslenskir gæsluliðar kallaðir heim

**SRÍ LANKA, AP** Ríkisstjórn Srí Lanka hefur ákveðið að segja formlega upp vopnahléssamkomulaginu við aðskilnaðarsinna Tamílatígra sem samið var um fyrir milligöngu Norðmanna árið 2002. Þetta þýðir að norræna vopnahléseftirlitssveitin, sem nú er aðeins skipuð Íslendingum og Norðmönnum, missir umboð sitt til starfa og verður frá að hverfa.

Frá hausti 2006 hafa um tíu liðsmenn Íslensku friðargæslunnar þjónað í vopnaeftirlitssveitinni. Anna Jóhannsdóttir, forstöðumaður skrifstofu Íslensku friðargæslunnar í utanríkisráðuneytinu, segir stöðugildin nú vera níu og átta Íslendingar séu staddir þar syðra eins og er. Hún staðfestir í samtali við Fréttablaðið að uppsögn vopnahléssamkomulagsins þýði að liðsmenn eftirlitssveitarinnar hafi fjórtán daga til að ljúka starfseminni og koma sér heim.

Með því að vopnahléssamkomulagið fellur formlega úr gildi komast átök stjórnarhersins og Tamílatígra á nýtt formlegt stig. Stjórnmálaskýrendur höfðu undanfarið kosið að kalla þau „óyfirlýst borgarastríð“ og því gat vopnahléseftirlitið haldið áfram, þrátt fyrir sívaxandi átök. **- aa**



**ÓHEFT STRÍÐ** Stjórnarhermenn við herrútu sem eyðilagðist í sprengingu í höfuðborginni Colombo í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## LÖGREGLUFRÉTTIR

### Jeppi ók aftan á flutningabíl

Fernt slasaðist lítillega þegar jeppi rakst á flutningabíl á Norðurlandsvegi við Borðeyri um klukkan hálf tíu í gærkvöld. Samkvæmt lögreglu valt flutningabíllinn í fljúgandi hálku og lenti jeppinn aftan á flutningavagninum. Ökumaður flutningabílsins var einn á ferð en þrennt var um borð í jeppanum. Veginum var lokað í stutta stund eftir slysið.


Útsala
hefst í dag!
Nú eru verslanir Kringlunnar fullar af spennandi útsöluvörum. Komdu og gerðu frábær kaup á stærstu og fjölbreyttustu útsölu landsins.
Opið til 21 í kvöld
OPIÐ FRÁ 13 TIL
18
Á SUNNUDÖGUM
Mán til mið 10–18.30, fim 10–21, fös 10–19, lau 10–18, sun 13–18
www.kringlan.is / skrifstofa 568 9200
Kringlan

## GENGIÐ 31.12.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 61,85 | 62,15 |
| Sterlingspund | 123,99 | 124,59 |
| Evra | 90,95 | 91,45 |
| Dönsk króna | 12,194 | 12,266 |
| Norsk króna | 11,408 | 11,476 |
| Sænsk króna | 9,657 | 9,713 |
| Japanskt jen | 0,5516 | 0,5548 |
| SDR | | 97,98 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

119,9954

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tuttugu og níu létust af slysförum í fyrra, rúmur helmingur þeirra í umferðinni:

# Meirihluti þeirra sem látast er karlar

**SLYS** Mun fleiri karlmenn létust af slysförum en konur í fyrra. Alls létust 29 í banaslysum, þar af 24 karlar, þrjár konur og tvö börn.

Samkvæmt upplýsingum hjá Landsbjörg létust flestir í umferðarslysum, eða fimmtán. Fjórir létust í vinnuslysum, fjórir í heima- og frítímaslysum, þrír í sjóslysum og þrír drukknuðu.

Sigrún A. Þorsteinsdóttir, sviðsstjóri slysavarnasviðs hjá Landsbjörg, segir þessi kynjahlutföll halda sér í nánast öllum tegundum slysa. Eldri borgarar séu eina undantekningin; þar slasist konur oftar en karlar.

„Við sjáum þetta í öllum slysatölum, um leið og börn eru byrjuð að labba þá lenda strákarnir í mun fleiri slysum en stelpur,“ segir hún. Spurð um ástæður að baki þessu segir hún áhættuhegðun mun meiri hjá körlum en konum.

Mun færri létust af slysförum í fyrra en árið 2006, þegar 49 létust í banaslysum. Þar munar helst um umferðarslysin, sem voru helmingi færri í fyrra en árið áður.

Sigrún segir erfitt að tala um góðan eða slæman samanburð milli ára, því íslenska þjóðin sé svo fámenn og slysin tiltölulega fá. Þó sé vissulega frábært að banaslys í umferðinni séu helmingi færri en í fyrra. - sþs



**Á SLYSSTAÐ** Fimmtán létust í umferðarslysum í fyrra, helmingi færri en árið áður. Karlmenn voru í miklum meirihluta þar sem og í öðrum tegundum slysa.

Lögreglan bíður átekta:

## 11-11 ræningi enn ófundinn

**LÖGREGLUMÁL** Maðurinn sem rændi verslun 11-11 á Grensásvegi síðastliðið laugardagskvöld er enn ófundinn. Hann ógnaði starfsfólki með hnífi og komst undan með nokkur þúsund krónur í reiðufé. Enginn slasaðist.

Ómar Smári Ármannsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, segir engan hafa verið handtekinn vegna málsins. „Stundum vinnur tíminn með rannsókninni og þá getur verið gott að bíða aðeins með að bregðast við,“ segir hann. Að öðru leyti vilji hann engu segja sem minnst um málið á þessu stigi. - sþs



**Í RÚST** Björgunarlið á vettvangi við rústir lögreglustöðvarinnar í Naciria, 50 km austur af Algeirsborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Enn sprengt í Alsír:

## Lögreglustöð rústað í árás

**ALSÍR, AP Stórum bíl var í gær ekið á dyr lögreglustöðvar í Alsír, þar sem hann síðan sprakk í loft upp. Minnst fjórir lögreglumenn fórust og öll framhlið stöðvarinnar eyðilagðist, að sögn vitna.**

**Samkvæmt upplýsingum frá innanríkisráðuneytinu létu fjórir lögreglumenn lífið og 20 aðrir særðust. Árásin var gerð í Naciria, smábæ 50 km austur af Algeirsborg.**

**Þrjár vikur eru frá mannskæðri bílsprengjuárás á skrifstofur SÞ í Algeirsborg. Öfgahópur sem kennir sig við al-Kaída lýsti henni á hendur sér, auk annarrar sem framin var í apríl.** - aa

## LEIÐRÉTTINGAR

Það var ekki bara Vigdís Finnbogadóttir sem sat í sextán ár sem forseti, eins og sagt var frá í blaðinu í gær. Ásgeir Ásgeirsson var einnig forseti í sextán ár.

Rangt var farið með dagsetningar í blaðinu í gær og því skal áréttað að þrettándinn verður að venju 6. janúar, eða á sunnudaginn.

Tiltekin mynstur í málverkinu Síðustu kvöldmáltíðinni eftir Da Vinci eru talin samsvara loftmynd af Skipholtskrók, ekki landslagsmynd eins og sagt var í frétt blaðsins í gær.

# Nýr kafli að hefjast í forsetaslag vestra

**Fyrstu forkosningarnar fyrir forsetakjör í Bandaríkjunum verða haldnar í Iowa í dag. Kosningabaráttan hefur harðnað jafnt og þétt á lokasprettinum en munurinn milli efstu frambjóðenda er lítill og mikil óvissa ríkir um úrslitin.**

**BANDARÍKIN, AP** Framhald kosningabaráttunnar fyrir forsetakjör í Bandaríkjunum ræðst að miklu leyti af útkomunni í fyrstu forkosningunum, sem verða haldnar í Iowa í dag og síðan í New Hampshire á þriðjudaginn.

Enn eru rúmlega tíu mánuðir í forsetakosningarnar og flokkarnir tveir taka ekki endanlega ákvörðun um forsetaefni fyrr en á flokksþingunum í lok ágúst og byrjun september, en nú þegar slagurinn er að hefjast fyrir alvöru keppa átta repúblikanar og átta demókratar um að verða forsetaefni síns flokks.

Úrslitin í Iowa og New Hampshire skipta miklu máli því þeir sem ná góðu kjöri þar eiga auðveldara með að afla sér fylgis í næstu forkosningum. Mikil óvissa ríkir enn um úrslitin og skoðanakannanir fyrir þessi tvö ríki hafa verið misvísandi.

Meðal demókrata þykja þau Hillary Clinton og Barack Obama þó sigurstranglegust, en fast á hæla þeim kemur John Edwards. Í hópi repúblikana eru þeir Mitt Romney, Mike Huckabee og John McCain efstir á blaði.

Kosningabaráttan hefur harðnað jafnt og þétt síðustu vikurnar með æ neikvæðari ummælum um mótframbjóðendur. Á lokasprettinum allra síðustu daga áttu frambjóðendurnir þó fá útspil eftir önnur en að hvetja einfaldlega sína menn til að kjósa sig.

Repúblikaninn Mike Huckabee lagði til dæmis hart að stuðningsmönnum sínum að fara ekki einir á kjörstað: „Takið fleira fólk með ykkur. Fyllið bílinn ykkar af fólki. Leigið lítinn fólksflutningabíl. Rænið rútu kirkjunnar ykkar. Látið einskis ófreistað að fá fólk á kjörstað sem ætlar að greiða mér atkvæði.“

Heldur meira líf virðist reyndar vera í kosningabaráttu demókrataflokksins en repúblikana. Í það minnsta hafa kosningafundir demókrata verið betur sóttir.

Áður en janúar er á enda verður forkosningum í sjö ríkjum af fimmtíu lokið. Hinn fimmta febrúar kemur síðan að „stóra þriðjudeginum“ þegar forkosningar verða haldnar samtímis í 20 ríkjum Bandaríkjanna. Eftir þann örlagadag ættu línur að fara að skýrast verulega þegar aflaminnstu frambjóðendurnir heltast úr lestinni.

gudsteinn@frettabladid.is



**HUCKABEE HAMAST Á BASSANUM** Repúblikaninn Mike Huckabee, fyrrverandi ríkisstjóri í Arkansas, er í hópi þeirra sem sigurstranglegastir þykja. Hann brá á leik og tók í bassagítar með hljómsveitinni Boogie Woogers á kosningafundi í Iowa á nýársdag. NORDICPHOTOS/AFP




Ríkið bæti fyrir læknamistök:

## Vildi tólf milljónir, fékk fjórar

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjavíkur hefur dæmt ríkið til að greiða konu á sextugsaldri rúmar fjórar milljónir króna með vöxtum vegna tafa á læknismeðferð. Hún krafðist rúmlega tólf milljóna í bætur.**

**Konan fór í brjósklosaðgerð árið 2000 og dróst að aflétta þrýstingi af taugarót eftir aðgerðina. Hún hlaut varanlega örorku vegna þess.**

**Ríkið lagðist ekki gegn kröfu um bótaskyldu, enda hafði sú krafa áður verið staðfest í öðru máli. Það taldi bótakröfu hennar þó allt of háa. Héraðsdómur féllst að hluta til á þau rök og lækkaði bæturnar.** - sþs



**PALESTÍNUMENN SNOÐAÐIR** Meðal eldri araba þykir niðurlæging að missa hár og skegg. NORDICPHOTOS/AFP

Sýna félaga sínum samstöðu:

## Létu raka hár sitt og skegg

**RAMALLAH, AP** Nokkrir framámenn í Fatah-hreyfingunni létu í gær skera hár sitt og skegg til að sýna samstöðu með félaga sínum á Gazaströnd. Hamas-liðar höfðu niðurlægt hann á þriðjudag, með því að raka af honum helming hárs og yfirvararskeggs. Talsmaður Hamas sagði þó ekkert hæft í þessu.

Meðal eldri araba þykir mikill hárvöxtur og ekki síst veglegt yfirvaraskegg vera karlmennskumerki og stöðutákn. - gb

Hringdu í síma

512 50 60

ef blaðið berst ekki




## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**BÆTIR Í VIND VESTAN TIL**

Veðurhorfur dagsins eru víða blautar. Mest verður úrkoman þó á Suðausturlandi, úti við suðurströndina og yfir á suðvestanvert landið. Úrkomuminna verður á Snæfellsnesi og Vestfjörðum og að líkindum þurrt NA-til. Það bætir í vindinn eftir því sem líður á daginn, einkum á vestanverðu landinu og gæti vindur farið í um 20 m/s á Snæfellsnesi og víðar á annesjum vestan til.

**REYKJAVÍK Í DAG**

Suðaustan strekkingur og rigning. Hiti 4-8 stig.

*um hádegi »*




*» á morgun*




10-18 m/s sunnanlands annars 8-13 m/s

*» laugardagur*




Víðast 10-18 m/s hvassast við austurströndina.

*um hádegi »*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 1°C snjóél | London | 5°C skúrir | Friedrichshafen | 0°C hálfskýjað |
| Billund | -1°C snjóél | París | 4°C skúrir | Lúxemborg | 0°C snjókoma |
| Osló | 1°C snjóél | Amsterdam | 1°C hálfskýjað | Alicante | 16°C skúrir |
| Stokkhólmur | 1°C snjóél | Frankfurt | -2°C hálfskýjað | Róm | 11°C skúrir |
| Gautaborg | 0°C snjóél | Berlín | -1°C hálfskýjað | Las Palmas | 20°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.

# HÚSASMIÐJAN ÚTSALA

# ÚTSALAN HEFST Í DAG



## Við berjum niður verðið!

HÚSASMIÐJAN
...ekkert mál

## KJÖRKASSINN



*Varstu ánægð(ur) með Áramótakaupið?*

| | |
|---|---|
| Já | 51,4% |
| Nei | 48,6% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Settir þú þér áramótaheit?*

Segðu skoðun þína á visir.is

vísir

Töluverðar breytingar áætlaðar á Baldursgötureit sem afmarkast af fjórum götum:

# Mikil ólga meðal íbúa í Þingholtunum

**SKIPULAGSMÁL** „Allt á að hækka, stækka og samræma, bara hæðarhugsun og hámarksnýting,“ segir Harpa Þórsdóttir, íbúi við Þórsgötu, en ef miðað er við fyrirliggjandi deiliskipulagstillögu má ætla að flest öll hús á svæðinu taki mið af hæsta hæðarpunkti og verði hækkuð í þrjár hæðir og ris.

Harpa segir engar skýringar gefnar á efnisvali og engar kvaðir um útlit eða annað slíkt eins og oft er gert í grónum hverfum.

„Það er algert hneyksli að demba þessu yfir okkur rétt fyrir jólin og gefa svona stuttan andmælarétt,“ segir Guðríður Jóhannesdóttir, íbúi við Þórsgötu.

„Það virðist vera útgangspunkturinn, að gefa leyfi til að flytja í burtu, rífa, hækka og sameina út í eitt í þessu litla hverfi.“

Guðríður segir málið snerta marga. „Við erum mörg búin að vinna að endurbótum og við viljum búa í þessu hverfi af því það er sérstakt og öðruvísi.“

Helga Lára Þorsteinsdóttir, íbúi við Freyjugötu, segir einkenni efsta hluta Þingholtanna hverfa en íbúarnir ætla að hittast á fundi í kvöld og ræða málið. „Við munum koma með athugasemdir við þetta deiliskipulag, það er alveg víst,“ segir Helga Lára.

**olav@frettabladid.is**



**BALDURSGÖTUREITUR** Útlit reitsins fyrir og eftir fyrirhugaðar breytingar á deiliskipulagi.



**GUÐRÍÐUR JÓHANNESDÓTTIR** Íbúi við Þórsgötu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALGARÐUR

# Virkar að mála strax yfir veggjakrot

**Veggjakrotarar gerast skipulagðari og óvægnari í aðgerðum sínum. Ástandið er einna verst í Grafarvogi og í námunda við Réttarholtsskóla. Sífelt færist í aukana að krotað sé á bíla. Þrír voru handteknir fyrir veggjakrot á Laugavegi í gær.**

**SAMFÉLAGSMÁL** Torfi Yngvason, einn eigenda verslunarinnar Cintamani á Laugavegi, segir húseiganda ætla að leggja fram kæru.

Veggjakrotarar verða sífellt skipulagðari og ósvífnari í aðgerðum sínum. Þetta er mat lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu og Þorsteins Pálmarssonar hjá hreinsunarfyrirtækinu Allt-af sem hefur sérhæft sig í hreinsun á veggjakroti frá því 1996. „Þegar við vorum að byrja virtist þetta vera eins og tilviljanakennt krot hingað og þangað en nú er þetta mun skipulagðara og það er engu hlíft. Ég held að þeir séu alls ekki margir en þeir eru mjög iðnir við kolann. Svo eru þeir sífellt að endurnýja verkfæri sín og koma sér upp litum sem sífellt kalla á ný efni hjá okkur við hreinsunina svo við höfum þurft að sérhæfa okkur nokkuð mikið.“



**ÞORSTEINN PÁLMARSSON**

Hann segir ástandið hvergi nærri vera verst í miðbæ Reykjavíkur því það sé mun verra í Grafarvogi og í námunda við Réttarholtsskóla. Mikið er um krot á skólabyggingarnar sjálfar á þessum svæðum en einnig á íbúðarhús, stofnanir og svo hafi það aukist að krotað sé á bíla.

Eiður Eiðsson, lögreglufulltrúi í forvarnadeild, segir að það hafi engan árangur borið að leyfa veggjakrot á vissum svæðum í þeirri viðleitni að sporna við því á óæskilegum stöðum enda finni krotararnir fró í því að koma fangamerkjum sínum sem mest á framfæri. „Það má hins vegar draga nokkurn lærdóm af því hvernig tekist hefur að halda matvöruverslunum eins og hjá Hagkaupum, Bónus og fleiri lausum við krotið en þar fara menn beint í það að morgni dags að gá að kroti og ef þeir finna það þá er málað yfir það strax. Þetta fælir krotarana enda engin spenna í því að krota að næturlagi ef það er horfið að morgni.“

Þorsteinn tekur í sama streng og bendir á að í Helsinki, þar sem hvað bestur árangur hafi náðst í baráttunni við þessi skemmdarverk, sé mikið lagt upp úr því að fjarlægja verkin sem fyrst.

**jse@frettabladid.is**



**VEL MERKT VERSLUN** Verslunin Cintamani á Laugavegi var vel merkt eftir að veggjakrotarar létu til sín taka í grenndinni. Langar leiðir upp verslunargötuna mátti sjá merkið svo þetta gæti reynst dýrt spaug ef sök sannast og bótakröfur verða lagðar fram. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Íbúa við Þórsgötu brá við þegar hann sá fangamerki á húsi sínu:

# Krotari merkti sér húsið

„Ég hafði sloppið nokkuð vel frá veggjakroti þar til Sham1 kom og merkti sér húsið mitt allhressilega fyrir skemmstu,“ segir Valur Grettisson sem búsettur er á Þórsgötu 17 A sem merkt hefur verið fangamarki veggjakrotara.

„Það hefur svolítið verið deilt um það hvort þetta sé list eða ekki en hvað sem því líður þá er alla vega búið að skemma framhliðina á húsinu og eitt er víst að það var enginn Picasso sem gerði það. Ég held meira að segja að þessum veitti ekkert af smá tilsögn á myndlistarnámskeiði,“ bætir hann við.

Spurður hvort hann myndi leggja fram kæru ef krotarinn fyndist segir hann: „Það þarf að minnsta kosti að mála vegginn. Ég myndi sennilegast bjóða honum að fara í það. Ég myndi jafnvel hjálpa til. Þannig að ef hann sér að sér er hann velkominn í verkið. En eins og staðan er þá veit ég ekki hvað við gerum. Það eru fjórar íbúðir í húsinu og við höfum aldeilis eitthvað til að tala um á næsta íbúafundi.“

Valur hefur kynnt sér ástandið í þessum málum og segir tjónið gífurlegt sem unnið er með þessum hætti. „Ég veit til þess að það var gerður skurkur í þessum málum með góðum árangri í New York þar sem áður var varla hægt að koma auga á strætisvagn eða lest sem ekki var búið að krota á. Og ef það er hægt í New York hljóta yfirvöld hér að geta gert eitthvað.“ **- jse**



**VALUR VIÐ VEGGJAKROTIÐ** Íbúinn vill ekki dæma um það hvort veggjakrot sé list eða ekki en hitt segir hann víst að honum þótti fangamerkið ekki bera vott um listræna hæfileika. Hann býður höfundinum að mála framhlið hússins og segist jafnvel hjálpa til við það. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN










# Útsala
## á húsgögnum

**Fyrstur kemur fyrstur fær**

# 20-40%

**afsláttur af öllum húsgögnum**

## Verðdæmi

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sófasett 3+1+1 - 6703 | 119.400 kr. | ~~199.000~~ kr. | 40% |
| Sófasett 3+2+1 - 6703 | 131.400 kr. | ~~219.000~~ kr. | 40% |
| Sófasett 3+1+1 - 7237 | 169.520 kr. | ~~211.000~~ kr. | 20% |
| Hornsófi - 8169 | 180.000 kr. | ~~225.000~~ kr. | 20% |
| Fusite tungusófi | 104.999 kr. | ~~149.999~~ kr. | 30% |

**Húsgögn eru einungis fáanleg í Holtagörðum, Smáralind og á Akureyri.**

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## VEISTU SVARIÐ?



1 Hvað er Lögbirtingarblaðið gamalt í ár?

2 Hvar verður grafið eftir kaleik Krists á Íslandi?

3 Í hvaða sæti lenti íslenska ungmennalandsliðið í handbolta á móti í Þýskalandi milli jóla og nýárs?

SVÖRIN ERU Á BLAÐSÍÐU 46

Nýr orkumálastjóri segir mikiltækifæri blasa við Íslendingum:

# Spennandi tímar fram undan

**ORKUMÁL** „Það eru spennandi tímar fram undan í orkumálum. Margvísleg tækifæri blasa við,“ segir Guðni A. Jóhannesson en Össur Skarphéðinsson iðnaðarráðherra réð hann í gær orkumálastjóra.

Guðni hóf störf í gær en hann er skipaður til fimm ára. „Það eru mikil tækifæri á ýmsum sviðum í orkugeiranum. Ég hef lengi haft áhuga á orkumálum. Ég hef unnið að þeim bæði hér á Íslandi og erlendis. Á næstunni er útlit fyrir að við förum að horfa til olíuleitar og það er auðvitað nýtt fyrir okkur,“ segir Guðni.

Frá því árið 1990 hefur Guðni starfað í byggingartæknideild Konunglega verkfræðiháskólans í Stokkhólmi. Síðastliðin þrettán ár hefur hann veitt deildinni forstöðu og borið ábyrgð á rekstri hennar og rannsóknarstarfi. Níu sóttust eftir starfi orkumálastjóra en þrír þeirra voru kvaddir til sérhæfðra viðtala.



**GUÐNI A. JÓHANNESSON** Orkumál eru í brennidepli.

Í tilkynningu frá iðnaðarráðuneytinu vegna ráðningar Guðna segir að það sé mat ráðuneytisins að Guðni sé hæfastur allra umsækjenda, einkum vegna menntunar og langrar reynslu af þverfaglegum viðfangsefnum á sviði orkumála.

Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir aðstoðarorkumálastjóri hefur beðið iðnaðarráðherra að rökstyðja ráðninguna og íhugar að leita til umboðsmanns Alþingis. Hún telur sig bæði hafa meiri menntun og reynslu á sviði stjórnsýslu og orkumála heldur en Guðni.

- mh

Færri á höfuðborgarsvæðinu:

## Póstkössum fækkar um 36

**FJARSKIPTI** Póstkössum á höfuðborgarsvæðinu fækkar úr 126 í 90 vegna endurskipulagningar hjá Íslandspósti. „Einstaka kassar eru teknir niður vegna ítrekaðra skemmdarverka,“ segir Ágústa Hrund Steinarsdóttir hjá Íslandspósti um ástæður fækkunarinnar. „En aðalástæðan er sú að þeir voru lítið notaðir.“

Þá hanga skilti nú þar sem áður hengu kassar og vísa þau veginn að næsta póstkassa eða pósthús.

Póstsendendur geta nálgast nánari upplýsingar hjá þjónustuveri Íslandspósts eða á vefnum www.postur.is

- ovd

## AÐ UTAN



Frakkland:

### Hreint loft með reykingabanni

Ferskt loft þykir dálítið nýstárlegt á kaffihúsum, krám og veitingastöðum í Frakklandi. Með nýju ári gekk þar í gildi reykingabann alls staðar nema á einkaheimilum og á götum úti, og vék þá reykingastybban fyrir ferska loftinu.

Írak:

### 32 fórust í sjálfsvígstilraun



Að minnsta kosti 32 menn fórust þegar sjálfsvígsárásarmaður sprengdi sig í loft upp í austurhluta Bagdad í gær þar sem fólk hafði safnast saman til að syrgja fyrrverandi herforingja, sjíta sem myrtur var í síðustu viku. Þessir tveir menn voru nánast yfirbugaðir af sorg þegar þeir sóttu jarðneskar leifar ættingja síns á sjúkrahús.

Írak:

### Lögreglukonur útskrifast

Þessar vígalegu konur útskrifuðust úr lögregluskóla í Karbala í Írak á gamlársdag. Þær fá flestar það hlutverk að sinna líkamsleit á konum við innganginn að helgum stöðum í landinu.



# Fjármálaeftirlitið heldur gjöfunum

**Lykilstarfsmenn Fjármálaeftirlitsins sjá ekki ástæðu til að skila gjöfum frá Kaupþingi, banka sem það hefur eftirlit með, þrátt fyrir reglur eftirlitsins. Forstjórinn hefur ánafnað starfsmannasjóði stofnunarinnar sitt rauðvín.**

**EFTIRLIT** Fjármálaeftirlitið mun halda rauðvínsflöskunum sem Kaupþing banki sendi þeim fyrir jólin, þrátt fyrir að í reglum um Fjármálaeftirlitið standi að starfsmönnum þess sé óheimilt að taka við gjöfum frá eftirlitsskyldum aðilum, svo sem bönkum, umfram það sem viðskiptavinir aðilanna fá almennt.

Talsmaður Fjármálaeftirlitsins (FME), Íris Björk Hreinsdóttir upplýsingafulltrúi, segir að gjafirnar séu taldar innan eðlilegra marka.

„Forstjórinn metur það hverju sinni hvað honum finnst eðlilegt og í þessu tilfelli heimilaði hann starfsfólkinu að taka við þessu,“ segir hún.

„Ákveðnir lykilstarfsmenn“, líklega ekki fleiri en átta talsins, hafi fengið tvær vínflöskur frá bankanum. Nokkrir starfsmenn fengu konfektkassa að auki, en Íris veit ekki frá hverjum súkkulaðið kom.

„Það hafa borist konfektkassar og það fór ekki leynt. Aðrar gjafir höfum við ekki fengið mér vitanlega,“ segir hún. Íris bendir einnig á að það „geti verið til marks um ofurviðkvæmni að skila svona smáræði“.

Jónas Friðrik Jónsson, forstjóri FME, hafi „að sjálfsögðu“ haft reglurnar til hliðsjónar og telji að gjafirnar muni ekki skaða dómgreind starfsfólksins. Hann sjálfur ánafnaði sínar flöskur starfsmannasjóði FME.

Dýrasta rauðvínið í ríkinu, Chateau Mouton Rothschild, kostar 49.900 krónur flaskan, en upplýsingafulltrúinn veit ekki hvaða tegund lykilstarfsmennirnir fengu.

Ekki náðist í Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra í gær, en að sögn aðstoðarmanns hans, Jóns Þórs Sturlusonar, verður málið skoðað í ráðuneytinu, komi í ljós að gjafirnar hafi verið óeðlilegar.

klemens@frettabladid.is



**JÓNAS FR. JÓNSSON** Forstjóri Fjármálaeftirlitsins telur að rauðvínið skerði ekki dómgreind starfsmanna og ákvað að ánafna sitt vín starfsmannasjóðnum.



**RAUÐVÍN** Dýrasta rauðvínið í ríkinu kostar tæpar 50.000 krónur flaskan. Ekki fylgir sögunni hvernig rauðvín Fjármálaeftirlitið fékk í jólagjöf.

### REGLUR UM GJAFIR OG FLEIRA

**1. grein: Markmið reglnanna.**
Reglum þessum er ætlað að tryggja hlutlægni við úrlausn verkefna Fjármálaeftirlitsins og koma í veg fyrir hagsmunaárekstra eða að hagsmunatengsl myndist.
Stjórnarmenn, forstjóri og starfsmenn skulu ekki stunda viðskipti sem gætu með réttu gefið tilefni til tortryggni að því er varðar meðferð trúnaðarupplýsinga eða trúverðugleika Fjármálaeftirlitsins. [...]
**3. grein: Samskipti við eftirlitsskylda aðila**
[...]Stjórnarmönnum, forstjóra og starfsmönnum er óheimilt að taka við gjöfum eða annarri ívilnun frá eftirlitsskyldum aðilum sem ekki eru veittar viðskiptamönnum almennt og eðlilegar geta talist.



**Í HÓLMAVÍK** Sjómenn á smábátum hafa undirritað sinn fyrsta kjarasamning.

Smábátasjómenn:

## Fyrsti samningurinn í höfn

**SJÁVARÚTVEGUR** Fulltrúar Landssambands smábátaeigenda og sjómannasamtakanna undirrituðu kjarasamning um kaup og kjör sjómanna á smábátum nýlega. Samningurinn markar tímamót í sögu smábátaeigenda þar sem hann er sá fyrsti í sögu landssambandsins. Áður höfðu verið gerðir samningar í Bolungarvík og Ísafirði, en nú er kominn á samningur sem nær til allra smábátaeigenda og sjómanna sem róa hjá þeim.

Þá hefur verið bent á að hér er um að ræða fyrsta samninginn milli atvinnurekenda og launþega sem gerður er í þeirri samningalotu sem nú er hafin.

- shá

## BANDARÍKIN

### Vegabréfsáritanir hækka

Umsóknargjöld fyrir vegabréfsáritanir til Bandaríkjanna hafa nú hækkað úr 100 í 131 Bandaríkjadal. Í fréttatilkynningu frá bandaríska sendiráðinu á Íslandi kemur fram að gjöld vegna öryggisráðstafana, upplýsingakerfa og verðbólgu hafi stuðlað að hærri kostnaði.

## LÖGREGLUFRÉTT

### Sofnaði undir stýri

Tveir bílar lentu saman á Hvalfjarðarvegi um klukkan sjö í gærmorgun með þeim afleiðingum að þeir eyðilögðust báðir og ökumenn hlutu minni háttar meiðsl. Að sögn lögreglunnar í Borgarnesi sofnaði ökumaður annars bílsins með fyrrgreindum afleiðingum.


**Kvöldskóli** Iðnskólans í Reykjavík – vorönn 2008

Innritun í kvöldskóla Iðnskólans í Reykjavík stendur yfir á netinu, **www.ir.is** (Námsframboð – Kvöldnám)

Aðstoð við innritun verður í matsal skólans, miðvikudaginn 2. og fimmtudaginn 3. janúar frá kl. 17:00–18:30.

Allar nánari upplýsingar á www.ir.is
Kennsla hefst **miðvikudaginn 9. janúar.**

IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK


Ársaflinn við Ísland 2007:

## Aukning í afla

**SJÁVARÚTVEGUR** Fiskistofa áætlar að heildarafli íslenskra skipa á árinu 2007 verði 1.401 þúsund lestir sem þýðir 78 þúsund lesta aukningu ársafla frá fyrra ári. Afli ársins 2006 var 1.323 þúsund lestir.

Áætlað er að botnfiskafli hafi minnkað milli ára um 30 þúsund lestir en afli uppsjávartegunda hafi aukist um 104 þúsund lestir. 24 þúsund lestum minni þorskafli innan íslensku lögsögunnar 2007 vegur þyngst í samdrætti botnfiskafla frá fyrra ári. Aukning í uppsjávarafla var hinsvegar mest í loðnu en síldarafli jókst líka. Sérstaka athygli vekur mikill makrílafli íslenskra skipa á árinu sem er að líða.

Mestur var ársaflinn 1997 eða 2.199 þúsund lestir.

- shá



**LÖNDUN Á REYÐARFIRÐI** Landaður afli var meiri á síðasta ári en 2006.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Kraftmikil vetrardagskrá









## 8 vikna námskeið
**hefjast 7. janúar**

## KONUR ÁTAK

## KARLAR ÁTAK

## PEAK PILATES
- 1. og 2. stig
- takmarkaður fjöldi

## MÖMMUTÍMI
- Nýbakaðar mæður með börnin með

## ROPE YOGA
- takmarkaður fjöldi

## JÓGANÁMSKEIÐ

## MEÐGÖNGUJÓGA
- takmarkaður fjöldi

## HERÞJÁLFUN
- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

## TAI CHI

## 12 vikna námskeið
**hefjast 14. janúar**

## LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ
- Fyrir konur

**Aðgangur að Laugardalslaug, Lágafellslaug, Sundlaug Seltjarnarness, tækjasölum og opnum tímum fylgir ofangreindum námskeiðum.**

## SPORTSKÓLI WORLD CLASS
Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára.
**Hefst 19. janúar**

## DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS
Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Break, Freestyle og barnadansar.

## SHOKK
Heilsurækt fyrir börn og unglinga, 8 til 15 ára.

**Skráning í Laugum og Seltjarnarnes í síma 553 0000, í Spönginni í síma 553 5000 og í Mósfellsbæ í síma 5667888**

**Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is**

**Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 2. janúar sjá www.worldclass.is**

World Class® ICELAND

Sími 553 0000

Laugar - Spöngin - Hús Orkuveitunnar - Seltjarnarnes - Kópavogur - Hafnarfjörður - Mosfellsbær

www.worldclass.is



**HENGDIR Í ÍRAN** Þrettán manns voru hengdir í gær í Íran, þar á meðal móðir tveggja ungra barna sem hlaut líflátsdóm fyrir að hafa myrt eiginmann sinn, sem hafði haldið framhjá henni. Mennirnir þrír á myndinni eru sagðir hafa verið eiturlyfjasmyglarar. NORDICPHOTOS/AFP

Tveir bandarískir vísindamenn rannsökuðu sannleiksgildi sjö kerlingabóka:

# Óþarfi að drekka átta vatnsglös

**HEILSA** Lestur við litla birtu hefur ekki slæm áhrif á augun. Ekki er heldur þörf á því að drekka átta vatnsglös á dag til að viðhalda heilsunni, og hár vex ekki hraðar eftir að það er rakað. Þessar kerlingabækur eru meðal þeirra sjö sem eru afsannaðar í jólaútgáfu British Medical Journal.

Greinina skrifa tveir bandarískir vísindamenn, sem rannsökuðu sjö vinsælar kreddur til að komast að sannleiksgildi þeirra. Þeir fundu engan vísindalegan grundvöll fyrir neinni þeirra.

Samkvæmt niðurstöðum vísindamannanna bendir ekkert til þess að við notum aðeins tíu prósent af heilanum, þvert á móti sýna myndir að ekkert svæði í heilanum er óvirkt. Hár og neglur halda ekki áfram að vaxa eftir dauða, heldur lítur aðeins út fyrir það þegar húðin þornar og skreppur saman.

Þeir komust einnig að því að engin hætta stafar af notkun farsíma á sjúkrahúsum, þrátt fyrir að notkun þeirra sé bönnuð þar víða um heim.

Síðasta mýtan sem vísindamennirnir rannsökuðu er ekki algeng hér á landi, en hún segir að maður verði syfjaður af kalkúnaáti. Ekkert var til í því. - sþs



**VATN** Enginn vísindalegur grundvöllur er fyrir því að innbyrða þurfi átta vatnsglös á dag til að viðhalda góðri heilsu.

Hert á tóbaksvörnum:

## Reykingabann rætt í Tyrklandi

**TYRKLAND, AP** Löndum þar sem reykingum er úthýst með lögum fjölgar óðum. Nú stefnir í að Tyrkland bætist í þann hóp. Á tyrkneska þinginu er til umfjöllunar stjórnarfrumvarp, sem kveður á um að það bann sem þegar er í gildi í strætisvögnum, flugvélum og á stærri skrifstofum verði fært út til allra opinberra staða innandyra, þar með talinna veitingastaða, kaffi- og öldurhúsa.

Þess er vænst að atkvæði verði greidd um frumvarpið á næstu dögum. Recep Tayyip Erdogan forsætisráðherra og flokkur hans styðja frumvarpið og því er nær gefið að það verði að lögum. - aa

Fjárhagsáætlun Akraness:

## Samþykktu nýja sundlaug

**AKRANES** Ný innisundlaug og nýtt húsnæði fyrir bókasafn er á meðal þess sem bæjarstjórn Akraness samþykkti við afgreiðslu fjárhagsáætlunar fyrir árið 2008.

Innisundlaugin verður byggð að Jaðarsbökkum, þar sem fyrir er útisundlaug. Hún verður 25 metra löng og átta brauta.

Þá var samþykkt að gera ráð fyrir fjármunum fyrir nýtt húsnæði bóka-, héraðsskjala- og ljósmyndasafns Akraness. - þeb

**STJÓRNSÝSLA**

### Nýtt ráðuneyti

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið tók til starfa 1. janúar 2008 við sameiningu sjávarútvegsráðuneytis og landbúnaðarráðuneytis. Aðsetur þess er á Skúlagötu 4, þar sem sjávarútvegsráðuneytið var til húsa.

Hafnarfjarðarbær fagnar 100 ára afmæli á næsta ári:

## Miklar framkvæmdir fram undan

**HAFNARFJÖRÐUR** Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðar fyrir næsta ár hefur verið tekin til fyrri umræðu í bæjarstjórn. Gert er ráð fyrir miklum framkvæmdum á næsta ári. Lokaframkvæmdir verða við nýja sundmiðstöð, framkvæmdir verða við íþróttamiðstöðina í Kaplakrika og við leikskóla og grunnskóla.

Umfangsmikil gatnagerð verður á Völlum og á nýjum iðnaðar- og atvinnusvæðum í Hellnahrauni og Kapelluhrauni. Umhverfi Lækjarins frá Hverfisgötu að Strandgötu verður lagað, haldið áfram með gerð strandstígs við Norðurbakkann og lokið við nýtt útisvæði og torg við Byggðasafnið.

Hafnarfjarðarbær á 100 ára afmæli á næsta ári og verður með menningardagskrá allt árið, að sögn Steinunnar Þorsteinsdóttur upplýsingafulltrúa, sem nær hámarki í byrjun júní. Í tilefni afmælisins verður lokið endurbótum á sýningar- og móttökuhúsi bæjarins, unnið að endurbótum á Hellisgerði og uppbyggingu útivistarsvæðis við Hvaleyrarvatn.

Seinni hluta næsta árs verður lokið við endurbyggingu dælustöðvar. Þá verður smíðaður 6.000 tonna vatnsmiðlunargeymir við Kaldárselsveg og rannsóknarholur boraðar. Gert er ráð fyrir nýjum langtímalánum vegna átaks í kaupum á leiguíbúðum.

Heildareignir samstæðunnar eru um 33,3 milljarðar í árslok 2008 og skuldir tæpir 26 milljarðar. Veltufé frá rekstri er tæplega 1,7 milljarðar króna eða um tólf prósent af heildartekjum. - ghs



**AFMÆLISDAGSKRÁ OG FRAMKVÆMDIR** Hafnarfjarðarbær á 100 ára afmæli á næsta ári og verður með viðamikla afmælisdagskrá auk þess sem miklar framkvæmdir verða í bænum, ekki síst í miðbænum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILLI

Rannsóknir í sjávarútvegi:

## Auka rannsóknir fyrir 90 milljónir

**MENNTAMÁL** Samningur um samstarf á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi var undirritaður nýlega á milli Háskólans á Akureyri og LÍÚ. Samningurinn er til þriggja ára.

Meginmarkmið samningsins er að styrkja forystuhlutverk HA á sviði menntunar og rannsókna í sjávarútvegi. Lögð verður áhersla á að fjölga nemendum sem leggja stund á nám í sjávarútvegsfræði. Sérstaklega verður horft til viðhorfs og þarfa atvinnugreinarinnar.

Til að ná þessum markmiðum leggur LÍÚ fram 45 milljónir króna á þremur árum. Menntamálaráðuneyti leggur fram jafnhá viðbótarframlög til HA í sama tilgangi. Skipuð verður verkefnisstjórn til að hafa umsjón með framgangi samningsins. - shá





# útsala

BOSS
HUGO BOSS

BOSS | KONUR | MENN
KRINGLUNNI 533 4242

## Svona erum við

> Fjöldi ökutækja árið 2006




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

**baksvið**
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** FLUGELDAR

# *Meira en 1000 ára gömul uppfinning*

**Hvaðan koma flugeldar?**
Kínverjar voru fyrstir til að þróa flugelda fyrir um þúsund árum. Kom þróun þeirra í kjölfar uppfinningar á púðri sem upphaflega var gert úr viðarkolum, brennisteini og saltpétri. Við bruna púðursins eru viðarkolin og brennisteinninn eldsneytið. Saltpéturinn gefur stóraukið súrefni svo blandan verður mun eldfimari en ef hún þyrfti aðeins að nota súrefni úr andrúmsloftinu. Við bruna púðurs myndast hiti og ljós og þá verður sprenging.

**Hver var þróunin?**
Önnur og kraftmeiri efni eru notuð til flugeldaframleiðslu í dag. Þar má nefna sterkju, sykur og efni úr jarðolíu sem eldsneyti og kalíumklórat í stað saltpéturssýru. Þá hefur litum flugelda fjölgað úr einungis hvítum, gulum og appelsínugulum fyrir nítjándu öldina til þess sem við þekkjum í dag.



**Hvernig virkar svo púðrið í flugeldunum?**
Flugeldar eru yfirleitt búnir til með tveimur aðskildum hólfum. Í öðru þeirra er gróft púður sem nýtist til að skjóta flugeldinum á loft en hitt inniheldur fínna púður sem springur þegar flugeldurinn er kominn á loft. Þá eru einnig í seinna hólfinu efni sem mynda liti þegar þau hitna. Kveikiþráðurinn liggur fyrst um fyrra hólfið með grófa púðrinu sem þá brennur hratt án þess að springa. Við brunann myndast heitt gas sem þrýstist út um lítið rör neðst á flugeldinum. Við það þrýstist hann í loft upp vegna lyftikraftsins sem myndast.
Þegar flugeldurinn þýtur upp í loftið brennur annar kveikiþráður sem kveikir þá í fínna og þéttpakkaðra púðri í seinna hólfinu. Við það verður sprenging en mismunandi liti má fá fram með því að setja ýmiss konar málmflögur út í púðrið. Dæmi um þær eru ál, járn, stál, sink eða magnesín auk málmsalta á borð við koparklóríð, kalsínklóríð eða barínklóríð.

**Heimild: Vísindavefurinn**

## SPURT & SVARAÐ
NÝJAR ÍBÚÐIR FYRIR GEÐFATLAÐA

# *Vægast sagt slæmt ástand*

Félagsmálaráðherra hefur undirritað samning við hússjóð Öryrkjabandalagsins um kaup á fimmtán íbúðum í Reykjavík fyrir geðfatlaða. Yfir 100 geðfatlaðir eru húsnæðislausir, að sögn Sveins Magnússonar, framkvæmdastjóra Geðhjálpar.

**Hvernig er ástandið?**
Það er slæmt en stefnir í betri mál.

**Hversu slæmt er það?**
Það er vægast sagt slæmt þegar rúmlega 100 eru á götunni og allt geðfatlaðir einstaklingar. Menn eru reyndar ekki alveg sammála um hve margir þetta eru því að inn í það kemur skilgreining á því hvað geðfötlun er. Geðfötlun er margbreytileg og það er stóra vandamálið. Þú getur hitt geðsjúkan mann í dag í fínu formi en á morgun er hann verr settur en kornabarn því að þá er ástandið orðið svo slæmt.



**SVEINN MAGNÚSSON**
Framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

**Er megnið af vandanum ekki eftir?**
Það er allsendis ekki tekið á þessu nógu heildrænt en félagsmálaráðuneytið ætlar að reyna að stokka þetta upp og taka heildrænna á þessum vanda.

**Hversu miklu máli skiptir húsnæði fyrir geðfatlaða?**
Það skiptir öllu. Við eigum auðvelt með að setja okkur í spor þessa fólks ef við veltum fyrir okkur hvað gerist með okkar geðheilsu ef höfum ekki þak yfir höfuðið. Hvað verður um geðheilsu ef við missum vinnuna?

# Prófraun fyrir lýðræði í

**Stjórnmál í Pakistan hafa verið í uppnámi síðan Benazir Bhutto, leiðtogi stærsta stjórnmálaflokks landsins, var myrt fyrir viku. Ákveðið hefur verið að fresta um sex vikur þingkosningunum sem halda átti 8. janúar.**

Stjórnvöld í Islamabad tilkynntu í gær þá ákvörðun að vegna morðsins á Bhutto og ólgunnar sem það hefur skapað verði kjördagur hinn 18. febrúar í stað 8. janúar. Talsmenn stjórnarandstöðunnar, þar á meðal flokks Bhutto, fordæmdu ákvörðunina en sögðust þó ekki munu sniðganga kosningarnar.

Að sögn Nabeel Gabol, talsmanns framkvæmdastjórnar Þjóðarflokks Pakistans, flokks Bhutto, álítur flokkurinn að ríkisstjórninni sé ekki alvara með að ætla að halda frjálsar og sanngjarnar kosningar. Engu síður muni Þjóðarflokkurinn taka þátt í þeim.

Hinn helzti stjórnarandstöðuflokkurinn, sem Nawaz Sharif, fyrrverandi forsætisráðherra, fer fyrir, tók líka af skarið með það í gær að hann myndi heldur ekki sniðganga kosningarnar þrátt fyrir óánægju með frestunina. „Við munum ekki eftirláta flokki konungsins völlinn undir neinum kringumstæðum,“ sagði Ahsan Ikbal, talsmaður flokksins, og vísaði með þessum orðum sínum til stjórnarflokksins sem stendur að baki Pervez Musharraf, forseta og fyrrverandi yfirmanni hersins.

**Frestun sögð í þágu stjórnarflokks**
Talsmenn stjórnarandstöðunnar sögðust telja að stjórnarflokkurinn byndi vonir við að frestunin kæmi sér til góða, þar sem búast mætti við að svo skömmu eftir morðið á Bhutto fengi flokkur hennar ófá samúðaratkvæði. Stjórnarflokkurinn gæti jafnvel goldið afhroð. Bhutto hafði opinberlega sakað vissa aðila innan hans um að leggja á ráðin um að myrða sig, en þeirri aðdróttun vísa talsmenn flokksins staðfastlega á bug.

Reiðin sem upp gaus meðal stuðningsmanna Bhutto við morðið á henni varð til þess að til heiftarlegra götuóeirða kom víðs vegar um landið. Þau stóðu yfir í þrjá sólarhringa og kostuðu 58 manns lífið. Eignatjón varð gríðarlegt. Heimahérað Bhutto, Sindh, varð sérstaklega illa úti. Tíu kosningaskrifstofur voru brenndar til grunna.

Qazi Mohammed Farooq, formaður yfirkjörstjórnarinnar, sagði óeirðirnar hafa gert það ómögulegt að halda kosningarnar á tilsettum

## BROKKGENG LÝÐRÆÐISÞRÓUN Í PAKISTAN




**1979:** Í kjölfar innrásar Sovétmanna í Afganistan dæla Bandaríkjamenn hernaðar- og fjárhagsaðstoð til Pakistans og styðja íslamska skæruliða, þar á meðal Osama bin Laden, í stríðinu við Sovétmenn.

**1985:** Bandaríkjaþing samþykkir lög sem heimila refsiaðgerðir gegn Pakistan vegna kjarnorkuvígbúnaðaráætlunar. Ríkisstjórn Ronalds Reagan forseta fylgir lögunum ekki eftir.

**1987:** Pakistönum tekst að smíða kjarnorkusprengju en gera engar tilraunasprengingar að sinni.

**1988:** Hershöfðinginn og einræðisherrann Zia ul Haq deyr er þyrla hrapar. Borgaraleg stjórn tekur við eftir 11 ára herstjórn. Benazir Bhutto verður forsætisráðherra, fyrst kvenna í múslimaríki.

**1990:** George H.W. Bush Bandaríkjaforseti beitir Pakistan efnahagsþvingunum vegna kjarnorkuvopnaáætlunar.

**1998:** Pakistanar gera tilrauna-kjarnorkusprengingar eftir að Indverjar gera slíkt hið sama. Bill Clinton Bandaríkjaforseti ákveður viðbótarrefsiaðgerðir.



**1999:** Pervez Musharraf hershöfðingi rænir völdum án blóðsúthellinga.

**2001:** Í kjölfar hryðjuverkanna 11. september hótar Bush forseti að sprengja Pakistan „aftur á steinöld“ styðji Musharraf ekki innrás Bandaríkjamanna í Afganistan.

**2003:** Musharraf sendir hermenn til landamærahéraða til að berjast við íslamska öfgamenn.

**Júlí 2007:** Musharraf skipar hernum að ráðast inn í Rauðu moskuna í Islamabad til að uppræta íslamska öfgahreyfingu, bandamenn talibana.

**Okt. 2007:** Bhutto lifir af sjálfsmorðssprengjutilræði í Karachi – 139 manns deyja.

**3. nóv.-15. des.:** Pakistan rambar á barmi borgarastríðs. Musharraf lýsir yfir neyðarástandi.

**27. des.:** Benazir Bhutto myrt í Rawalpindi.



**2. jan. 2008:** Yfirkjörstjórn ákveður að fresta þingkosningum frá 8. janúar til 18. febrúar.



Umdeild tækni nær aukinni útbreiðslu víða um heim:

# Klónuð kind dafnar vel í Íran

Hópur íranskra vísindamanna skýrði frá því í vikunni að hrúturinn Royana hafi dafnað vel og væri orðinn 15 mánaða gamall. Royana er einræktaður og var borinn í lok september árið 2006.

„Royana er vel heppnað vísindaafrek,“ segir Mohammad Hossein Nasr e Isfahani, yfirmaður Rohan-rannsóknarstöðvarinnar í Isfahan. „Við erum öll stolt af honum. Þessi sauður er afraksturinn af margra ára stofnfrumu-rannsóknum.“

Royana er önnur tilraun íranskra vísindamanna til þess að einrækta dýr, en tveimur mánuðum á undan honum kom í heiminn annað einræktað lamb, sem dó þó innan fárra mínútna. Isfahani segir að á rannsóknarstofunni hafi 30 tilraunir verið gerðar með að einrækta dýr, en einungis tvær þessara tilrauna hafi skilað tilætluðum árangri.

Íran er fyrsta landið í Mið-Austurlöndum sem náði þeim áfanga að einrækta dýr. Í september síðastliðnum fylgdi Tyrkland í kjölfarið þegar þar fæddist einnig einræktuð kind.

Á þessu ári verða tólf ár frá því vísindamönnum tókst fyrst að einrækta dýr. Kindin Dolly, sem breskir vísindamenn bjuggu til árið 1996, tórði í heil sex ár.

- gb



**HRÚTURINN ROYANA** Íranskir vísindamenn eru stoltir af einræktaða hrútnum sem hefur lifað í 15 mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Pakistan

tíma. „Undirbúningur kosninganna stöðvaðist algerlega í nokkra daga,“ tjáði hann fréttamönnum. Því yrðu þær haldnar 18. febrúar í stað 8. janúar.

Talat Masood, óháður stjórnmálaskýrandi, sagðist telja að frestunin væri fyrst og fremst pólitík. „Vandamálin við framkvæmd kosninganna takmarkast við fáein umdæmi. Musharraf telur náttúrlega að verði þingmeirihluti kjörinn sem sé andsnúinn sér eigi hann ekki mikla framtíð fyrir sér,“ hefur AP eftir Masood.

Ahsan Ikbal, áðurnefndur talsmaður flokks Sharifs, ítrekaði kröfu sína um að Musharraf segði af sér. „Við munum halda áfram að reyna að fá alla flokka til að taka höndum saman um að þvinga Musharraf frá völdum og að koma á fót hlutlausri bráðabirgðastjórn,“ sagði hann.

Talsmaður stjórnarflokksins, Tarik Azim, vísaði því á bug að frestun kæmi flokknum til góða.

Frá því Bhutto var myrt hefur dunið gagnrýni á stjórnvöldum fyrir að tryggja öryggi hennar ekki betur. Ráðamenn í Islamabad halda því fram að Baitulla Mehsud, leiðtogi uppreisnarhóps íslamista í héraðinu Suður-Waziristan nærri landamærunum að Afganistan, hafi staðið á bak við morðið á Bhutto. Mehsud hefur hins vegar neitað því.

**Sharif eygir tækifæri**

Bhutto naut vinsælda meðal margra ráðamanna á Vesturlöndum þar sem hún var bæði frjálslyndur múslimi og reiðubúin að tala tæpitungulaust gegn öfgaöflum. En stjórnmálaskýrendur í Pakistan hafa blendnari sýn á arfleifð hennar og benda á að í þau tvö skipti sem hún fór fyrir ríkisstjórninni á níunda og tíunda áratugnum var hún sökuð um spillingu og óskilvirka stjórnarhætti.

Þrátt fyrir fráfall hinnar vinsælu Bhutto er talið fullvíst að flokkur hennar vinni afgerandi sigur í þingkosningunum. En þar sem forysta flokksins hefur nú verið falin í hendur nítján ára sonar hennar og ekkilsins Asif Ali Zardari til bráðabirgða kann Nawaz Sharif, sem eins og Bhutto var tvisvar forsætisráðherra áður en hann hraktist í útlegð fyrir átta árum, að verða í lykilstöðu eftir kosningarnar. Fyrir morðið hafði Sharif unnið að því að stjórnarandstöðuflokkarnir mynduðu bandalag gegn Musharraf og hans mönnum. Hann hefur haldið þeirri vinnu áfram eftir fráfall hennar.

Sem stjórnmálamaður er Sharif hins vegar mjög frábrugðinn Bhutto. Hann er upprunalega skjólstæðingur einræðisherrans Zia ul Haq, sem lét hengja föður Benazir Bhutto, og hefur aldrei látið ströng orð falla um íslamista. Stjórnartíð hans 1990-1993 og 1997-1999 þótti einkennast af popúlískum stjórnarháttum.



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

„Lífið er eins og talnalás, ef þú ert með réttu tölurnar skiptir engu máli hver þú ert. Lásinn opnast!“

Hver er þinn æðsti draumur?



Jack Canfield kennir lögmál sigurgöngunnar á dagsnámskeiði í Háskólabíói laugardaginn 2. febrúar

Jack Canfield er stofnandi og stjórnarformaður Canfield Training Group í Santa Barbara í Kaliforníu. Fyrirtækið þjálfar athafnamenn, kennara, forstjóra fyrirtækja og fleiri til að ná persónulegum og starfstengdum árangri á stuttum tíma.

Margir Íslendingar þekkja Jack Canfield úr kvikmyndinni „The Secret“ og samnefndri bók sem hefur farið sigurför um allan heim. Hann er einn af allra eftirsóttustu fyrirlesurum heims.

Athugið að mörg stéttarfélög endurgreiða félagsmönnum sínum námskeiðsgjaldið að hluta eða í heild.

Miðasala hefst 1. janúar
á www.newvision.is




Gerðu 2008 að tímamótaári í lífi þínu!
Komdu á námskeið Jack Canfields
í Háskólabíói þann 2. febrúar kl. 9.30-16.30

newvision


Fjárh
hei
skiptir
DYNAMO REYKJAVIK

agsleg
lsa þín
öllu máli!

Byrjaðu á **byr.is**
– kannaðu fjárhagslega heilsu þína
og komdu með í ræktina!

BYR
SPARISJÓÐUR

## Kjarni málsins

> Fjöldi nemenda í fjölmennustu framhaldsskólunum árið 2006




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

# menntun

*nám, fróðleikur og vísindi*

**NEMANDINN:** ÞÓRHILDUR ÓLAFSDÓTTIR, MEISTARANEMI Í KYNJA- OG FJÖLMIÐLAFRÆÐI

## *Kannar hvernig kynin birtast í fjölmiðlum*

Þórhildur Ólafsdóttir hóf nám á meistarastigi í kynja- og fjölmiðlafræðum við háskólann í Sussex á Englandi í haust. Hún útskrifaðist með BA-próf í bókmenntafræði frá Háskóla Íslands árið 2004 en hefur unnið við fjölmiðla í þrjú ár, bæði á prent- og ljósvakamiðlum. „Ég hafði alltaf hug á því að fara í meistaranám en átti lengi erfitt með að ákveða hvað ég ætti að læra. Ég hef mikinn áhuga á jafnréttismálum og leist því strax vel á þetta nám þegar ég frétti af því, enda sameinar það bæði áhugasvið mitt og vinnu. Ég vissi að minnsta kosti að mér myndi ekki leiðast.“



Þórhildur segist hafa heillast af kynjafræði því hún snertir margar hliðar samfélagsins. „Kynjafræði er meðal annars runnin undan rifjum félagsfræði, mannfræði og sálfræði; þetta er víðfeðm fræðigrein sem hægt er að fara með í allar áttir. Ég kaus að blanda henni saman við fjölmiðlafræði, fjölmiðlar hafa jú mikil áhrif á hvernig við upplifum samfélag okkar. Ég hef áhuga á að rannsaka birtingarmyndir kynjanna í fjölmiðlum, hvaða drifkraftur býr að baki og hvaða áhrif það hefur á neytandann.“

Sem stendur er Þórhildur að skrifa stutta námskeiðsritgerð þar sem hún ber saman framgang kvenna í breska ríkisútvarpinu á fyrstu árum þess og í því íslenska. „Ég hef meðal annars áhuga á að skoða hvers konar þættir voru gerðir, hvort þeir höfðuðu til kvenna og hvort það hafi verið gerðir sérstakir kvennaþættir.“

Þórhildur stefnir að útskrift næsta haust og er farin að viða að sér hugmyndum fyrir lokaverkefnið. „Ég er ekki í nokkrum vafa um að þetta nám eigi eftir að nýtast mér, hvernig á eftir að koma í ljós. Ég bíð bara þar til atvinnutilboðunum fer að rigna yfir mig,“ segir Þórhildur glettnislega.

■ **Háskólinn á Akureyri**

## Sólborg stækkar



Gert er ráð fyrir að framkvæmdir við 4. áfanga á Sólborg hefjist á næstu mánuðum en menntamálaráðuneyti og bygginganefnd Háskólans á Akureyri hafa ákveðið að taka tilboði frá Tréverki ehf. við þá byggingu.

Í áfanganum er gert ráð fyrir hátíðarsal, fyrirlestrarsölum, smærri kennslurými, bílastæði og háskólatorgi. Verkinu á að ljúka sumarið 2010.

Fjögur tilboð höfðu borist í verkið í september, en þeim var öllum hafnað. Tilboð Tréverks ehf. hljóðaði upp á 620.736.706 kr, sem er 120,31 prósent af kostnaðaráætlun.

■ **Bókaútgáfa**

## Leikskóli fyrir alla

Leikskóli fyrir alla eftir Berg Felixson kom út í desember. Þar er rakin saga leikskóla Reykjavíkurborgar á árunum 1975 til 2005.

Bergur var framkvæmdastjóri Leikskóla Reykjavíkur til ársins 2005, en þegar hann lét af störfum tók hann að sér að skrá sögu leikskólanna þau þrjátíu ár sem hann starfaði sem framkvæmdastjóri þeirra. Í bókinni er komið víða við; fjallað um pólitísk átök, stjórnkerfisbreytingar, uppbyggingu í faglegu starfi leikskólanna og breytingar á löggjöf og umgjörð leikskólastarfsins. Bókin er hátt í 100 síður og prýdd mörgum skemmtilegum myndum úr leikskólastarfi í borginni.



Þegar bókin kom út, 5. desember, var hún afhent Degi B. Eggertsyni borgarstjóra og Elsu Smáradóttur, formanni leikskólaráðs.




# Bókaormar verðlaunaðir af evrópska skólanetinu

**Íslenski menntavefurinn Bókaormar BarnUng hlaut nýverið verðlaun Evrópska skólanetsins „eLearning Awards“. Vefurinn er vinnusvæði fyrir nemendur og er tilgangurinn að fá nemendur til að lesa fleiri bækur og tjá sig um þær.**



**HÖFUNDAR BÓKAORMA BARNUNG** Torfi Hjartarson og Þorbjörg St. Þorsteinsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Menntavefurinn Bókaormar BarnUng er á vegum Kennaraháskóla Íslands en þar geta kennarar, nemendur, foreldrar og aðrir áhugasamir stofnað bókaorma. Í bókaormana geta svo nemendur skráð þær bækur sem þeir eru að lesa. Auk þess að ská heiti bókanna eiga börnin að lýsa söguþræði þeirra, segja skoðanir sínar á þeim, gefa þeim einkunn og dóma.

Ormana geta allir lesið en á síðunni má til dæmis kalla fram upplýsingar um titla eða höfunda sem og velja orm af handahófi til að lesa álit barna og unglinga á viðkomandi bók.

Vefurinn er hugsmíð Torfa Hjartarsonar, lektors við Kennaraháskóla Íslands, og Þorbjargar St. Þorsteinsdóttur verkefnastjóra en þau unnu hann í samvinnu við Davíð Einarsson forritara. Þau eru einnig umsjónarmenn vefsins. Torfi segir Bókaorma hafa sprottið upp úr eldra verkefni um barna- og unglingabókmenntir sem hann vann með Þuríði Jóhannsdóttur. Það verkefni kallaðist BarnUng þar sem hugmyndin var að búa til ríkulegt námsumhverfi fyrir kennaranema og starfandi kennara en ekki síður fyrir börn og foreldra.

Þorbjörg kom með þá hugmynd að yfirfæra þetta á algengt þema í grunnskólum þar sem miðar eru settir upp á veggi skólastofunnar. Er þá miði settur á vegginn fyrir hverja bók og þannig raðað upp í orma. Torfi útfærði hugmyndina nánari og teiknaði ormana.

Þær kenningar sem liggja til grundvallar verkefninu eru að netið sé tæki til að styðja við nám nemandans og að námið verði til í samspili milli nemenda og því sé börnunum mikilvægt að sjá verk annarra.

Hver sem er getur stofnað orm. Eitthvað er um það að börn og eða foreldrar hafi stofnað orma en aðallega hafa kennarar séð um slíkt. Skólasöfnin hafa svo einnig bent nemendum á þennan kost.

Notkun vefsins hefur gefist mjög vel. Er hún mest meðal nemenda í fjórða og fimmta bekk en almennt er notkun góð allt frá nemendum á fyrstu árum sem eru að byrja að læra að lesa og skrifa og upp í unglingastigið. Vefurinn hefur einnig gefist vel við tungumálakennslu sem og í Íslenskuskólanum þar sem íslensk börn erlendis hafa verið með sinn eigin orm.

Þróun Bókaorma er sú að til stendur að dýpka verkefnið. Á þá að bæta við þeim möguleika að hafa verkefni tengd ormunum. Þá geta börnin skrifað ýtarlegri texta með hverjum ormi og látið mynd fylgja. Eru Torfi og Þorbjörg að vona að börnin teikni eða finni til myndir. Einnig á að útbúa yfirlitsmöppur svo hver og einn nemandi geti séð sínar bókafærslur og verkefni. Þykir áhugavert að nemendur geti safnað sínum verkum og séð þróun sína í námi.

Verðlaunaafhendingin fór fram í Brussel þar sem þrjátíu verkefni voru valin úr hundrað tilnefningum. Var verðlaunahöfum skipt í flokka og hlutu Bókaormar verðlaun í „eSafety“ flokknum fyrir netöryggi. Sagði í dómi um verkefnið að það væri afar aðlaðandi og örvandi fyrir unga nemendur til að tjá sig á netinu. Nefndi Derrick de Kerckhove, formaður dómnefndarinnar, Bókaorma sérstaklega í ræðu sinni og sagði að vefsíðan hvetti börn og unglinga mjög til að tjá sig í rituðu máli.

Verkefnið var styrkt af RANNÍS, Þróunarsjóði grunnskólanna og Minningarsjóði Margrétar Björgólfsdóttur. **olav@frettabladid.is**

Fyrsta íslenska bókin um fjölmenningu sérstaklega hugsuð fyrir kennara og nema:

# Nýr veruleiki fjölmenningar

Í bókinni Fjölmenning á Íslandi er gerð tilraun til að skýra þann nýja veruleika sem Íslendingar búa við með fjölmenningarlegu samfélagi. Hún er sérstaklega ætluð kennurum, kennaranemum, öðrum háskólanemum og fræðimönnum.

„Samfélagið okkar er að breytast. Það eru fjölbreyttari hópar fólks í skólum landsins,“ segir Elsa Sigríður Jónsdóttir, lektor í uppeldisgreinum við Kennaraháskóla Íslands og einn ritstjóra bókarinnar.

„Við þurfum að leitast við að mennta þessi börn og unglinga alveg jafn vel og aðra, svo þau geti staðið jafnfætis öðrum Íslendingum, svo þau verði ekki minni máttar í okkar samfélagi.“



**FJÖLMENNING** Miklu skiptir hvort litið er á nýja Íslendinga sem góða viðbót eða vandamál. FRÉTTABLAÐIÐ/PÖK

Hún segir miklu skipta hvort litið sé á nýja Íslendinga sem góða og skemmtilega viðbót við skólastarfið, eða hvort litið sé á þá sem vandamál. Kennarar verði þó að taka tillit til mismunandi menningar og aðstæðna fólksins sem komið er hingað til lands.

„Þessi bók er tilraun til þess að útskýra þennan nýja veruleika sem við búum við,“ segir Elsa. Fjallað er um ýmis hugtök sem máli skipta, svo sem sjálfsmynd, fordóma, tvítyngi og trúarbrögð.

Námsefni á sviði fjölmenningar hefur skort hér á landi, og segir Elsa að hér sé um að ræða fyrstu íslensku bókina fyrir kennara um þetta efni. Erlendar bækur og greinar eigi yfirleitt ágætlega við, en þarna sé gerð tilraun til að setja hlutina í íslenskt samhengi.

**- bj**

# BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR • BÓNUS BÝÐUR BETUR



**808**

## SJÓFRYST ÝSUFLÖK

Sjófryst ýsuflök roðlaus 10% afsláttur **808 kr/kg.**
Merkt verð 898 kr/kg.



**72**

## VATNSMELÓNA

Vatnsmelónur **72 kr/kg.**
Ómissandi í megrunarkúrinn, sérlega vatnslosandi.

100% ÍSLENSKT



**798**

## FERSKT ÍSLENSKT 100% UNGNAUTAHAKK

Ferskt íslenskt 100% ungnautahakk aðeins **798 kr/kg.**




**298**

## HAMBORGARAR & BRAUÐ

Óðals borgarar 4 stk með brauði **298 kr.**




**40% AFSLÁTTUR**

## ÚRBEINAÐUR GRÍSAHNAKKI
Tilbúinn í ofninn

Íslandsgrís helgarsteik á álbakka,
40% afsláttur **1019 kr/kg.** Merkt verð 1698 kr.



**298**

## FROSIN LAMBASVIÐ

KS frosin lambasvið 298 kr/kg.
Merkt verð **398 kr/kg.**

**BÓNUS BÓNUS BÝÐUR BETUR**

*Heimasíða Bónus: www.bonus.is*

# ENGINN ÞJÓNUSTU- 
# VIÐHALDSKOSTNAÐ




ENNEMM / SÍA / NM31471

## ÖLLUM NÝJUM OPEL FYLGIR **OPEL VERND**



**Antara** / Verð frá 3.890 þús. **Vectra** / Verð frá 2.790 þús. **Astra** / Verð frá 1.990 þús. **Corsa** / Verð frá 1.660 þús.

## **OPEL VERND** ER LIÐUR Í ENN B

Með því að láta fylgja með í kaupunum alhliða þjónustu án endurgjalds í þrjú ár viljum við auka þægindi viðskiptavina Opel um leið og við vekjum athygli á vönduðum og góðum bílum sem hafa verið algjörlega endurnýjaðir frá grunni. Í samvinnu við söludeild Ingvars Helgasonar tekur

Ingvar Helgason, Sævarhöfða 2, 525 8000 - Selfossi, Hrísmýri

# EÐA
# UR Á NÝJUM OPEL

ENN BETRI ÞJÓNUSTA
ALLT OPEL VIÐHALD Á OKKAR KOSTNAÐ Í 3 ÁR/60.000 KM

**Opel Antara**
2.0 Dísil sjálfsk. **3.890.000 kr.**



NÝTT Á ÍSLANDI

## OPEL VERND*

NOTALEG ÞRJÚ ÁR ÞÉR AÐ KOSTNAÐARLAUSU

**Öll þjónustuskoðun og allt viðhald**
Þeir sem kaupa nýjan Opel fá alla þjónustuskoðun og allt viðhald sér að kostnaðarlausu í 3 ár eða að 60.000 km.

**Við lánum þér alltaf bíl**
Þegar viðskiptavinir Opel koma með bílinn sinn í þjónustuskoðun eða viðhald fá þeir lánaðan bíl til afnota á meðan.

**30 daga skiptiréttur**
Þeir sem kaupa nýjan Opel hafa 30 daga skiptirétt ef svo ólíklega vill til að bíllinn uppfylli ekki væntingar.

**Endurkaup**
Til að tryggja endanlega þá sem kaupa nýjan Opel lofar Ingvar Helgason besta endurkaupsverði á markaðnum þegar keyptur er næsti nýi bíll hjá umboðinu.

*Nánari upplýsingar um Opel Vernd er að finna á opel.is eða hjá sölumönnum Ingvars Helgasonar ehf.

BETRI ÞJÓNUSTU HJÁ INGVARI HELGASYNI

þjónustudeildin einstaklega vel á móti viðskiptavinum Opel. Þjónustudeildin opnaði á dögunum eitt fullkomnasta og best búna þjónustuverkstæði landsins með yfir 30 vinnustöðvum. Á nýja þjónustuverkstæðinu starfar samheldinn hópur frábærra fagmanna sem hefur að leiðarljósi að veita skjóta og góða þjónustu sem hentar mismunandi þörfum ört vaxandi hóps viðskiptavina.

IH
INGVAR HELGASON

2a, 575 1460 - Akureyri, Óseyri 5, 464 7940 - Reykjanesbæ, Holtsgata 52, 421 8808

## Styðja tilboð

Stjórn OMX-kauphallarsamstæðunnar, sem rekur hlutabréfamarkaði á Norðurlöndunum, þar á meðal í Kauphöll Íslands, og í Eystrasaltsríkjunum, samþykkti í gær að mæla með því að hluthafar taki tilboði eignarhaldsfélags kauphallarinnar í Dubaí. Kaupverð nemur 32 milljörðum sænskra króna, jafnvirði rúmra 313 milljarða íslenskra. Að viðskiptum loknum selur eignarhaldsfélagið bréf sín áfram til bandaríska hlutabréfamarkaðarins Nasdaq samkvæmt samkomulagi. Greitt verður fyrir hlutina með peningum og hlutum í Nasdaq og mun markaðurinn í Dubaí eftirleiðis eiga fimmtungshlut í Nasdaq en samstæðan fá heitið Nasdaq OMX. - jab

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

## *Peningaskápurinn ...*

### Ólafur og Davíð sameinast

Davíð Oddsson seðlabankastjóri hefur hvað eftir annað ítrekað að hægja þurfi á hagkerfinu áður en stýrivextir geti lækkað. Margir kvarta yfir háum stýrivöxtum og Davíð örugglega óþreyjufullur að hefja lækkunarferlið. Ekki hafa margir lagt seðlabankastjóra lið í þessari baráttu þangað til á nýársdag. Þá barst hjálp úr óvæntri átt. Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, lagði sitt þunga lóð á vogarskálina þegar hann sagði: „Þótt við höfum á stundum verið miklir eyðsluseggir, Íslendingar, og sú athafnasemi knúið áfvélar atvinnulífsins kann á komandi árum að vera skynsamlegt að venda sínu kvæði í kross, setja sparnað í öndvegi, gera aðhald og nýtni að aðalsmerki, nota áfram góða hluti í stað þess að kaupa sífellt eitthvað nýtt." Davíð hlýtur að gleðjast yfir því hvað þeir Ólafur Ragnar eru orðnir sammála í efnahagsmálum.



### Hlutabréfatalning

Jón Gnarr gerði 2. janúar ódauðlegan í leikverkinu Einu sinni nörd hér um árið. Hann átti nefnilega afmæli í gær og á sínum yngri árum var 2. janúar vörutalningardagurinn. Engar búðir voru opnar því starfsfólk var að telja birgðir verslana. Þá fékk Jón Gnarr alltaf bensínstöðvardót í afmælisgjöf. Lyktarspjöld og rúðusköfur. Nú var það svo í gær að Kauphöll Íslands var lokuð 2. janúar. Það er eina kauphöllin í hinum vestræna heimi sem er með lokað fyrsta virka dag ársins. Spurning hvort fjárfestar þurfi tíma til að telja verðbréfin í söfnunum sínum? Líklegri skýring er aldagömul þegar bankamenn þurftu að handreikna stöðu bankanna við upphaf árs. Er ekki tími til kominn að breyta því nú á tölvuöld?

### MARKAÐSPUNKTAR

Um áramótin tóku í gildi lög í Noregi sem kveða á um að 40 prósent af stjórnum skráðra fyrirtækja skuli skipað konum eða körlum. Í Financial Times segir að fjöldi fyrirtækja hafi haldið stjórnarfundi milli jóla og nýárs til að uppfylla þessi skilyrði.

Björn Ingi Knútsson, flugvallarstjóri á Keflavíkurflugvelli, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Saltkaupa hf. í Hafnarfirði. Saltkaup á í viðskiptum með salt til framleiðslu sjávarafurða og íseyðingar á götum. Saltkaup selja jafnframt umbúðir, tunnur og íbætiefni fyrir rækju og síld, og fleira.

Við opnun markaða í gær hafði verð á gulli ekki verið hærra í 28 ár. Voru það viðbrögð við væntri veikingu dollars, hækkun á olíu og landbúnaðarvörum í kjölfar verðbólgu.

# Kauphöllin lokuð vegna bankadags

**Mætti endurskoða, segir Þórður Friðjónsson. Ekki steytir á Reiknistofunni, segir Helgi Steingrímsson.**

Komið hefur til tals að breyta út frá þeirri venju að hér séu bankar og sparisjóðir lokaðir á fyrsta virka degi árs hvers. Tæknilega er ekkert því til fyrirstöðu. Engin viðskipti áttu sér stað í OMX Kauphöll Íslands í gær vegna þess að fjármálastofnanir voru lokaðar.

„Allir bankar eru lokaðir og við höfum því ekki séð tilgang í að hafa hér opna kauphöll þó að hún sé opin annars staðar," sagði Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, í gær. „Þetta er nokkuð sem alveg mætti taka til endurskoðunar því annars staðar veit ég ekki til þess að sérstakur bankadagur sé svona í byrjun árs."

Sigurjón Þ. Árnason, bankastjóri Landsbankans, segir lokun bankanna fyrsta virka dag ársins líklega eiga rætur sínar í því að áður fyrr hafi þurft allt að tvo daga í að handreikna vexti. „Þar held ég að finna megi upprunann. En síðan hefur þessari hefð verið haldið við. Þetta er hins vegar vinnudagur þar sem fólk mætir og fer í gegnum plögg sín, tölvupóst og annað og tekur til í kringum sig," segir hann og vísar til þess að svolítið sé þetta eins og vörutalning í verslunum. Sigurjón segir hafa verið rætt að leggja hefðina af, án þess að í því hafi verið nokkuð gert. „En formlega séð bannar stjórnendum banka ekkert að ákveða að hafa opið," segir hann, en telur um leið að slík ákvörðun verði tæpast tekin nema sameiginlega af bönkunum.

Helgi H. Steingrímsson, forstjóri Reiknistofu bankanna, segir að tæknilega sé ekkert því til fyrirstöðu hvað Reiknistofuna varðar að bankar hafi opið fyrsta virka dag ársins. Reiknistofan sé ávallt opin og annist færslur og uppgjör öllum stundum. „Fyrst og fremst er þetta ákvörðunaratriði banka og sparisjóða. Reiknistofan er engin hindrun í því efni," segir hann. - óká



**OMX KAUPHÖLLIN Í KAUPMANNAHÖFN** Kauphallir OMX-samstæðunnar voru opnar í gær, utan sú íslenska sem lokuð var eins og bankarnir hér. Hefð er fyrir því að fyrsti virki dagur ársins fari í tiltekt.

# Uppsögnin kom bankastjóranum mjög á óvart

**Bankastjóra og tveimur lykilstarfsmönnum Icebank var óvænt sagt upp um áramótin. Stjórnarformaður og nýráðinn bankastjóri segja breytingar á framkvæmdastjórn eiga sér eðlilegar skýringar.**

„Þetta kom mjög á óvart svo ekki sé fastar að orði kveðið," segir Finnur Sveinbjörnsson, fyrrum bankastjóri Icebank, sem óvænt var sagt upp störfum á milli jóla og nýárs ásamt þeim Gunnari Svavarssyni, fyrrum framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs, og Hafdísi Karlsdóttur, framkvæmdastjóra rekstrarsviðs bankans.

Finnur vildi ekki tjá sig nánar um málið að svo stöddu. „En þetta var vissulega dagur hinna löngu hnífa," bætti hann við í ljósi þess hversu mörgum lykilstjórnendum Icebank var sagt upp í einu lagi.

Finnur hafði starfað hjá bankanum frá 2002 og leitt hann í gegnum mikið umbreytingaferli, líkt og segir í tilkynningu. Þar á meðal jukust eignir bankans úr 54 milljörðum króna árið 2001 í um 200 milljarða í enda síðasta árs undir hans stjórn.

Nokkrir lykilstjórnendur bankans keyptu undir lok síðasta árs samtals 8,5 prósenta hlut í bankanum. Þar á meðal festu Finnur og framkvæmdastjórarnir sér hlutinn auk Agnars Hanssonar, sem tók við bankastjórastólnum af Finni. Ekki liggur fyrir hvort stjórnendurnir fyrrverandi ætli að halda í hlutina í ljósi atburðanna.

Agnar, sem var framkvæmdastjóri fjárstýringasviðs Icebank síðastliðin tvö ár, segir breytingarnar eiga sér eðlilegar skýringar. „Þegar nýr skipstjóri tekur við stýrinu kemur ný áhöfn með honum," segir hann.

Undir þetta tekur Geirmundur Kristinsson, stjórnarformaður Icebank. „Þetta var sameiginleg ákvörðun á kaflaskilum," segir hann en auk breytinga á eignarhaldi Icebank í október settust nýir menn í bankaráðið seint á síðasta ári. „Það var búið að ganga frá því á sínum tíma í markmiðasetningu bankans hvert hann skyldi stefna. En menn voru með mismunandi áherslur. Með þessu er verið að koma ferlinu af stað," segir hann. jonab@frettabladid.is



**FYRRVERANDI OG NÚVERANDI LYKILSTJÓRNENDUR ICEBANK** Finnur Sveinbjörnsson, fyrrum bankastjóri, í miðjunni ásamt þeim Gunnari Svavarssyni og Hafdísi Karlsdóttur á hægri hönd en þeim Agnari Hanssyni, sem tók við bankastjórastólnum, og Ólafi S. Ottósyni, framkvæmdastjóra sparisjóðasviðs, á þá vinstri.

# Byr vill meira í VBS

Byr sparisjóður hefur hug á að auka við hlut sinn í VBS fjárfestingarbanka. Samkvæmt heimildum blaðsins falaðist sjóðurinn í byrjun desember eftir hlut bæði Sparisjóðsins í Keflavík (SpKef) og Sparisjóðs Mýrasýslu (SpM).

Tilboði Byrs hefur þó á hvorugum staðnum verið tekið. Sparisjóðirnir munu þó ekki afhuga því að selja hlut sinn fyrir rétt verð, að því er athugun leiðir í ljós. Á báðum stöðum hefur áhersla færst frá VBS, en SpM keypti síðasta haust Nordvest verðbréf og áhersla SpKef hefur færst á Icebank.

Þannig sagði Gísli Kjartansson, framkvæmdastjóri SpM, sig úr stjórn VBS, þar sem hann var formaður, í byrjun desember. Ástæðan var kaupin á Nordvest þar sem ákveðið hafði verið að efla og styrkja reksturinn, en Nordvest starfar að hluta á sama markaði og VBS. - óká




**Í FORSVARI FYRIR BYR** Jón Þorsteinn Jónsson er stjórnarformaður og Ragnar Z. Guðjónsson annar tveggja sparisjóðsstjóra Byrs sparisjóðs. Sjóðurinn vill auka hlut sinn í VBS fjárfestingarbanka. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

GÍS GÍTARSKÓLI ÍSLANDS

Gítarnámskeið

Hefst 21. janúar

12 vikur - 40 mínútna tímar - 1 sinni í viku
Einkatímar: kr. 47.000-
Geisladiskur með upptöku nemanda í lok námskeiðs.
Hóptímar fyrir 6-9 ára: kr. 35.000-
Gítarskólinn er aðili að frístundakorti Í.T.R. www.itr.is
Öll stílbrigði !
Fyrir byrjendur á öllum aldri og lengra komna

Gítarkennsla er okkar fag !
Gítarskóli Íslands Síðumúla 29 Sími 581-1281
gitarskoli@gitarskoli.is
www.gitarskoli.is

# Uppfylla kynjakvóta

Félög í eigu Kaupþings og Glitnis í Noregi hafa uppfyllt kröfur norskra stjórnvalda að hvort kynið um sig skipi að minnsta kosti fjórðu prósent stjórnarsæta í skráðum félögum. Karita Bekkemellem, jafnréttisráðherra Noregs, hafði hótað öllum þeim félögum sem ekki uppfylltu lögin aðgerðum af hálfu stjórnvalda.



VALA PÁLSDÓTTIR

Vala Pálsdóttir, fjárfestatengill Glitnis, segir að öll hlutafélög í eigu Glitnis í Noregi hafi minnst fjörutíu prósent kvenna í stjórn. Það hlutfall muni halda þegar Glitnir sameinast BNbank í febrúar.

Jónas Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Kaupþings, segir bankann þegar uppfylla norsku reglurnar sem kveða á um hlutfall kynja í stjórnum félaga í Noregi. Kaupþing hafi skipað konur í stjórn félagsins í Noregi síðastliðið haust.

„Mín skoðun er sú að lagasetning sé þrautalending og fyrst beri að skoða allar aðrar leiðir að því sjálfsagða markmiði að jafna hlut kvenna og karla í stjórnum íslenskra fyrirtækja," sagði Björgvin G. Sigurðsson viðskiptaráðherra á fundi Félags viðskipta- og hagfræðinga og Frjálsrar verslunar í október á síðasta ári.

Eftirlitsstofnun EFTA, ESA, hefur verið að kanna hvort lög um kynjakvóta í stjórnir skráðra fyrirtækja í Noregi gangi gegn Evrópurétti. Hefur ESA óskað eftir upplýsingum frá norsku ríkisstjórninni í því sambandi. - bg



Electrolux
Vandaður hvítur blástursofn með 8 eldunarkerfum
Kjöthitamælir og klukka
Fjórfalt gler í ofnhurð
Innfelldir stjórnrofar
Sjálfhreinsandi
Verð áður kr. 79.900
SJÁLFHREINSANDI KÖLD HURÐ
Með kjöthita-mæli!
AFSLÁTTUR 15%
Verð nú 67.900
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 79.900
Electrolux
Vandað spansuðuhelluborð með stórum hellum
Snertitakkar og Boost
Verð áður kr. 119.900
SPANSUÐA ELDAÐU Á METTÍMA!
STÁL
Verð nú 69.900
ÞÚ SPARAR 15.000
ZANUSSI
Fjölkerfa blástursofn með heitum blæstri
Grill + undir- og yfirhiti
High Light hraðhellur
Burstað kámfrítt stál
HxBxD: 90x59,6x60 cm
Verð áður kr. 84.900
appliance
60 cm vegghäfur stál með 870 rúmmetra sogafköstum
3 hraðastillingar
Verð áður kr. 29.900
AFSLÁTTUR 34%
Verð nú 19.900
DOMO
20 lítra örbylgjuofn með 1000W grilli og stafrænu stjórnborði
Affrysting
27 cm snúningsdiskur
Falleg hönnun
Verð áður kr. 14.900
AFSLÁTTUR 20%
Verð nú 11.900
STÁL
185 CM
Electrolux
Rúmmál kælis 23 lítrar og 92 lítra frystir
Orkunýtni A+
MAXI frystiskúffur með betri nýtingu og nægu rými
Flöskurekki úr stáli
Grænmetisskúffa á brautum
Glerhillur með kanti
Sjálfvirk afþíðing í kæli
Hljóðlátur 38 dB(A)
HxBxD: 185x59,5x62 cm
Verð áður kr. 94.900
ÞÚ SPARAR 20.000
Verð nú 79.900
Electrolux
1200 snúninga hraðþvottavél með Fuzzy Logic þvottatækni
Tekur allt að 6 kg af taui
Hraðval á algengum þvotta-kerfum
Seinkun á gangsetningu 3 / 6 klst.
Stórt hurðarop
Þriggja ára ábyrgð
Verð áður kr. 69.900
AFSLÁTTUR 29%
Verð nú 49.900
BARKALAUS MEÐ RAKASKYNJARA
Electrolux
Barkalaus þurrkari með rakaskynjara. Stoppar þegar þvotturinn er orðinn þurr.
Tekur hámark 6 kíló
Krumpuvörn
Kerfi fyrir viðkvæman þvott
Verð áður kr. 72.900
AFSLÁTTUR 18%
Verð nú 59.900
ÚTSALA!
HEFST Í DAG - OPIÐ UM HELGINA!
Sparaðu allt að 70%
AFSLÁTTUR 70%
Verð nú 299
990
Nefháraklippur
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 999
2.990
Eldhúsvog stafræn með skál
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 2.999
Rafmagnspanna 40 cm með loki
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 8.990
14.900
Safapressa fyrir heila ávexti
OG EINNIG...
Brauðristar..............1.490
Kaffivélar..................1.490
Hraðsuðukönnur....1.490
Sítruspressur..........1.290
Töfrasprotar............1.490
Samlokugrill............1.990
Hrísgrjónapottar.... 2.490
Mínútugrill..............4.990
Matvinnslutæki...... 2.490
Vöfflujárn...............2.990
Ísgerðarvélar..........3.990
Kaffikvarnir.............1.990
Fótanuddtæki........ 2.990
Hárklippisett.............990
Sléttijárn keram......1.490
Rakatæki.................5.990
Hitablásarar............1.490
Handklæðaofnar....3.990
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 999
2.990
Naglasnyrtisett fyrir hleðslu
AFSLÁTTUR 42%
Verð nú 1.990
3.390
Hitapúði fyrir rafmagn með veri
AFSLÁTTUR 38%
Verð nú 2.490
3.990
Salt- og piparkvarnir sett stál
AFSLÁTTUR 40%
Verð nú 2.990
4.990
Kleinuhringjajárn fyrir 7 kleinuhr.
AFSLÁTTUR 67%
Verð nú 999
2.990
Nuddtæki með innrauðu ljósi
AFSLÁTTUR 57%
Verð nú 1.490
3.990
Gufustraujárn 1800W með stálbotni
AFSLÁTTUR 62%
Verð nú 1.490
3.990
Rafdrifinn handsópur
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 999
1.990
Eggjasjóðari fyrir 7 egg
AFSLÁTTUR 33%
Verð nú 2.990
3.990
Olíufylltur rafmagnsofn
AFSLÁTTUR 50%
Verð nú 1.990
TRISTAR
Racklette grill fyrir 4 með grillplötu og 4 pönnum
Verð áður kr. 3.990
Rafha ehf
Opið
Virka daga 9-18
Laugardag 10-18
Sunnudag 13-17
Suðurlandsbraut 16 108 Reykjavík
Sími 5880500
www.rafha.is

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Björgunarsveitum verður að tryggja nýja tekjustofna.

## Flugeldaveislu hlýtur að ljúka

STEINUNN STEFÁNSDÓTTIR SKRIFAR

Árið 2008 er gengið í garð með tilheyrandi sprengjugný og eldglæringum. Íslendingar létu ekki óveður á áramótum halda tiltakanlega aftur af sér í sprengigleði og björgunarsveitir og aðrir sem tekjur hafa af flugeldasölu geta unað glaðir við sitt.

Ákveðin þversögn er þó fólgin í því að sala á sprengiefni skuli vera fjárhagsgrundvöllur slysavarna og björgunarstarfa í okkar harðbýla landi. Raunar má benda á aðrar slíkar þversagnir eins og að SÁÁ, sem eru þau samtök sem helst koma spilafíklum til hjálpar, skuli hafa tekjur af spilakössum.

Flugeldar eru vissulega fallegir á að líta, spennandi og krydda tilveruna í kringum áramót. Það er líka gleðilegt fyrir þá sem hafa gaman af því að sprengja þá að geta með kaupum á flugeldum lagt góðu málefni lið. En stundum virðist gleymast að flugeldar eru hreint ekki leikföng heldur sprengiefni sem er stórvarasamt.

Aldrei líða svo áramót að ekki hljótist einhver slys af völdum flugelda. Augnslys og fingurmissir eru meðal ljótustu dæma og sem betur fer hafa um þessi áramót ekki orðið alvarleg slys af því tagi. Hins vegar hafa hlotist minni líkamlegir skaðar, auk eignatjóns af völdum bruna,

Björgunarsveitirnar eru gríðarlega mikilvægar og starf þeirra fórnfúst og framúrskarandi. Því hlýtur að mega spyrja þeirrar spurningar hvort ekki ætti að byggja traustari fjárhagsgrundvöll undir starfsemi þeirra en svo að hún sé að miklu leyti háð því hvernig árar bæði efnahagslega og veðurfarslega í landinu. Hugsanlegt er að kosta starfsemi sveitanna að einhverju leyti með skattfé. Einnig má velta fyrir sér hvort finna megi aðrar leiðir til að gefa almenningi kost á að styðja starfsemi björgunarsveita.

Óvíða í heiminum tíðkast jafnfrjálsleg meðferð skotelda og hér á landi. Þess er áreiðanlega stutt að bíða að hér á landi verði reglur í kringum flugeldanotkun hertar til muna, meðal annars með það að markmiði að minnka notkun skotelda til þess að draga bæði úr slysum og mengun af þeirra völdum.

Í ár fór svifryksmengun yfir hættumörk í Reykjavík þegar árið var nýgengið í garð þrátt fyrir talsverðan vindstrekking á nýársnótt. Börnum þykir ekki lengur spennandi að safna rakettuprikum enda eru þau ekki nema hluti draslsins sem eftir verður þegar sprengingum er lokið. Nú er svo komið, að auk prikanna sem fljóta út um allt standa heilu pappakassarnir eftir á gangstéttum útbrunnir og svo virðist sem þeim sem úr tertunum skaut detti ekki í hug að hreinsa til eftir sig. Sóðaskapurinn er því gríðarlegur dagana eftir áramót.

Það er áreiðanlega tímaspursmál hvenær tíðarandinn hafnar þeirri mengun sem af flugeldunum hlýst. Það er því mikilvægt að taka höndum saman um að tryggja fjárhagslegan grundvöll björgunarsveita áður en til þess kemur.

Óvíða gegna björgunarsveitir jafnþýðingarmiklu hlutverki og hér í okkar strjálbýla landi þar sem allra veðra er von. Þess vegna verður fjárhagsgrundvöllur þeirra að vera afar traustur.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal og Þorsteinn Pálsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir FRÉTTASTJÓRAR: Arndís Þorgeirsdóttir, Kristján Hjálmarsson, Trausti Hafliðason og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál). FULLTRÚI RITSTJÓRA: Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871



FRÉTTABLAÐIÐ

Munum eftir útiljósunum !

Nú þegar farið er að myrkva úti viljum við vinsamlega minna íbúa á að hafa kveikt á útiljósum við heimili sín til að auðvelda blaðberum Fréttablaðsins aðgengi að lúgu.

Fyrirfram þakkir, dreifing Fréttablaðsins

Pósthúsið - S: 585 8300 - www.posthusid.is

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Slagsíða?

Svandís Svavarsdóttir var kjörinn maður ársins af hlustendum Rásar 2 í blálok síðasta árs. Það kemur Agli Helgasyni ekki á óvart, sem heldur fram þeirri kenningu að hlustendur Rásar 2 kjósi alltaf vinstrimenn. Hvort það sé rétt skal ósagt látið en það er að minnsta kosti engin hægri slagsíða á kjörinu ef litið er tíu ár aftur í tímann. Árið 1998 var Ólafur Ragnar Grímsson, forseti lýðveldisins, maður ársins, Ísfirðingurinn Kolbrún Sverrisdóttir hreppti hnossið árið eftir, Garðar Sverrisson, formaður Öryrkjabandalagsins, varð fyrir valinu árið 2000 en Ólafur F. Magnússon borgarfulltrúi ári síðar.



### Vinsælastir

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarstjóri var maður ársins á Rás 2 árið 2002. Ómar Ragnarson fékk flest atkvæði ári síðar og Ólafur Ragnar stóð aftur með pálmann í höndunum árið 2004, eftir að hann neitaði að kvitta undir fjölmiðlalögin umdeildu. Thelma Ásdísardóttir varð fyrir valinu árið 2005 og í fyrra varð Ómar Ragnarsson aftur maður ársins á Rás 2 eftir að hafa blásið í herlúðra gegn virkjanaframkvæmdum. Ómar og Ólafur Ragnar semsagt verið kjörnir menn vikunnar alls fjórum sinnum á liðnum áratug.



### Hyldjúpar samræður

Bubbi Morthens upplýsti nýársheit sitt á Vísi í gær. „Það er kannski að þeir í Siðmennt verði ánægðir með það. En ég ætla mér að tala meira við Guð á nýju ári.“ Skemmst er að minnast þess að fyrir jól gaf Bubbi út bókina *Að kasta flugu í straumvatn er að tala við Guð*. Gengur nýársheit Bubba sem sagt ekki bara út á að veiða meiri lax?

**bergsteinn@frettabladid.is**

## Dvínandi afli í Evrópu



ÞORVALDUR GYLFASON

Í DAG | Fiskveiðistefna ESB

Evrópusambandið var í öndverðu reist á þeirri snjöllu hugmynd, að millilandaátök um náttúruauðlindir, einkum kol og stál, hefðu haft svo hörmulegar afleiðingar í álfunni, þar á meðal þrjár styrjaldir á sjötíu árum, að nauðsyn bæri til að færa þessar auðlindir undir sameiginlega yfirstjórn til að koma í veg fyrir frekari stríðsátök í Evrópu. Þessi hugsjón um samstjórn á hernaðarlega mikilvægum auðlindum gafst svo vel, að Evrópa hefur æ síðan lifað í friði við sjálfa sig. Væri sömu hyggindum til að dreifa í Austurlöndum nær, væri nú friðvænlegra þar, en látum það vera að sinni. Hér langar mig að velta upp öðru máli: Hverju sætir það, að efnahags- og myntbandalagi, sem var reist á hugsjón um sameiginleg umráð yfir mikilvægum náttúruauðlindum, hafi verið svo mislagðar hendur sem raun ber vitni um stjórn mikilvægrar, en þó ekki hernaðarlega mikilvægrar, náttúruauðlindar? – fisks.

**Hvað brást?**

Sameiginleg fiskveiðistefna ESB er flopp. Höfuðmarkmið hennar var frá upphafi 1983 að varðveita fiskstofna á evrópskum hafsvæðum með sjálfbærri fiskveiðistjórn, en það hefur mistekizt herfilega. Þessi brestur þarf ekki að koma á óvart, því að fiskveiðistefnan er skilgetið afkvæmi sameiginlegrar landbúnaðarstefnu, sem heldur áfram að kosta evrópska neytendur og skattgreiðendur mikið fé. Landbúnaðarstefna ESB kostar að vísu minna nú en hún gerði fyrir tuttugu árum, eða rösklega eitt prósent af landsframleiðslu ESB nú á móti tveim til þrem prósentum þá. Þessi samdráttur stafar einkum af því, að hlutur landbúnaðar í landsframleiðslu álfunnar hefur á sama tíma minnkað úr fjórum prósentum í tvö prósent. Evrópskur landbúnaður mun áreiðanlega komast af, þótt tækniframfarir og frekari umbætur á búverndarstefnunni haldi áfram að draga úr vinnuaflsþörf í landbúnaði.

Framtíð evrópsks sjávarútvegs er meiri óvissu undirorpin, því að þar veltur allt á sjálfbærum búskap. Margir fiskstofnar í lögsögu ESB-landanna hafa rýrnað og ramba á barmi útrýmingar þrátt fyrir mygrút laga og reglna til að hamla sjósókn og styrkja útgerð. Geðklofinn í fiskveiðistjórninni blasir við: stjórnmálamenn reyna með annarri hendinni að hefta sjósókn og niðurgreiða útveginn með hinni. Þorskstofninn í Norðursjó hefur skroppið saman um þrjá fjórðu síðustu þrjátíu ár. Túnfiskstofninn í Miðjarðarhafi virðist hafa farið sömu leið. Kvótakerfi ESB er í aðalatriðum eins og íslenzka kvótakerfið að öðru leyti en því, að framsal aflaheimilda er ekki frjálst og veiðigjald hefur ekki heldur verið leitt í lög til málamynda. Vandinn þar er í grófum dráttum hinn sami og hér: sjávarútvegsráðherrar ESB-ríkjanna ákveða í sameiningu árlegt aflamark einstakra tegunda á ólíkum hafsvæðum í ljósi stofnmats fiskifræðinga og óska útvegsins, og þá hallar á þorskinn. Heimamönnum í hverju landi er síðan falið að skipta kvótanum á milli sín. Lönd geta skipzt á kvótum, ef þau vilja.

**Fjórir brestir**

Sameiginleg fiskveiðistefna ESB hefur að minni hyggju fjóra mikilvæga galla og hlaut því að missa marks. Í fyrsta lagi eru sjávarútvegsráðherrar aðildarlandanna samkvæmt langri hefð yfirleitt svo nátengdir útveginum, að kvótarnir, sem þeir ákveða, eru oftast nær mun meiri en fiskifræðingar telja stofnana þola. Fiskifræðingum er uppálagt að miða veiðiráðgjöf við ástand stofnanna langt fram í tímann án tillits til annarra hagsmuna, en stjórnmálamenn hugsa einnig um hag útvegsins fram að næstu kosningum, og einstökum útgerðum er skiljanlega mest í mun að ná til sín sem mestum hluta kvótans. Í annan stað er kvótum ESB úthlutað ókeypis til aðildarlanda, sem dreifa þeim síðan til einstakra útvegsfyrirtækja heima fyrir, einnig án endurgjalds. Þetta fyrirkomulag jafngildir gríðarlegum fjárstyrk til evrópskrar útgerðar og dregur þrótt úr henni. Í þriðja lagi geta kvótarnir ekki gengið kaupum og sölum og gera það yfirleitt ekki, þótt lönd geti skipzt á kvótum. Í fjórða lagi hvetur endurgjaldslaus úthlutun aflakvóta til brottkasts, sem ESB sjálft telur nema nálægt helmingi heildaraflans á fiskimiðum aðildarlandanna. Hvað er þá til ráða? Meira næst.

## Ótrúlegt langlundargeð

UMRÆÐAN

Umhverfismál



HERDÍS ÞORVALDSDÓTTIR

Það er með ólíkindum hvað íslenskir náttúrufræðingar og allir sem vinna að náttúruvernd, skógrækt eða landgræðslu hafa mikið langlundargeð varðandi rányrkju og hjarðbúskap á landinu. Með bitvarginn á hælunum, sem hefur gert þeim marga skráveifuna, þurfa þeir að víggirða hvern gróðurreit sem á að vernda eða græða upp. Óhemju kostnaður fer í girðingarreiti sem falla illa að beranginum í kring.

Getur virkilega verið að allir þessir fræðingar sætti sig við þetta óþarfa og fáránlega miðaldar búskaparlag sem stöðugt gengur á gæði landsins? Hver er ástæðan? Erum við í álögum? Það er vel hægt að búa á þessu blessaða landi með þær skepnur sem við þurfum á að halda, án þess að halda áfram að hjálpa eyðingaröflunum að rýra það sem eftir er af náttúrulegu gróðurþekjunni. Skepnurnar eru of margar, á aðra milljón. 1400 tonn af kjöti voru afgangs í haust. Það þýðir að hátt í sextíu þúsund skepnur hafa nagað landið að óþörfu allt sumarið í fyrra og álíka offramleiðsla er á hverju ári. Er eitthvert vit í þessu?

Búfé þarf að vera á völdum girtum svæðum og á ábyrgð eigenda sinna. Þessi tímaskekkja, lausaganga búfjár bænda um landið, veldur því að strax á vorin þegar gróðurinn fer að taka við sér og blómin að spretta eru á aðra milljón fjár auk hestastóðs hleypt á nýgræðinginn og blómplönturnar, sem eru þeirra fyrsta val. Svo þegar við förum að ferðast um landið í sumarfríinu okkar er búið að hreinsa úr vistlandinu megnið af blómskrúðinu og sumar jurtir koma aldrei aftur. Staðreyndin er sú, eins og Náttúrufræðistofnun hefur sannað, að ótal blómplöntur hafa algerlega horfið úr beitilandinu og að á annað hundrað þyrftu gjörgæslu við, en ekkert hefur verið gert þeim til bjargar þrátt fyrir þessa vitneskju. Þetta hljóta náttúrufræðingar að vita. Finnst þeim þetta ásættanlegt? Af hverju minnast náttúrufræðingar aldrei á að þessi rányrkja sem stunduð er á landinu verði að hætta ef afkomendur okkar eiga ekki eftir að taka við blómlausu og tættu landi? Við hvað eru þeir hræddir?

Nú er Framsókn ekki við völd, svo nú væri færi fyrir náttúruverndarfólk að mynda samtök og skora á ráðamenn að taka á þessum málum. Koma á ræktunarbúskap og hjálpa bændum að búa með reisn í landinu í stað þess að valda því óbætanlegum skaða. Það er löngu orðið tímabært. Hvað finnst ykkur?

*Höfundur er leikkona og fyrrverandi formaður Lífs og lands.*

# MAX fimmtudagur

# útsala

## ... og verð í frjálsu falli

Láttu ekki HAPP úr hendi sleppa!

# Opið til kl. 22 í kvöld

Koma svo! Þetta fer allt með látum strax!

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

# Hárklippur allt að 47% afsl.

# Krullujárn allt að 34% afsl.

Já, við erum að meina þetta!

# Ryksugur allt að 44% afsl.

# Blandarar allt að 67% afsl.

# Hrærivélar allt að 41% afsl.

# Ofnar allt að 40% afsl.

# Þvottavélar allt að 57% afsl.

# Þurrkarar allt að 25% afsl.

Sæll! Á að sofa af sér svona pakka?

# Vekjarar allt að 50% afsl.

MAX RAFTÆKI

*Tilboðin gilda til 12. 01. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.*

ÚTSALA

40%

afsláttur

af öllum útsöluvörum

Hefst í dag kl.13




galleri sautján

Kringlunni s.512 1750 | Laugavegi 91 s.512 1717




Estrid hefur verið í aldamótakjólnum síðastliðin níu gamlárskvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Sami kjóllinn ár eftir ár

***Estrid Þorvaldsdóttir á sérstakan áramótakjól og er því aldrei í vandræðum með í hverju hún á að vera á gamlárskvöld.***

„Ég hef verið í sama kjólnum á gamlárskvöld síðan aldamótin 2000,“ segir Estrid Þorvaldsdóttir, nemi í listfræði og ítölsku. „Þetta var því níunda árið í röð sem ég klæddist honum. Ég bað ömmu mína um að gefa mér hann í jólagjöf árið 1999 og mig minnir að hann sé keyptur í versluninni Kjallaranum sem var á Laugavegi,“ bætir hún við.

Kjóllinn er túrkísblár með glimmeri og kallar Estrid hann þúsaldarkjólinn enda valdi hún hann sérstaklega með aldamótin í huga. „Honum fylgir glimmerband og það eina sem ég geri ár frá ári er að færa bandið. Stundum hef ég það um hálsinn og stundum á hausnum. Það fer allt eftir tíðarandanum,“ útskýrir Estrid.

Estrid starfaði um tíma sem módel og hefur alltaf haft áhuga á tísku. „Í henni felst mikil sköpun og frelsi,“ segir Estrid. „Ég myndi segja að áður fyrr hafi ég verið hálfgerður þræll tískunnar en í dag legg ég meiri áherslu á að rækta andann, vera bein í baki og brosa. Geri maður það líta fötin betur út á manni og þá er nóg að vera í klassískum og einföldum flíkum,“ segir hún.

Estrid segir galdurinn vera að brosa, bera sig vel og láta innra ljósið skína. „Það er endalaust hægt að hlaða á sig skrauti en ef maður er boginn í baki verður maður eins og ofskreytt visið jólatré,“ segir Estrid. Hún hefur að undanförnu fengist við að gera vídeóverk og mála myndir. Á stefnuskránni er að fara til Ítalíu en Estrid segist fá öll sín áhrif þaðan.

*vera@frettabladid.is*


Útsalan er hafin

40 -70%

afsláttur

IANA

Laugavegi 53 • s. 552 3737

Opið í dag 10-17

Hvað er að frétta?



Við tæklum sportið_

www.visir.is

vísir

512 50 50

Auglýsingasími

Mest lesið



**Útsölur** eru hafnar eða að hefjast í langflestum tískuvöruverslunum um land allt. Nú huga hagnýtir að næstu jólum eða árshátíðum sem eru á næsta leiti.


frábær föt
frábært úrval
www.vefta.is
Vefta
Tískuföt Hólagarði
s: 557 2010

Nýtt á Íslandi! NO STRESS pompea





Þægilegur, saumlaus og fallegur fatnaður. S. Gunnbjörnsson ehf.

Háreyðingavax sem hægt er að hita í örbylgjuofni og einnig vaxstrimlar


SÚKKULAÐIVAX
HAFRAVAX
SÚKKULAÐISTRIMLAR F. ANDLIT OG LÍKAMA
ATH. Súkkulaðivax hentar vel fyrir viðkvæma líkamshluta
ÚTSÖLUSTAÐIR: Apótek og snyrtivöruverslanir




„...fyrst á visir.is"
visir.is
...ég sá það á visir.is




Emma Watson mætir á frumsýningu á myndinni „Harry Potter og viskusteinninn" í London í nóvember 2001 með tíkarspena og breitt bros.

MYNDIR TEKNAR AF GETTYIMAGES



Hress og krakkaleg mætir Emma á verðlaunaafhendingu hjá Disney-stöðinni í september 2003 í svörtum topp og gallabuxum.



Emma Watson heimsækir þátt Davids Letterman í New York í júlí 2007. Fatastíllinn hefur þroskast og stúlkan lítur út eins og klassísk kvikmyndastjarna.

# Galdradrottning á rauðum dregli

***Fyrirmyndarnemandi galdraskólans Hogwarts, Hermione Granger, er leikin af Emmu Watson. Hún var aðeins ellefu ára þegar fyrsta myndin um galdrakrakkana kom út árið 2001 og valhoppaði eftir rauða dreglinum með tíkarspena.***

Stíll leikkonunnar Emmu Watson hefur þroskast jafnt og þétt með hverju árinu og gengur hún nú rauða dregilinn eins og drottning með Hollywood-liði í hárinu. Hún notar ekki stílista og segist velja fötin sín sjálf og hafa mömmu sína með í ráðum þegar hún fer í búðir. Hún lýsir fatastíl sínum sem þægilegum og persónulegum og vill ekki sýnast vera eitthvað annað en hún er í klæðaburði. Emma segir persónu sína, Hermione, vera harðjaxl sem láti ekki vaða yfir sig og viðurkennir stolt að þær séu svolítð líkar. Sjá:www.chiff.com

*heida@frettabladid.is*



Emma mætti í Chanel-partíið í London 5. desember síðastliðinn, íklædd Chanel-dragt og með eldrauðan varalit eins og galdradrottning.



Emma vill klæða sig þægilega og að fötin sýni hennar innri mann. Hér er hún í hippalegum kjól og stígvélum 2005.



Hér stikar hún veraldarvön eftir rauða dreglinum í bláum siffonkjól á kvikmyndahátíð í London, 28. september 2007.

ÚTSALAN HAFIN
MIKIL VERÐLÆKKUN
Ríta
Bæjarlind 6 • s. 554 7030
Eddufelli 2 • s. 557 1730
opið laugard. og sunnud.

# Stórar stærðir

***Ný verslun með sportfatnað í stórum númerum hefur verið opnuð á Hafnarbraut 4 í Kópavogi. Hún heitir Al-X.***

„Þetta eru danskar sportvörur sem ég er að byrja að flytja inn beint. Þær eru í stærðum frá XL upp í 8XL. Sem sagt stærðir sem erfitt er að finna," segir Þórunn Bjarnadóttir verslunarstjóri í Al-X (lesist: Alex). Þarna er um að ræða boli, jakka, treyjur og buxur og Þórunn segir fatnaðinn henta hvort sem er til daglegra nota eða í ræktina. Einnig er hún með léttan göngufatnað og skíðaúlpur í yfirstærðum.

*- gun*



# Sjipp ohoj og svartar perlur

***Jean Paul Gaultier sigldi sjóræningjaskipi þöndum seglum á tískusýningu sinni í París þar sem nýja línan fyrir vorið var kynnt.***





Barðastórir sjóræningjahattar og slæður í anda Jack Sparrow.

Gaultier hleður gjarnan mörgum lögum á módelin.

Svartir augnleppar og barðastórir sjóræningjahattar eru meðal þess sem á að klæðast í vor ef maður vill tolla í tískunni. Jean Paul Gaultier er uppátækjasamur og hressandi í hönnun sinni og hannar fyrir allt fínasta og frægasta fólkið í Hollywood. Sjá má áhrif frá Jack Sparrow í nýju línunni hans og á sýningunni í París í október síðastliðnum rigsuðu módelin fram púandi sjóræningjapípur og veifandi byssum með munstraða höfuðklúta og sverð. Felulituð vesti, ermalausir kjólar og víð bylgjandi sígaunapils eru áberandi í sterkum jarðlitum, svörtu, eldrauðu og dökkgrænu. Gaultier er gjarn á að hlaða mörgum lögum hvert ofan á annað og er engin breyting þar á í vorlínunni. Módelin komu fram eitt af öðru hlaðin fylgihlutum eins og regnhlífum með byssur í höndunum, hálsfestum með hauskúpum og slæðum og hönskum að ógleymdum augnleppunum. Breið leðurbelti og stórar hliðartöskur voru einnig áberandi og svo há stígvél sem krumpast niður eftir fótleggjunum.

*heida@frettabladid.is*

## Dýrasta ilmvatn í heimi

ILMVATNIÐ CLIVE CHRISTIAN NO. 1 IMPERIAL MAJESTY KOMST NÝLEGA Í HEIMSMETABÓK GUINNESS FYRIR AÐ VERA DÝRASTA ILMVATN VERALDAR.



Clive Christian No. 1 Imperial Majesty er samansett úr nokkrum af fágætustu efnum heims og kostar flaskan um tólf milljónir íslenskra króna. Glasið er búið til úr Baccarat-kristal og í flöskuhálsinum er hvítur demantur. Einungis hafa verið framleiddar tíu flöskur af þessari gerð.

Clive Christian hefur síðastliðin sex ár framleitt ódýrari útgáfu af ilmvatninu og ber það nafnið Clive Christian No. 1. Af því eru einungis framleiddar þúsund flöskur á ári og kosta 30 ml um 140 þúsund krónur.

Meðal aðdáenda ilmvatnsins eru söngvarinn Elton John og leikkonan Katie Holmes en hún notaði það daginn sem hún gekk að eiga hjartaknúsarann Tom Cruise. *-ve*





allt tíska
Alla fimmtudaga






**Meðgöngusund** er sundleikfimi fyrir barnshafandi konur. Sundið hefur reynst vel gegn ýmsum kvillum á meðgöngu en hentar hins vegar konum á öllum stigum meðgöngu. www.medgongusund.is






















Guðrún Árný Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur er meðal þeirra sem sitja fyrir svörum við reyksímann.

# Aðstoð við að hætta að reykja fæst í gegnum síma og net

***Reyksíminn með græna númerið 800-6030 og vefurinn www.reyklaus.is virðast skila góðum árangri í baráttu fólks við reyktóbaksnautnina.***

Reyksíminn fór í loftið árið 2000 og er opinn frá 17-20 á virkum dögum. Þar sitja sérhæfðir ráðgjafar fyrir svörum sem allir eru hjúkrunarfræðingar hjá Heilbrigðisstofnun Þingeyinga. Þeir sjá líka um vefinn reyklaus.is sem Lýðheilsustöð setti í loftið í september síðastliðnum. Hann hefur þegar hjálpað yfir 500 manns að hætta að reykja ef marka má kannanir.

Guðrún Árný Guðmundsdóttir hefur umsjón með þessum þætti og var spurð útí starfsemina.

„Umsjón með síðunni reyklaus.is felst í því að við svörum þeim fyrirspurnum sem berast á tölvupósti og fylgjumst með spjallumræðunni. Sú umræða er lykillinn að bata fólks. Þar ráðleggur það hvert öðru og styrkir hvert annað. Við komum bara inn í þegar með þarf og hrósum eða leiðbeinum."

Reyksíminn á lengri sögu að baki og Guðrún Árný segir búið að sýna fram á erlendis að hann sé ein hagkvæmasta aðferðin til að veita meðferð í reykleysi. Hann hafi byrjað hér á landi árið 2000 og könnun hafi verið gerð árið 2003. Þá hafi um þrjátíu prósent verið hætt af þeim sem höfðu haft samband, sem þyki mjög góður árangur. En hvernig nær hún að hjálpa fólki að drepa í sígarettunni í gegnum símann? „Það er enginn töfralykill til en oft finnum við leið til að rjúfa vana viðmælendanna og stundum koma líka bestu ráðin frá þeim sjálfum," upplýsir hún.

Guðrún Árný segir suma vilja hætta strax að reykja og telur mikinn kraft felast í þeirri ákvörðun. Yfirleitt sé þó farsælla að fólk undirbúi sig meira og brjóti upp þær venjur sem skapast hafi kringum reykingarnar. „Flestir eru líka búnir að minnka reykingarnar á undirbúningstímanum og þar með eru fráhvarfseinkennin minni," bendir hún á.

Stærsta og árangursríkasta þáttinn í starfi ráðgjafanna segir Guðrún Árný vera eftirfylgni. „Við hringjum reglulega í fólk og fylgjumst með hvernig gengur. Það er einstaklingsbundið hversu oft þarf að hafa samband. Yfirleitt hringjum við svolítið ört til að byrja með en eftir árið sleppum við hendinni af fólki." Hún segir marga upplifa depurð fyrst eftir að reykingunum sleppi því þeir líti á sígarettuna eða vindilinn sem sinn besta vin. „En þetta er falskur vinur sem hefur verið að gera viðkomandi illt mörg undanfarin ár," bendir hún á og segir fráhvarfseinkennin líða hjá. „Þetta er eins og með slæma flensu. Maður bara þraukar og þá lagast hún."

*gun@frettabladid.is*



Nauðsynlegt er að hvíla sig vel.

# Sofðu vært

***Góður nætursvefn er lífsnauðsynlegur en er þó oftast það sem höggvið er af í annasömum hversdeginum.***

Margir gera sér ekki grein fyrir afleiðingum þess að spara við sig svefninn. Þetta kemur fram í grein Ingólfs Sveinssonar um mikilvægi svefns á vef landlæknisembættisins

Uppsafnaðri þreytu fylgir spenna sem hleður utan á sig og getur orðið viðvarandi streituástand með tilheyrandi kvíða sem truflar svo svefninn enn frekar. Líkurnar á sýkingum aukast, svo og á fleiri sjúkdómum eins og hjarta- og æðasjúkdómum. Unglingar þurfa að meðaltali 10 tíma svefn og ung börn 12-18 tíma. Meðal svefnþörf fullorðinna einstaklinga er á bilinu 6-8 tímar en meira máli skipta gæði svefnsins en lengdin, og getur of langur svefn komið aftan að manni og truflað svefnmynstrið. Mikilvægt er að hvílast vel og er meðal annars mælt með að taka áhyggjurnar ekki með sér í rúmið og ganga snemma til náða hvert kvöld. Líta ber á það sem lífsgæði að fá góðan nætursvefn.

*- rt*



Augun eldast eins og allt annað.

## Sjón eftir sextugt

MIKILVÆGT ER AÐ LÁTA KANNA ÁSTAND SJÓNAR.

Sjóntap eldri borgara veldur óþarfa hættu á slysum og þunglyndi samkvæmt nýlegri breskri rannsókn. Í rannsókninni, sem nefnist „Sjón eftir sextugt", kom í ljós að þriðjungur eldri borgara sem fer ekki reglulega í augnskoðun líður illa og finnst þeir vera varnarlausir vegna þessarar sjóndepurðar. Fjórðungur þátttakenda sagði að slæm sjón hindraði ýmsar hversdagslegar athafnir og rúmlega helmingur sagðist eiga í erfiðleikum með að lesa bækur og dagblöð.

Mörgum breskum ellilífeyrisþegum væri hægt að hjálpa með augnrannsóknum og ráðgjöf.

Ekki er víst að hægt sé að yfirfæra niðurstöður þessarar rannsóknar yfir á íslenska eldri borgara þar sem margir þættir spila inn í s.s. ástand heilbrigðiskerfis, mataræði, reykingar, lyfjagjafir og hjálpartæki sem standa til boða.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

Tökum að okkur alla búslóðaflutninga og aðra flutninga. Góð þjónusta. Erum með besta verðið. Uppl. í síma 899 2536 & 825 0083.

## Stífluþjónusta

**Stíflulosun Röramyndun**
Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niðurföllum. Röramyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.
**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**
**S.892 7260 & 567 0530**

**Stífluþjónustan ehf**
**S. 554 2255 / 896 5800**
**Stíflulosun-röramyndum**
**www.stiflutjonustan.is**

## Tölvur

**Tölvuþjónusta**
Kem á staðinn. 11 ára reynsla. Microsoft vottun. Miðnet ehf. Ríkharður s. 615 2000.

## Spádómar

www.orlagalinan.is
**Örlaga línan**
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma
**595 2001 & 908 1800**

**Hanna** S. 555 2927 visa/euro
Andleg leiðsögn
Fyrirbænir
Draumar
Tarot
Er við eftir kl. 18 alla daga.

**Alspá**
**445 5000 & 823 8280**
Miðlun, draumar, ráðgjöf, heilun, fyrirbænir NLP. Símaspá, einkat. og m., fl. *Vísa Euro Masters. Opið 12-24. www. spamidlun.com*

*Opið yfir jól og áramót.*

Nú færðu einkatíma hjá spákonunni Sirrý í s. 552 4244 & 823 6393

## Rafvirkjun

**Raflagnir Dyrasímar**
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
**Fljót og góð þjónusta**
**Sími 893 1733**
**Jón Jónsson**
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Vanur ,reyndur smiður, getur bætt við sig verkefnum eftir áramót. Inni sem úti. Fast verð eða tímavinna. upplýsingar síma 421 2194 eða 6595648

# HEILSA

## Heilsuvörur

**ShapeWorks**
www.bergrun.is
Fyrir / Eftir
Ég breytti um lífstíl!
Hvað með þig??
Uppl. í s. 861 5512



–5 - 7 kíló á 9 dögum– 14.690kr. 60 daga skilafrestur. uppl. S. 6978928 Sigga

Árangur með Herbalife í 27 ár. Pantaðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896-4662 www.lifsstill.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Lr-kúrinn er tær snilld. Léttist um 22 kg á 6 mánuðum. www.dietkur.is Dóra 869-2024

## Fæðubótarefni

Léttari og hressari með Herbalife. www. dagamunur.is Ásta s. 891 8902.

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, olsiar@hotmail.com

## Nudd

Nudd nudd nudd heilnudd. Uppl. í s. 616 6469.

Whole body massage Telepone 844 9083.

## Ýmislegt



Súrefnismettunarmælar á frábæru verði. Einnig höfum við aðgang að öllum mögulegum vöruflokkum. Það sem við eigum ekki reynum við að útvega. K-Matt ehf. S. 421 8999 eða k-matt@k-matt.is

# KEYPT & SELT

## Til sölu

Á ýmsar stærðir af ísskápum á 8 og 10þ. Eldavél á 5þ. 20" tv á 5þ. Eldavélaháfur á 10þ. Flúorljós á 2þ. 14" TV á 3þ. Þvottavél á 10þ. Glerborð á 5 þ. Glerskápur á 3þ. Barstólar á 3þ. Chicco barnavagn á 5þ. S. 896 8568.

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/ öryrkja. Sækjum. Litsýn, Síðumúli 35. S. 552 7095.

## Hljóðfæri



**Stagg Þjóðlagagítar**
Poki, Ól, Stilliflauta, Auka strengjasett, eMedia tölvudiskur. Kr. 13.900 Fáanlegir Litir: Viðarlitaður, Sunburst, Svartur, Blár. Gítarinn Stórhöfða 27 S. 552 2125 www.gitarinn.is

Mikið úrval af nýjum og notuðum harmonikkum á frábæru verði! www.4you.is Eddufelli 2 s. 564 2030

Óska eftir að kaupa harmonikku. Þarf að vera í góðu ástandi. Uppl. í s. 891 6381.

## Vélar og verkfæri



Handlyftivagnar 2.500 Kg Hraðlyfta (QL). Verð 24.900 þús. PON ehf s. 552 0110.

## Til bygginga

Ný mótaborð til sölu 1.545 kr./m2 m/vsk. Uppl. í s. 847 3798 Halldór og ulfurinn.is

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Námskeið

**SCHOOL ICELANDIC**
ÍSLENSKA f. NÝBÚA - INTENSIVE ICELANDIC: Level I: 4 weeks x 5d; Md. -Frd; 18 - 19.30. Start 07/01, 11/02, 03/03. Level II: 7 weeks: Md/Wd/Frd; 20-21.30. Start 07/01, 26/02. Level III: 10 weeks; Tsd/Thrd; 20 - 21.30. Start 08/01, 18/03, Ármúli 5. s.588 1169, ice@icetrans.is, www.icetrans.is/iceschool

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HEIMILIÐ

## Húsgögn

Vandaðir Mahony bókaskápar, tvö lítil skrifborð, og skjalahirlsur, furufataskápur, hillueiningar úr beiki, eldhúsborð og stólar til sölu. S. 893 0668.

## Dýrahald

**ÚTSALA!**
Dýrabær Smáralind
www.dyrabaer.is

Beagle hvolpar til sölu, 2 tíkur og 3 rakkar. Uppl. á blogg. central.is/birtahvolpar. & Jóhana 868 7877 & Gunnar 865 7739.

## Ýmislegt

Tek að mér þrif í heimahúsum og þrif vegna flutninga. Endilega hafðu samband. Uppl. Berglind í s. 868 9133.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

Tek að mér hross í hirðingu í vetur. Allar Uppl. í s. 616 1569.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Til leigu 3ja herb. íbúð í Lautasmára. Húsg. geta fylgt, ísskápur og uppþv.v. uppl. konni@hotmail.com 897-9161

Til leigu fyrir reglusama einstaklinga 55 fm 2 herb. íbúð á Langholtsvegi. Nánari uppl. í s. 847 0412 & 568 6874.

4ra herb. íbúð á svæði 101 til leigu. Hentar vel fyrir starfsmenn fyrirtækja. 4 stór herbergi. Uppl. í s. 695 1730.

67fm 2ja herb. íbúð til leigu í 111, rétt hjá FB. Bónus ofl. þjónusta í nágr. Stórt svefnherb. með góðum skáp, hægt að koma fyrir uppþvottavél í eldhúsi. Leiga 123 þús. per. mán. + hússj. og rafmagn. 3ja mánaða trygging skilyrði. S. 824 4490.

4 herb. íbúð í Grafarvogi til leigu frá 15. 01.2008 - 01.08.2009. Leiga 140.000. Uppl. í síma 6978490 / 6951711.

Skemmtileg stúdíóíbúð til leigu í Mosfellsbæ. Reyklaust. Sími 891 7040.

Er með 3 2-3 herb. íbúðir til leigu í hverfi 101 steinhús. Leiga 120 -130 þ. 2 mán. fyrirframgr. Reglusemi og reykleysi skilyrði. Uppl. í s. 861 6841.

3-4 herb. íbúð, miðsvæðis í Hafnarfirði til leigu. V. 130 þús á mán. Laus strax. Uppl. í s. 565 5882 & 694 1549.

2 herb, 60fm íbúð á jarðhæð með sér garði í 108 Rvk til leigu. Uppl. í s. 899 8824.

## Húsnæði óskast

óska eftir 2-3 herb. íbúð eða stórri stúdíó til lengri tíma. Uppl. í s. 845 3173.

## Geymsluhúsnæði

Til leigu sér geymslubil 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Loftorka Reykjavík**
**Óskar eftir verkamönnum til jarðvinnu framkvæmda. Matur í hádeginu og heimkeyrsla. Upplýsingar í síma 565 0875.**

ÍTALÍA

**Ítalía - veitingahús**
**Veitingahúsið Ítalía leitar eftir starfsfólki í fullt starf í sal. Unnið er á vöktum. Um er að ræða framtíðarstarf, ekki yngri en 18 ára.Nánari upplýsingar eru einungis veittar á staðnum milli kl. 12 og 17 næstu daga. Veitingahúsið Ítalía Laugavegi 11**

**Ísbar/Booztbar, Kringlunni.**
**Óskum eftir að ráða í eftirfarandi starf: dagvinna á tímabilinu 8.30-16.30, heilsdags eða hálfsdags starf. Góð laun í boði fyrir réttan aðila.**
**Einungis traust og heiðarlegt fólk kemur til greina. Uppl. í s. 898 7924, Kristinn eða senda umsókn á cyrus@simnet.is**

**Kökuhúsið Auðbrekku**
**óskum eftir að ráða starfskraft til afgreiðslu starfa. Vinnutími 13-17.30 eða 14-17.30. Gæti hentað með skóla.**
**Upplýsingar gefur Örvar í síma 693 9093 og Björk í s. 693 9091.**

**Leikskólinn Jörfi**
**Leikskólinn Jörfi er fimm deilda leikskóli staðsettur í smáíbúðahverfinu.**

**Við leggjum áherslu á tilfinningatjáningu/lífsleikni.**

**Okkur vantar frábæra kennara til liðs við okkur. -Deildarstjóra, jan.-júní 100% staða.**

**-Sérkennara 100% staða.**

**-Leikskólakennara.**
**Upplýsingar gefur Arndís í síma 553 0345.**

**Energia kaffihús/veitingahús Smáralind**
**Vantar þjóna í sal og á kaffibar. Fulltstarf og og/eða hlutastörf eingöngu. Mikil vinna fyrir duglegt og kraftmikið fólk.**
**Upplýsingar í síma 664 0664 eða á staðnum, Guðný.**

**Vaktstjóri á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að vaktstjóra í veitingasal á Pizza Hut Hótel Nordica. Um er að ræða framtíðarstarf. Starfið felst í: stjórnun vakta, þjónustu og mannastjórnun í samráði við veitingastjóra. Hæfniskröfur: Þjónustulund, samviskusemi, reglusemi, hæfni í mannlegum samskiptum. Lágmarks aldur er 22 ár. Áhugasamir sendi inn umsókn á www. pizzahut.is . Nánari uppl. hjá Birgir veitingastjóra Pizza Hut Nordica 694-8022 og 533-2002.

**Fullt starf á Pizza Hut Nordica**
Pizza Hut leitar að duglegu og stundvísu starfsfólki í fullt starf í veitingasal. Lágmarksaldur er 18 ára. Umsóknir sendist á www.pizzahut.is eða hafið samband við Birgir veitingastjóra Nordica í síma 694-8022 og 533-2002.

**Kökuhornið Bæjarlind**
**Óskar eftir að ráða starfsmann í afgreiðslu aðra hverja helgi. Uppl. í gefur Ingibjörg í s. 866 0060 & Sirrí í s. 897 0702.**

**Söluturn**
**Starfskraftur óskast í afgreiðslu í alla virka daga. Góð laun fyrir heiðarlega, stundavísa og þjónusulundaða manneskju.**
**Uppl. í s. 892 2365.**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir að ráða starfsfólkí fullt starf, um er að ræða 15 vaktir í mánuði. Einnig vantar okkur starfskraft í dagvinnu frá kl. 10-17. Aukavinna í boði ef vill.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskum eftir að ráða fólk í sal í kvöld- og helgarvinnu. Um er að ræða afgreiðslustörf. Tilvalið fyrir skólafólk.**
**Upplýsingar í síma 822 8840 og einnig inn á www.nings.is**

**Veitingahúsið Nings**
**Óskar eftir glaðlegu og broshýru starfsfólki í sal í kvöld- og helgarvinnu.**
**Upplýsingar í síma 822 8835 og einnig inn á www.nings.is**

**Villtu ganga til liðs við okkur?**
**Bakarameistarinn Smáratorgi, Mjóddinni, Húsgagnahöllinni, Suðurveri og Austurveri leitar eftir hressum og skemmtilegum einstaklingum til starfa. Í boði eru bæði hlutastörf og fullt starf. Skemmtilegur vinnustaður og góð laun í boði fyrir rétt fólk.**
**Upplýsingar gefur 897 5470 milli kl. 9-16**

**Kaffihúsið Kofi Tómasar frænda,**
**Kaffihúsið Kofi Tómasar frænda, Laugavegi 2, óskar eftir jákvæðum og vinarlegum dyravörðum. Upplýsingar eru á staðnum.**

**Leikskólakennarar/leiðbeinendur**
**Leikskólinn Hálsaborg óskar eftir að ráða leikskólakennara/ leiðbeinendur til starfa. Upplýsingar gefur leikskólastjóri í s. 557 8360.**

**Vaktstjóri**
N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegan og öflugan vaktstjóra til starfa á þjónustustöðinni í Lækjargötu í Hafnarfirði. Í starfinu felst stjórnun vaktar, vaktauppgjör, pantanir og almenn þjónusta við viðskiptavini. Áhugasamir sæki um starfið á www.n1.is Nánari upplýsingar um starfið veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma 440 1000.

**Almennt starfsfólk**
N1 óskar eftir að ráða áreiðanlegt og duglegt starfsfólk til starfa á þjónustustöðvum sínum á höfuðborgarsvæðinu. Um er að ræða almenna afgreiðslu og þjónustu við viðskiptavini annars vegar inni á stöðinni og hins vegar á dæluplani. Áhugasamnir sæki um störfin á www.n1.is Nánari upplýsingar veitir Sigríður Harðardóttir, mannauðssviði N1 í síma 440 1000

**Smart starfsfólk**
Starfsfólk óskast á sólbaðsstofur Smart Grensásvegi & Sólvallargötu í dag-, kvöld og helgarvinnu.
Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 18ára koma ekki til greina.

**Bakarí - kaffihús, Skipholti**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími eftir hádegi og annan hvorn laugardag. Góð laun í boði fyrir rétta fólkið. Helst reyklaus. Íslenskukunnátta æskileg.
Upplýsingar í síma 820 7370.

**Bakarí í Kópavogi, Engihjalla.**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa frá kl. 15-17 og aðra hvora helgi. Hentar vel skólafólki. Helst reyklaus. Íslensku kunnátta æskileg.
Uppl. í s. 820 7370.

**Hrafnista Reykjavík**
**Aðhlynning**
Starfsfólk óskast í aðhlynningu, vaktavinna eða bara virka daga. Starfshlutfall og vinnutími samkomulag. Einnig eru í boði stuttar vaktir. Góð íslenska skilyrði
Uppl. í síma 585-9529 og á hrafnista.is

**Leikskólinn Rofaborg**
Vegna stækkunar leikskólans Rofaborgar vantar fleira gott starfsfólk til starfa við uppeldi og kennslu ungra barna.
Verið velkomin í Rofaborg eða hafið samband við leikskólastjóra í síma 587 4816 eða 693 9863

**Skalli Vesturlandsvegi**
Starfsfólk óskast í fullt starf og aukavinnu.
Upplýsingar á staðnum.

**Atvinna Atvinna**
Óskum eftir hressu og duglegu fólki til að starfa sem fyrst.
Upplýsingar gefur Ívar í síma 820-8011 eða á staðnum.
Rúmfatalagerinn Smáratorgi

**Kornið auglýsir**
Kornið Bildshöfða óskar eftir eldri konum til starfa í afgreiðslu. Vinnutími frá 8-17. Góð laun í boði. Uppl. í s. 864 1593 Ella.

**Serrano Hringbraut Fullt Starf - Mánaðarlaun 170-190.000**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu á Serrano á Hringbraut. Starfið felst aðallega í því að afgreiða viðskiptavini Serrano um mat og svo í alls kyns störfum við áfyllingar, þrif og önnur störf á staðnum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað. Byrjunar-mánaðarlaun eru um 170-190.000 kr.
Hægt er að sækja um á www.serrano.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@serrano.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Serrano í síma 899-8947.

SIAM
TAÍLENSKUR VEITINGASTAÐUR

**Síam - Framreiðslustarf í sal - Fullt starf**
Óskum eftir að ráða starfsfólk í sal á veitingastaðnum Síam í Hafnarfirði. Starfið felst aðallega í því að þjóna til borðs á staðnum, svara í síma og sinna öðrum störfum. Við erum að leita eftir duglegu, jákvæðu og lífsglöðu fólki til að vinna á skemmtilegum vinnustað.
Hægt er að sækja um á www.siam.is/atvinna - eða með því að senda póst á steingerdur@siam.is. Nánari upplýsingar veitir Steingerður, rekstrarstjóri Síam í síma 899-8947

OLIVER
BAR CAFÉ GRILL

**Cafe Oliver**
Cafe Óliver óskar eftir reyndum barþjónum og þjónum í sal í fullt starf og/eða hlutastarf.
Vinsamlegast hafið samband í 692 9802 eða cafeoliver@cafeoliver.is

**Garðabær - Okkar Bakarí**
Vantar hresst og duglegt starfsfólk. 60% vinna.
Uppl. hjá Þóru í síma 891 8258 eða á staðnum 565 8070.

**Garðabær - Okkar bakarí**
Posznknje pracownika sprzedawce. Angielski wymagany.
Informcja 891 8258, Þóra & albo 565 7170

**Garðabær - Okkar bakarí**
Óskum eftir að ráða bakara og aðstoðarmann.
Uppl. í s. 897 7937 Steini.

Þjónustumiðstöð Vesturbæjar leitar eftir sjúkraliðum, félagsliðum eða starfsönnum vönum umönnun til starfa nú þegar á Þorrasel dagdeild aldraðra. Dagvinna virka daga,starfshlutfall samkomulag,lítill og notalegur vinnustaður.Allar nánari uppl.gefa Guðbjörg og Kristín sími 5612828 og Droplaug 4112700/6647790

**Bráðvantar starfsmann**
Handlaginn mann eða smið vantar til starfa við húsaviðgerðir o.fl. Góð laun fyrir réttan aðila. S. 616 1569.

Starfsfólk frá Lettlandi: smiðir, verkamenn, suðumenn, ræstingafólk o.fl. S. 8457158

**Húsasmiðir**
Óskum eftir að ráða húsasmiði nú þegar eða eftir samkomulagi. Góð verkefnasataða. Furuás ehf. s 861 9885.

Óska eftir smiðum og kranamanni í ýmis verkefni á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. í s. 899 6482 & 898 2062.

**Kjöthöllin**
Starfskraftur óskast til útkeyrslistarfa og einnig vantar starfskraft í kjötvinnslu. Kjöthöllin Skipholti 70 s. 553 1270.

Starfskraftur óskast til starfa á kassa ásamt öðrum störfum í matvöruverslun í austurbænum. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. S. 553 8844.

**American style**
Vantar þig góða vinnu í föstu vaktavinnukerfi? Erum með störf í 100% vaktavinnu. Skemmtilegt vinnuumhverfi, mjög samkeppnishæf laun og frábært folk. Sæktu um á americanstyle.is

**Kaffihús Sandholt Laugavegi**
Vantar duglegt og ábyggilegt fólk í störf við afgreiðslu ofl. Sem fyrst. Uppl. í s. 551 3524. Saga eða Ásgeir.

**Hlutastarf**
Óskum eftir að ráða starfsmann í mótöku í efnalaug. Vinnutími eftir hádegi virka daga. Starfshlutfall samkomulag. Hentar vel fyrir t.d námsfólk. Góð laun fyrir rétta aðila. Uppl. í s. 564 6871 eftir kl. 18:00

Starfskraftur óskast á sendibíl. Uppl. í s. 695 4346.

## TILKYNNINGAR

### Tapað - Fundið



Hundurinn minn týndist sunnudaginn 23. des. Keli er svartur labrador, hann ætti að hafa ól með nafni og síma. http://www.blog.central.is/kelikall til að sjá fleiri myndir. S. 693 0802.



Hellisheiði ófær vegna illviðris og hálku.

„Ég sá það fyrst á visir.is“

Visir.is er öflug frétta- og upplýsingaveita í stöðugri sókn, sem leggur metnað sinn í að flytja fréttir líðandi stundar fljótt og örugglega til notenda. Fréttir, dægurmál, umræða, blogg og VefTV – allt er þetta aðgengilegt á einum stað í einfaldri umgjörð og með skýrri framsetningu. Notendur vita að hverju þeir ganga þegar þeir heimsækja vísi.

visir.is
...ég sá það á visir.is

FISKBÚÐIN ÓSKAR VIÐSKIPTAVINUM GLEÐILEGS NÝSS ÁRS OG ÞAKKAR FYRIR ÞAÐ GAMLA

Fiskbúðin Lækjargötu
220 Hafnarfirði S: 5655488

Fiskbúðin | Lækjargötu 34b | 220 Hafnarfirði | Sími 5655488

# Fasteignablaðið

512 5469
694 4103

Ruth Bergs
ruth@365.is

# Smiðir

Erum með vana smiði sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616

**Kraftafl ehf**

# Múrarar

Erum með vana múrara sem óska eftir mikilli vinnu.

Upplýsingar í síma 840 1616.
**Kraftafl ehf**

# PÍPARAR

Erum með vana pípara sem óska eftir mikilli vinnu

Upplýsingar í síma 840 1616 Kraftafl ehf

NÁTTÚRUSTOFA VESTFJARÐA

## Líffræðingar - landfræðingar

Náttúrustofa Vestfjarða auglýsir eftir þremur sérfræðingum til starfa við vistfræðirannsóknir (dýra og/eða gróðurs) og kortagerð (vistgerða- og/eða gróðurkortagerð) og fjarkönnun.

Leitað er að líffræðingum og/eða landfræðingum, sem hafa menntun og reynslu í vistfræðirannsóknum og/eða kortagerð og þekkingu á vistfræði. Þekking og reynsla í notkun hugbúnaðar á borð við Micro-station, ArcGis, Erdasimagine og landfræðilegra gagnagrunna er æskileg.

Sérfræðingurinn þarf að vera vel á sig kominn og geta dvalið langdvölum að heiman við vettvangsvinnu. Æskilegt er að hann geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar um störfin veitir Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
Starfsstöðvar Náttúrustofu Vestfjarða eru í Bolungarvík, í Vesturbyggð og á Hólmavík.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil sendist Náttúrustofu Vestfjarða, Aðalstræti 21, 415 Bolungarvík, eða á netfangið nave@nave.is, fyrir 15. janúar 2008.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

## Umsjónarkennari

Fossvogsskóli er hverfisskóli fyrir sex til tólf ára börn í Reykjavík og er staðsettur í fallegu umhverfi í Fossvogsdal. Skólinn var stofnaður árið 1971 og allt frá upphafi hefur mikil áhersla verið lögð á einstaklingskennslu og að koma til móts við mismunandi þarfir, hæfileika og áhuga hvers og eins. Í skólanum er öflugt starfslið og góður starfsandi.

**Umsjónarkennari óskast fyrir skemmtilega 11 ára krakka.**

Allir nemendur hafa umsjónarkennara sem fylgist með námi, líðan, ástundun og hegðun þeirra. Jafnframt er umsjónarkennari tengiliður við sérgreinakennara, sérfræðinga og foreldra/forráðamenn varðandi málefni nemenda. Góð stundaskrá. Staðan er laus frá áramótum.

**Umsóknarfrestur er til 3. janúar 2008.**

Nánari upplýsingar veitir Óskar S. Einarsson skólastjóri í síma 5680200 / 6648190
netfang: oskare@fossvogsskoli.is

**www.fossvogsskoli.is**

Fossvogsskóli

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauglýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 411 1111 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



# Ævintýri alla daga

**Geislabaugur, Kristnibraut 26, óskar eftir að ráða leikskólakennara og starfólk með aðra menntun og reynslu. Einnig er laus staða aðstoðarmanns í eldhúsi.**

**Geislabaugur** er fimm deilda leikskóli í Grafarholti. Stefna leikskólans er að þar ríki gott og jákvætt andrúmsloft þar sem börnum og starfsmönnum líður vel og fá að njóta sín í leik og starfi. Uppeldisstefna leikskólans er í anda Reggio Emilia með ríka áherslu á náttúru og umhverfi.

*Verið velkomin í heimsókn í Geislabaug eða hafið samband við Þóru Jónu Jónatansdóttur, leikskólastjóra í síma 517 2560 eða 693 9887.*

*Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.*

Reykjavíkurborg
Leikskólasvið
www.leikskolar.is

Ljósmyndasamkeppni Vísis

# MYNDARLEG JÓL

í samstarfi við Hans Petersen og Ljósmyndari.is

Fangaðu augnablik jólanna og sendu okkur þína bestu mynd!

Vegleg verðlaun eru í boði fyrir þrjú efstu sætin:

**1 sæti:**
Ljósmyndastúdíó ásamt 3ja daga ljósmyndanámskeið frá Ljósmyndari.is

**2 sæti:**
Inneign á 500 stafrænar myndir ásamt 2ja daga ljósmyndanámskeið frá Ljósmyndari.is

**3 sæti:**
Inneign á 100 stafrænar myndir ásamt 2ja daga ljósmyndanámskeið frá Ljósmyndari.is

vísir.is
www.visir.is/jol

Auglýsingasími
512 50 50
– Mest lesið

Aðeins brot af úrvalinu

# Sjónvörp allt að 55% afsl.

# Heimabíó allt að 29% afsl.

# MP3 spilarar allt að 67% afsl.

# Hljómtæki allt að 45% afsl.

# Myndavélar allt að 50% afsl.

# Tökuvélar allt að 40% afsl.

# Prentarar allt að 50% afsl.

# Fartölvur allt að 50% afsl.

# Símar ofl. allt að 55% afsl.

**Opnunartími**

| | | | |
|---|---|---|---|
| Mánudaga | kl. 11-19 | Fimmtudaga | kl. 11-22 |
| Þriðjudaga | kl. 11-19 | Föstudaga | kl. 11-19 |
| Miðvikudaga | kl. 11-19 | Laugardaga | kl. 11-18 |
| | | Sunnudaga | kl. 12-18 |

Fim

MAX / Kauptúni 1 Garðabæ og Holtagörðum - Sími 412 2200
www.max.is

Beint á móti IKEA
Við hliðina á BÓNUS

MAX RAFTÆKI

Betri er fugl í hendi en tveir í skógi

**Tónlist** allt að 65% afsl.

**DVD myndir** allt að 50% afsl.

**Tölvuleikir** úrval úrval úrval

**PS2** allt að 80% afsl.

**PS3** allt að 50% afsl.

**PSP** allt að 42% afsl.

**Xbox** allt að 45% afsl.

**PC** allt að 67% afsl.

Ótrúlega mikið úrval sem fer fljótt og ódýrt

Gríptu gæsina meðan hún gefst!

**Sýningareintök – fjöldi titla!**

**Sprenghlægilegt verð!**

MAX RAFTÆKI

Tilboðin gilda til 12. 01. 08. eða meðan birgðir endast. Birt með fyrirvara um prentvillur og myndabrengl.

# Hver getur stoppað þessar virkjanir?

**UMRÆÐAN**
Virkjanamál


ATIE BAKKER

Nú er ég svo hissa á öllu sem hefur gengið á að mér finnst þörf að leita svara hjá öðrum. Það heyrist um misrétti og kúgun í öðrum löndum og þá finnst fólki gott að lifa í þeirri trú að svona gerist ekki á Íslandi. Landsvirkjun hefur hér farið um svæðið í kringum Þjórsá í all langan tíma og sagt við fólk að hvað sem það segi og vill þá muni Landsvirkjun fá sitt í gegn ef ekki með góðu þá með illu. Frá því í maí hefur Landsvirkjun beitt því óspart við landeigendur að hún eigi vatnsréttindin hvort sem er, svo fólk hafi ekkert að segja meir um málið. Aðeins þeir sem eigi vatnsréttindin geta eitthvað mótmælt og í raun ekki þeir heldur. Svo hefur verið sagt við fólk að ef það semur ekki núna strax þá hljóti þeim verra af seinna í samningum því að heimild til eignarnáms liggi fyrir þar sem bara örfáir vilja ekki semja af fúsum vilja. Svo sér fólk að gríðarlegt jarðrask á sér stað og þetta veldur undrun og ugg þótt það eigi bara að heita rannsóknir. Auðvitað veldur þetta allt ringulreið hjá fólki.

Ráðherrar, þingmenn og sveitarstjórnarmenn hafa varpað ábyrgð hver til annars. Skiljanlega því að allt er þetta að verða flókið mál. Nú hefur svo margt komið í ljós sem mælir gegn þessum virkjunum og það er svo mikil andstaða að eiginlega flestallir eru sammála um að það ætti að hætta við allt saman, nema Landsvirkjun sjálf. Hver er það nú sem á að taka af skarið og flauta þessu vitleysu af fyrir fullt og allt, svo ekki verði meiri skaði og kostnaður en orðinn er nú þegar? Eitt er víst að það verður aldrei sátt um þessar framkvæmdir í landinu, það verður aldrei sátt meðal íbúa á þessu svæði og ekki heldur meðal landsmanna sem láta sig náttúru varða en ekki bara peninga.

Rétt er það að Landsvirkjun hefur nú þegar lagt í mikinn kostnað við undirbúning þessara virkjana. Sumir vilja meina að bara þess vegna sé ekki hægt að hætta við. En er það ekki svo að ef einhver hugmynd reynist ekki farsæl þá hættir maður við áður en kostnaður verður ennþá meiri? Eru ekki hagfræðilegar staðreyndir um það að stundum er lagt upp með hugmyndir og tilraunir en bara hluti af þeim er framkvæmdur? Sumar hugmyndir reynast réttar og aðrar ekki. Ef Landsvirkjun heldur til streitu sínum áformum þá verður þetta stórt tap fyrir alla aðila; Landsvirkjun tapar endanlega almenningsáliti og áttar sig fyrr eða seinna á staðreyndum sem fróðir menn eru nú að benda á. Náttúra Íslands fær sár sem aldrei munu gróa og allir landsmenn tapa sálarfrið yfir að hafa ekki geta stoppað græðgi fyrir réttlæti.

Vonandi erum við nógu mörg sem viljum standa vörð um Þjórsá. Fórnum ekki meiru fyrir minna. Ég spyr: Hver getur stoppað þessar virkjanaframkvæmdir? Svo að það verði friður um Þjórsá í sveitum og borgum landsins.

*Höfundur er bóndi og heilsunæringarráðgjafi.*

# Kristinn H. veldur vonbrigðum

**UMRÆÐAN**
Stjórnmál


VIÐAR GUÐJOHNSEN

Sunnudaginn 30. desember mætti Kristinn H. Gunnarsson í sjónvarpsþáttinn Silfur Egils.

Fyrstu orð Egils Helgasonar við Kristin voru: „Frjálslyndi flokkurinn virðist vera að breytast með þér innanborðs, til að mynda hefur hann snúið frá þessu útlendingatali sínu og allt í einu ætlar hann að fara að styðja kirkjuna.“

Kristinn H. Gunnarsson sá ekki þörf á því að leiðrétta Egil í þessari djörfu staðhæfingu enda virðist sem Kristinn H. Gunnarsson reyni sitt besta að draga úr þeim grundvallarbaráttumálum sem Frjálslyndi flokkurinn boðaði í kosningabaráttunni.

*Af mínum kynnum virðist Kristinn H. Gunnarsson ala á sér stefnuleysi, magnleysi og ósamheldni innan flokksins.*

Af mínum kynnum virðist Kristinn H. Gunnarsson ala á stefnuleysi, magnleysi og ósamheldni innan flokksins. Kristinn virðist halda að flokkurinn eigi að aðlagast sér en hann ekki flokknum. Á einhvern dæmalausan hátt fær hann fólk upp á móti sér og sýnir afar slakan vilja til samstarfs. Það eru lítið annað en svik við kjósendur Frjálslynda flokksins ef einstaka þingmenn flokksins standa ekki við gefin kosningaloforð og ætti Kristinn H. Gunnarsson alvarlega að íhuga framgöngu sína í garð þeirra sem komu honum á þing, þeirra sem kusu hann, þeirra sem börðust með honum og þeirra sem börðust fyrir hann.

Ég sem formaður Félags ungra frjálslyndra krefst þess að Kristinn H. Gunnarsson standi við gefin loforð og berjist fyrir því að flæði innflytjenda til Íslands verði takmarkað.

*Höfundur situr í miðstjórn Frjálslynda flokksins og er formaður Félags ungra frjálslyndra.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.



**J.R.R. TOLKIEN RITHÖFUNDUR VAR FÆDDUR ÞENNAN DAG ÁRIÐ 1892.**

*„Verkinu sem aldrei er byrjað á gengur verst að ljúka.“*

***John Ronald Reuel Tolkien var breskur rithöfundur og fræðimaður, þekktastur fyrir skáldsögur sínar The Lord of the Rings og The Hobbit, eða Hringadróttinssögu og Hobbitann eins og þær nefnast á íslensku.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST** 3. JANÚAR 1903

## *Landvörn kemur út*

Nýtt blað kom út í Reykjavík í fyrsta sinn þennan dag árið 1903. Það hét Landvörn og var gefið út af Landvarnarflokknum sem stofnaður hafði verið í ágúst árið áður. Einn af forvígismönnum flokksins var Einar Gunnarsson, tæplega þrítugur maður sem starfaði hjá landshöfðingjanum. Einar var gerður að ábyrgðarmanni hins nýja blaðs og með honum í ritnefnd sátu ekki minni menn en skáldið Einar Benediktsson og Benedikt Sveinsson yngri.

Með þessu hófst farsæll ferill Einars Gunnarssonar sem blaðamanns og ritstjóra. Blaðið Landvörn átti sér þó ekki langa lífdaga en í framhaldi af útgáfu þess gaf Einar út litla vasabók sem hét Handbók fyrir hvern mann. Einnig ritstýrði hann barnablaðinu Unga Íslandi sem var gefið út í 5000 eintökum um tíma.

Lengst verður Einars samt minnst fyrir að hrinda útgáfu Vísis af stokkunum 14. desember 1910 því með honum hófst samfelld dagblaðaútgáfa á Íslandi.

Heimild/Nýjustu fréttir/Guðjón Friðriksson.



**RITSTJÓRINN** Einar Gunnarsson.

## MERKISATBURÐIR

**1597** Heklugos á Íslandi hefst og margir eldar eru uppi samtímis.

**1890** Hólmavík á Ströndum verður löggiltur verslunarstaður.

**1925** Benito Mussolini leysir upp þingið og lýsir yfir flokksræði á Ítalíu.

**1948** Þýskur togari bjargar fjögurra manna áhöfn íslenska vélbátsins Bjargar eftir átta daga hrakninga.

**1959** Alaska verður 49. fylki Bandaríkjanna.

**1967** Jack Ruby, maðurinn sem skaut Lee Harvey Oswald, deyr á sjúkrahúsi í Dallas.

**1990** Íslandsbanki hinn síðari hefur starfsemi sína.

**2000** Sjónvarpsþátturinn Kastljós hefur göngu sína í sjónvarpinu.




*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra F. Þorvaldsdóttir**

Dvalarheimilinu Hlévangi, Keflavík,
áður til heimilis Landakoti, Sandgerði,

andaðist sunnudaginn 30. desember síðastliðinn.
Útförin fer fram frá Hvalsneskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**Hrefna Magnúsdóttir**   **Viðar Markússon**
**Sigríður Á. Árnadóttir**
**Þorvaldur Árnason**   **Auður Harðardóttir**
**Magnea Árnadóttir**
**Katrín H. Árnadóttir**   **Helgi Laxdal**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Þökkum auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og jarðarför konu minnar, móður, tengdamóður, ömmu, langömmu og langalangömmu,*

**Guðríðar Þórðardóttur**

Heiðargerði 17, Vogum, Vatnsleysuströnd.

Sérstakar þakkir færum við heimahjúkrunarfræðingum, læknum og starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja, fyrir einstaka umönnun og umhyggju.

**Guðmundur Í. Ágústsson**
**börn og fjölskyldur þeirra.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Sigrún Einarsdóttir**

frá Borg, Tunguvegi 4, Njarðvík,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 28. desember.
Jarðarförin fer fram frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 11. janúar kl. 14.00.

**Friðrik Pétur Valdimarsson**
**Ólafía Sigríður Friðriksdóttir**   **Birgir Vilhjálmsson**
**Þórunn Friðriksdóttir**   **Ragnar Halldórsson**
**Oddbjörg Friðriksdóttir**   **Erlendur Borgþórsson**
**Anna Hulda Friðriksdóttir**   **Árni Eiðsson**
**Sigrún Alda Jensdóttir**   **Snorri Snorrason**
**Hafdís Friðriksdóttir**   **Árni Hjaltason**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Jónína Friðbjörg Tómasdóttir**

frá Auðsholti, Dalbraut 25, Reykjavík,

lést að morgni aðfangadags á heimili sínu. Hún verður jarðsungin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði föstudaginn 4. janúar kl. 13.00.

**Stefán Jón Steinþórsson**
**Steinþór Stefánsson**   **Hildur Pétursdóttir**
**Friðberg Stefánsson**   **Áslaug Birna Ólafsdóttir**
**og barnabörnin**
**Þórdís, Atli, Hrannar og Andrea.**




**UMHVERFISVERÐLAUN VEITT.** Eyja Þóra og Jóhann á Moldnúpi ásamt Magnúsi Oddssyni ferðamálastjóra og Vali Hilmarssyni, umhverfisfulltrúa Ferðamálastofu.

COUNTRY HÓTEL ANNA HLAUT UMHVERFISVERÐLAUN FERÐAMÁLASTOFU

# Heiðra minningu fjósakonu

Country Hótel Anna á Moldnúpi undir Eyjafjöllum hlaut umhverfisverðlaun Ferðamálastofu 2007 rétt fyrir áramótin. Eigendur þess eru Eyja Þóra Einarsdóttir og Jóhann Frímannsson. Hótel Anna er minnsta þriggja stjörnu hótel landsins og ber nafn Önnu Jónsdóttur sem var verkakona, vefari og rithöfundur. Hún ólst upp á Moldnúpi og kenndi sig ávallt við bæinn. „Anna á Moldnúpi var afasystir mín. Hún var heilmikil ferðakona, fór víða um veröldina og skrifaði um það bækur. Ein þekktasta sagan hennar nefnist Fjósakona fer út í heim,“ upplýsir Eyja Þóra sem einnig á sínar rætur á Moldnúpi.




**HÓTEL ANNA**

„Ég óst hér upp en fór í burtu og kom aftur löngu síðar,“ segir Eyja Þóra. „Við fluttum hingað 1993 frá Reykjavík. Tókum við búi þá og vorum bændur í 10-11 ár. Svo var gamla húsið hér tómt og við þurftum að velja um hvort við vildum rústa því eða gera það upp og við ákváðum að gera úr því hótel sem var opnað í byrjun júlí árið 2002. Svo þurftum við á ákveðnum tímapunkti að velja á milli hefðbundins búskapar og ferðaþjónustunnar svo við seldum kýrnar og snerum okkur alfarið að ferðaþjónustunni.“

Húsið sem hótelið er í er byggt 1927. Í því eru fimm tveggja manna herbergi og það er talið minnsta þriggja stjörnu hótel á landinu. Eyja Þóra viðurkennir að það sé lítið en segir veitingasalinn styrka stoð í rekstrinum. „Við tökum oft á móti hópum í hádegismat sem bara koma og fara. Svo erum við með sumarstarfsemi í farfuglaheimilinu í Skógum þannig að þetta tvinnast saman,“ lýsir hún.

Hóteleigendur Önnu á Moldnúpi reyna að búa að sínu. Þeir fá rafmagn úr heimarafstöð við svokallaðan Fosslæk, ásamt tveimur nágrannabæjum og reka hitaveitu með nágrönnum. Árið 2006 fékk hótelið vottun Green Globe 21 á umhverfisstefnu sinni. Innréttingar og húsgögn eru í stíl við aldur hússins og hráefni í veitingum tekur mið af hefðum úr sveitinni. Áhersla er líka á að veita persónulega þjónustu og skapa þægilegt umhverfi fyrir gesti. Fræðsla um sögu og menningu er í hávegum höfð og minningu Önnu á Moldnúpi haldið á lofti.

Eyja Þóra og Jóhann taka einnig þátt í að græða upp Ásólfsskálaheiði og Eyja Þóra leiðir samstarf sveitarfélaga í Rangárvalla- og Vestur-Skaftafellssýslu ásamt Skaftafellsþjóðgarði um að gerast vottað samfélag samkvæmt stöðlum Green Globe 21. „Við viljum skila umhverfinu í enn betra ástandi en við tökum við því,“ segir hún að lokum. **gun@frettabladid.is**

# Styrkur til vestfirskra stúlkna

Sjö vestfirskar konur fengu nýlega styrk úr Minningarsjóði Gyðu Maríasdóttur. Þær eru Albertína Elíasdóttir sem stundar nám í byggðalandafræði/byggðarannsóknum við Univerity of Aberdeen í Skotlandi, Arnþrúður Gísladóttir sem stundar nám við tónlistardeild Listaháskóla Íslands, Bríet Rut Árnadóttir sem leggur stund á nám í leiklist fyrir kvikmyndir og sjónvarp við Vancouver Film School í Kanada, Hafdís Sunna Hermannsdóttir sem nemur við Aalborg University in Architecture and Design í Danmörku, Helga Kristbjörg Guðmundsdóttir sem er fyrsti nemandinn í harmonikuleik við Listaháskóla Íslands, Sunneva Jasmín Bernhardsdóttir sem stundar nám í alþjóðlegri þróunarfræði og umhverfis- og auðlindafræði við Trent University í Kanada og Sólrún Héðinsdóttir sem sækir námskeið í svokallaðri Tomatis-aðferð við Tomatis Nordiskas Lokaler í Sollentuna í Svíþjóð. Allar fengu þær 210 þúsund króna styrk, nema Sunneva sem áður hafði fengið styrk úr sjóðnum.

Gyða Maríasdóttir, sem minningarsjóðurinn er kenndur við, veitti Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði forstöðu frá 1924 til dauðadags árið 1936. Gamlir nemendur hennar stofnuðu sjóðinn til minningar um hana á fimmtíu ára afmæli skólans árið 1962. Alls hafa 40 konur fengið styrk úr sjóðnum frá stofnun hans. **Heimild/bb.**



**STYRKHAFAR** Helga Kristbjörg, Bríet Rut, Albertína, Arnþrúður og Hafdís Sunna ásamt Sigrúnu Guðmundsdóttur, formanni sjóðsstjórnar. MYND/BB.

# Oddi styrkir UNICEF

Starfsmenn Prentsmiðjunnar Odda tóku undarlegri áskorun fyrir jólin og styrktu um leið gott málefni. Í aðdraganda jólanna héldu starfsmenn óvenjulegan starfsmannadag þar sem þeir skoruðu hver á annan að bregða á leik og var fé lagt undir hverja áskorun. Alls söfnuðu starfsmennirnir 171 þúsund krónum sem renna óskiptar til verkefna UNICEF, Barnahjálpar Sameinuðu þjóðanna.

Ansi skrautlegt var um að litast í prentsmiðjunni þann dag þegar fólk brá sér í búninga, litaði sig blátt, setti upp höfuðföt eða rúllur í hárið. Auk þess voru sýnd töfrabrögð, skór burstaðir, húðflúr teiknuð og ótalmargt fleira. Þess má jafnframt geta að allir starfsmenn Odda eru heimsforeldrar UNICEF og taka þannig þátt í verkefnum Barnahjálparinnar víða um heim.

Við sama tilefni skrifuðu Oddi og UNICEF undir samstarfssamning um að Oddi styrki UNICEF með því að annast alla hönnun og prentun á fræðslu- og kynningarefni Barnahjálparinnar. Heildarverðmæti styrktarsamningsins, sem nær til þriggja ára, er hátt í 10 milljónir króna.



**BLÁ FYRIR GOTT MÁLEFNI** Þessi starfsmaður Odda litaði sig bláan í tilefni dagsins og styrkti þar með gott málefni.

# *Sundlaug á Álftanesi*

Íbúar Sveitarfélagsins Álftaness geta hlakkað til að stinga sér í nýja sundlaug að ári en nýlega var tekin fyrsta skóflustungan að byggingu sundlaugar og viðbyggingu við íþróttahús. Eignarhaldsfélagið Fasteign sér um byggingruna en um er að ræða 25 metra útisundlaug, vaðlaug fyrir börn, öldulaug, steypta potta, 12,5 m innilaug og tilheyrandi byggingu sem tengist núverandi íþróttahúsi. Nýbyggingin er um 2.600 m2 að stærð. Áætluð verklok eru í byrjun desember 2008.



**ÁLFTANES** Í desember á næsta ári geta íbúar Álftaness dýft tánni í nýja sundlaug.

## AFMÆLI



Matthías Johannessen, skáld og ritstjóri, er 78 ára í dag.



Vilhelm Anton Jónsson tónlistarmaður er 30 ára í dag.



Úlfur Grönvold myndlistarmaður er 42 ára í dag.



Mel Gibson leikari er 52 ára í dag.



Sölvi Blöndal tónlistarmaður er 33 ára í dag.



Michael Schumacher ökuþór er 39 ára í dag.

---



†

*Útför elskulegs eiginmanns míns, föður, tengdaföður, afa og langafa,*

**Björns Þórhallssonar**

viðskiptafræðings og fyrrverandi varaforseta ASÍ, Goðheimum 26, Reykjavík,

sem lést á Landspítalanum aðfaranótt 25. desember, fer fram frá Langholtskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 15.00.

**Guðný S. Sigurðardóttir**
**Þórhallur Björnsson** **Anna Janyalert**
**Karl Björnsson** **Katrín I. Karlsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elsku eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Arnþór Kristjánsson**

lést á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð hinn 29. desember síðastliðinn.
Útförin mun fara fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Bergljót Baldvinsdóttir**
**Gylfi Þór Arnþórsson**
**Sigríður Arna Arnþórsdóttir** **Sævar Siggeirsson**
**Bryndís Arnþórsdóttir** **Bergþór Baldvinsson**
**Kristín Arnþórsdóttir** **Sigþór Másson**
**Kristján Freyr Arnþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---

†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðrún Ólafía Sigurgeirsdóttir**

Súlunesi 22, Garðabæ,

sem lést 21. desember síðastliðinn, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 11.00.

**Sigurbjörg Þorvarðardóttir** **Sólmundur Þ. Maríusson**
**Sigurgeir Friðriksson** **Kristín Anna Þorsteinsdóttir**
**Ásta Friðriksdóttir** **Sturla Geirsson**
**Ólafur Þór Gunnarsson** **Elínborg Bárðardóttir**
**barnabörn og langömmubarn.**

---



†

*Hjartans þakkir til allra sem sýndu vinartryggð vegna andláts Finnu okkar. Sérstakar þakkir til Olgu og samstarfsmanna í félagsstarfi aldraðra, Snorra og Karlakórs Akureyrar – Geysis. Vinir okkar, hafið kærar þakkir fyrir allt.*

**Guðfinna Guðvarðardóttir**

Borgarsíðu 17, Akureyri
f. 2. maí 1948 – d. 17. desember 2007.

**Valgarður Stefánsson**
**Ragnheiður Valgarðsdóttir** **Haraldur Þór Guðmundsson**
**Rut Valgarðsdóttir** **Sergio Polselli**
**Kristbjörg Rán Valgarðsdóttir**
**barnabörn og Lotta litla sem Finnu þótti svo vænt um.**

---



†

*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Halldóra Kr. Björnsdóttir**

Nónvörðu 2, Keflavík,

lést sunnudaginn 30. desember að Garðvangi, Garði.
Útförin auglýst síðar.

**Loftur Hlöðver Jónsson**
**Kristján Már Jónsson**
**Ragnhildur Jónsdótttir** **Kristmundur Árnason**
**Ásta Margrét Jónsdóttir** **Sigurður H. Jónsson**
**Dóra Birna Jónsdóttir** **Hermann Waldorff**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskuleg sambýliskona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Helga Ívarsdóttir**

Hæðargarði 29, Reykjavík,

sem lést föstudaginn 2. desember, verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 3. janúar kl. 15.00.

**Sverrir Guðjónsson**
**Björn Erlendsson** **Þórunn Brandsdóttir**
**Ívar Erlendsson** **Joanna Marcinkowska**
**Sigríður Erlendsdóttir** **Jón Víkingur Hálfdánarson**
**Magnús Erlendsson**
**systkini og barnabörn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Árni Friðrik Scheving**

hljómlistarmaður, Mávahlíð 5, Reykjavík,

sem varð bráðkvaddur laugardaginn 22. desember, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju föstudaginn 4. janúar kl. 13.00. Kl. 12.00-13.00 verður flutt tónlist í kirkjunni. Blóm vinsamlegast afþökkuð en þeim sem vilja minnast hans er bent á sjóð sem stofnaður verður í minningu Árna.

**Sigríður Friðjónsdóttir**
**Ragnar Þór Árnason** **María Sigmundsdóttir**
**Bryndís Scheving** **Haraldur Ólafsson**
**Guðni Þór Scheving** **Helga Rós Reynisdóttir**
**Einar Valur Scheving** **Vigdís Rún Jónsdóttir**
**Arnaldur Haukur Ólafsson** **Louisa Stefanía Djermoun**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Hörður Snorrason**

Hlíðarstræti 5, Bolungarvík,

lést á Fjórðungssjúkrahúsinu á Ísafirði 29. desember. Útför hans fer fram frá Hólskirkju í Bolungarvík laugardaginn 5. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Björgunarsveitina Erni Bolungarvík.

**Margét Kristín Jónasdóttir**
**Snorri H. Harðarson** **Þorgerður J. Einarsdóttir**
**Guðjón Kr. Harðarson** **Ólöf S. Bergmannsdóttir**
**Jón Ísak Harðarson** **Sólveig B. Skúladóttir**
**Þorbjörg J. Harðardóttir** **Hjörleifur Larsen Guðfinnsson**
**Elín Sigurborg Harðardóttir** **Atli Jespersen**
**Jónas Harðarson**
**Vignir Harðarson** **Milena Cutino Cutino**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Elskulegur bróðir okkar,*

**Sæmundur Kristjánsson**

frá Ísafirði,

lést föstudaginn 28. desember á heimili sínu í Kópavogi. Útför fer fram frá Garðakirkju, Álftanesi, miðvikudaginn 9. janúar kl. 13.00.

**María Kristjánsdóttir**
**Svanur Kristjánsson**
**og fjölskyldur.**

# RISAÚ

BÍLHÁTALARAR BÍLMAGNARAR BÍLTÆKI

SJÓNVARPSTÆKI
MYNDAVÉLAR MAGNARAR
FERÐATÆKI MYNDBANDSTÆKI GEISLASPILARAR
ÍSSKÁPAR FRYSTIKISTUR SAUMAVÉLAR
ÞVOTTAVÉLAR MATVINNSLUVÉLAR KAFFIVÉLAR
ELDAVÉLAR ÖRBYLGJUOFNAR
UPPÞVOTTAVÉLAR BRAUÐRISTAR
HRÆRIVÉLAR SAMLOKUGRILL SAFAPRESSUR
STRAUJÁRN VÖFFLUJÁRN RYKSUGUR HELLUBORÐ
BLANDARAR ÞRÁÐLAUSIR SÍMAR
REIKNIVÉLAR HÁFAR OFNAR
RAKVÉLAR PÖNNUR
POTTAR

CASIO · Lenco · NAD · KENWOOD · PHILIPS · Panasonic · UNITED
BEKO · DeLonghi · elna · exido · ide line · Melissa · TecnoWind
Bauknecht · Bompani · OBH NORDICA · INDESIT · VESTFROST · Whirlpool

HÁTALARAR
HEYRNARTÓL
HLJÓMBORÐ
ÚTVÖRP

# 1000 VÖRUTEGUNDIR MEIRA EN MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

# TSALA

## ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

DVD SPILARAR
HLJÓMTÆKI
SÍMAR
MP3 SPILARAR
MYNDAVÉLAR

BROT AF ÞVÍ BESTA

**Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárblásarar og fleira frá kr. 995**

**PHILIPS flatsjónvörp á frábæru verði**

**KENWOOD hrærivélar með allt að 40% afslættti**

**Pottar og pönnur frá Bialetti og Tefal með 30% afslætti**
**Panasonic RYKSUGA – Verð áður kr. 6.995 – Verð nú kr. 4.995**
**Philips keramik SLÉTTUJÁRN – Verð áður kr. 4.995 – Verð nú kr. 2.995**
**220 lítra FRYSTIKISTA – Verð áður kr. 36.995 – Verð nú kr. 26.995**

**Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti**

**TAKMARKAÐ MAGN**
**Fyrstur kemur – fyrstur fær!**

**ERUM FLUTT AÐ SUÐURLANDSBRAUT 26**

**Heimilistæki**
www.ht.is

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | SELFOSS |
| --- | --- | --- | --- |
| SUÐURLANDSBRAUT 26<br>SÍMI 569 1500 | GLERÁRGÖTU 36<br>460 3380 | GARÐARSBRAUT 18A<br>464 1600 | EYRARVEGI 21<br>480 3700 |






## STUÐ MILLI STRÍÐA Bakþankar um jól og áramót

**ROALD VIÐAR EYVINDSSON** TELUR VONT SKAUP BETRA EN GOTT SKAUP



Hátíðarhald í kringum jól og áramót eru fastur liður í tilveru Íslendinga og ýmsar hefðir samofnar því: pakkar, át, áhorf á áramótaávarp forsetans og auglýsing Kaupþings, sem er beðið eftir með nánast jafn mikilli tilhlökkun og Skaupinu.

Ein „jólahefð“ skipar þó heiðurs sess hjá íslensku þjóðinni, en það er að tuða sem er fyrir sumum jafn órjúfanlegur hluti hátíðarhaldsins og jafningur, hangikjöt, sprengingar og kampavínssötur.

Misjafnt er hvað menn tuða um en lítil, óformleg könnun sem ég framkvæmdi, og á ekkert skylt við mig og mína nánustu, leiddi í ljós að nokkur umkvörtunarefni eru vinsælli en önnur og þar tróna matur og sjónvarpsefni efst.

Grauturinn hennar mömmu – í merkingunni mæður landsins – er sígilt gremjuefni. Ekki nóg með að tal um bragð grautarins, sem var sætari árið á undan, teygi sig að lokum yfir í tuð, heldur er kvartað hástöfum yfir því hvar mandlan og þar af leiðandi möndlupakkinn endaði, sem lýkur með því að menn eru sakaðir um brögð í tafli.

Næst eru það umskiptin sem urðu á Macintosh-konfektinu sem enn er tuðað yfir, heilum áratug eftir að þær áttu sér stað. „Þetta er óætt eftir að þeir tóku út brennda molann,“ segir mamman meðan klanið skóflar í sig namminu, líkt og sá brenndi leynist þar enn. Macintosh eignaðist reyndar verðugan keppinaut þessi jól, þar sem pabbinn heldur því fram að komið sé eitthvert dropabragð af blessuðu konfektinu frá Nóa Siríus.

Langvinsælasta tuðið, það sem sameinar alla þjóðina í einum allsherjar harmakveini, er Skaupið. Það er eins og allur pirringurinn sem hefur safnast yfir árið magnist og springi með látum á gamlárskvöld þegar einhver vesalings leikstjóri ætlar að gleðja þjóðina, án þess að átta sig á að markmiðið er að búa til vont Skaup en ekki gott. Enda verðum við jú að hafa eitthvað til að tuða um næstu mánuðina.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





**LEIKLIST** Hópurinn með leikstjóranum tilbúinn í slaginn með fjölda hurða og endalausar blekkingar. MYND/LEIKFÉLAG AKUREYRAR

# Flóin í Samkomuhúsinu

**Ekki eru miklar líkur á það að dragi úr aðsókn hjá Leikfélagi Akureyrar á síðari hluta leikársins nú þegar sýningum er lokið á Óvitum Guðrúnar Helgadóttur: æfingar eru komnar á fullt á hinum þjóðkunna franska farsa Fló á skinni eftir meistarann George Feydeau. Frumsýning er fyrirhuguð hinn 8. febrúar.**

Stór hópur kemur fram á hinu litla sviði Samkomuhússins í þessari sviðsetningu Maríu Sigurðardóttur, en Gísli Rúnar Jónsson hefur þýtt leikinn og unnið af honum íslenska aðlögun, fært búsorgir og búksorgir franska keisaratímans til byggða Eyjafjarðar og fylgir þar hinni vinsælu hefð sem spratt upp hér á þriðja og fjórða áratug síðustu aldar þegar Emil Thoroddsen staðfærði franska og þýska farsa við miklar vinsældir. Gísli er ekki óvanur slíkum vinnuaðferðum: hann hefur þegar þýtt nokkra vinsæla farsa fyrir íslensk leiksvið og söngleiki að auki.

Af þeim náði Sex í sveit mestum vinsældum á fjölum Borgarleikhússins og var María þá líka leikstjóri. Í leikhóp hennar nú eru líka leikarar að sunnan: Randver Þorláksson, Margrét Helga Jóhannsdóttir, Linda Ásgeirsdóttir og Valdimar Flygenring, en aðrir eru þekktari nyrðra, Guðjón Davíð Karlsson, Jóhannes Haukur Jóhannesson, Hallgrímur Ólafsson, Kristín Þóra Haraldsdóttir, Viktor Már Bjarnason, Atli Þór Albertsson, Þráinn Karlsson, Tinna Lind Gunnarsdóttir og Aðalsteinn Bergdal. Leikmynd og búninga hannar Snorri Freyr Hilmarsson. Ljósahönnuður er Björn Bergsteinn Guðmundsson.

Fló á skinni var leikinn fyrst hér á landi í Iðnó í tíð Vigdísar Finnbogadóttur og gekk látlaust í mörg ár. Svo miklar voru vinsældir leiksins að hann var settur upp öðru sinni árið 1990 í Borgarleikhúsinu en farsinn fagnar 100 ára afmæli.

Efnisþræði er svo lýst í tilkynningu frá LA: Er það rétt að í annálaðri fegurð Eyjafjarðar sé sveitasetrið Sveinbjarnargreiði griðastaður elskenda á laun? Hefur Saga Ringsted ástæðu til að gruna eiginmanninn um græsku eða hefur hún sjálf eitthvað að fela? Hver var konan sem bað forstjórann um blint stefnumót? Hélt Elli við konu Jóhannesar eða hélt hann bara upp á hana? Er Helmut Edelstein manískur kvennamaður eða bara þýskur ferðamaður? Er afbrýðisemi Miroslav á rökum reist? Og er ást Tínu sönn? Ást og afbrýðisemi, misskilningur á misskilning ofan og allt í dásamlegri steik. pbb@frettabladid.is

# Þjóðlagasveit fagnar

Hljómsveitin Stórsveit Nix Noltes, sem þekkt er fyrir hressilegan flutning á búlgarskri þjóðlagatónlist, fagnar nýju ári og nýútkomnum geisladisk sínum á tónleikastaðnum Organ í Hafnarstræti í kvöld kl. 22. Á tónleikunum leikur sveitin tónlist af nýju útgáfunni, en hún ber hið átakanlega nafn Royal Family – Divorce. Hljómsveitin stendur sjálf að útgáfu disksins, en hann er einnig hægt að kaupa í formi niðurhals á vefsíðunni www.grapewire.is.

Sem fyrr segir hefjast tónleikarnir kl. 22 en gestum býðst að mæta klukkustund fyrr og skála í freyðivíni við undirleik lítillar flugeldasýningar. Erlendur plötusnúður mun jafnframt þeyta skífum og kæta mannskapinn. - vþ



**STÓRSVEIT NIX NOLTES** Leikur á tónleikastaðnum Organ í kvöld.

# Safn um Chaplin

**Safn helgað Chaplin verður sett á stofn á heimili hans í Sviss skammt frá Lousanne þar sem hann bjó frá 1953. Chaplin flutti á unga aldri til Bandaríkjanna þar sem hann starfaði til 1953. Þá var hann kallaður fyrir óamerísku nefndina undir stjórn Joes McCarthy en flúði þá ásamt Oonu konu sinni og átta börnum og settist að í þorpinu Corsier-sur-Vevey þar sem hann bjó til dauðadags. Safninu verða tiltæk öll gögn úr hinu mikla safni fjölskyldunnar: ljósmyndum, kvikmyndum og persónulegum munum frá hans afkastamiklu ævi. Gert er ráð fyrir að safnið opni á næsta ári, 2009. - pbb**



Charlie Chaplin


Salurinn

LAUGARDAG 12. JANÚAR 2008 KL. 17
TÍBRÁ: NÝÁRSTÓNLEIKAR
HULDA BJÖRK OG SALONSVEIT SIGURÐAR INGVA SNORRASONAR.
ÖRFÁ SÆTI LAUS
Miðaverð 2000/1600 kr.

MIÐASALAN ER OPIN VIRKA DAGA FRÁ KL. 10 – 16 FRAM AÐ JÓLUM

SMELLTU Á NÝJU HEIMASÍÐUNA WWW.SALURINN.IS OG SKOÐAÐU FALLEGU GJAFAKORTIN

FRÁBÆR JÓLAGJÖF!

GLEÐILEG JÓL
ÞÖKKUM ÁNÆGJULEGAR SAMVERUSTUNDIR Á ÁRINU

BYR SPARISJÓÐUR
SÍMI 5 700 400 · WWW.SALURINN.IS






Þjóðleikhúsið um helgina

Afgreiðsla miðasölu á Hverfisgötu er opin frá kl. 12.30–18.00 mán. og þri. Aðra daga frá kl. 12.30–20.00. Símapantanir frá kl. 10.00 virka daga.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Miðasala í síma 551 1200 og á www.leikhusid.is

Ógleymanleg, ljúfsár og launfyndin

„Það er líka sjaldgæft að verða vitni að jafn kraftmikilli sýningu og þessari, jafn miklum galsa, jafn fumlausum tökum á forminu, jafn afdráttarlausri túlkun, jafn tilgerðarlausri en jafnframt útpældri sviðsmynd...“

Þröstur Helgason Lesbók MBL, 29. des.





# *Sónötur sem mörkuðu tímamót*

Fjórðu tónleikarnir í tónleikaröðinni Von103 eiga sér stað í hádeginu á morgun. Auður Hafsteinsdóttir fiðluleikari, Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari og Nína Margrét Grímsdóttir, píanóleikari og listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar, flytja tvær sónötur eftir franska tónskáldið Claude Debussy.

Á efnisskránni verða sellósónatan og fiðlusónatan sem báðar eru samdar á síðari árum tónskáldsins 1915-17, en Debussy lést árið 1918. Hann tileinkaði eiginkonu sinni, Emmu-Claude, sónöturnar, sem þykja um margt merkilegar að sögn Nínu Margrétar. „Þessar sónötur eru taldar vera tímamótaverk og urðu í raun fyrirmyndirnar að því hvert farið var með kammersónötuformið á tuttugustu öldinni. Debussy blandar saman þeim stíl sem hann hafði mest unnið með og var oft kallaður impressionískur og öðrum, óskyldum stílum, til að mynda kaffihúsatónlist og jafnvel djassi. Það gerist ekki oft að sónöturnar séu fluttar saman á tónleikum og því er gaman að fá tækifæri til að kynnast þessum þroskuðu verkum tónskáldsins.“

Tónleikaröðin Von103 fór af stað í haust og hefur frá upphafi verið vel sótt. „Já, aðsóknin hefur verið vonum framar. Hádegistónleikar virðast eiga upp á pallborðið hjá tónlistaráhugafólki og margir hafa haft orð á því við mig hvað það er gott að geta notið fallegrar tónlistar í hádeginu og haldið svo endurnærðir aftur til vinnu,“ segir Nína Margrét. Tónleikarnir eru um fjörutíu mínútna langir án hlés og verður veitingahúsið Te&Kaffi með veitingar til sölu. Tónleikaröðin er haldin í samstarfi við SÁÁ og Rás 1.

Miðaverð á tónleikana er 2.000 kr, en nemar og eldri borgarar fá helmings afslátt. Tónleikarnir verða haldnir á morgun í tónleikasalnum Von, Efstaleiti 7, og hefjast kl. 12.15. - vþ



**VIÐ ÆFINGAR** Sigurður Bjarki, Nína Margrét og Auður leika á hádegistónleikum á morgun. FRÉTTABLAÐIÐ/AUÐUNN


Gleðilegt ár!





Kennsla hefst 14. janúar

Innritun og upplýsingar í síma 561 5620 frá kl. 12-17

www.schballett.is

BALLETTSKÓLI Eddu Scheving
Safnaðarheimili Háteigskirkju
Háteigsvegi • Sími 552 5620
Félag íslenskra listdansara



> **FRAMHALDI FRESTAÐ**

Framhaldinu af Transformers hefur verið frestað um heilt ár af því að handritshöfundar eru í verkfalli. Michael Bay hefur hins vegar róað aðdáendur Umbreytinganna og segir á bloggi sínu að nýju vélmennin séu „ótrúleg“.

# bíó

bio@frettabladid.is

# Í óbyggðum tekur Óskars-forystu

Kvikmyndin Into the Wild í leikstjórn Sean Penn hefur tekið ákveðið forskot í kapphlaupinu um Óskarsverðlaunin. Samtök leikara í Hollywood, SAG, tilkynntu nýverið tilnefningar sínar fyrir bestu frammmistöðu ársins og fékk kvikmynd Penn alls fjórar talsins en samtökin þykja gefa nokkuð sterka vísbendingu um það sem koma skal í Kodak-höllinni í næsta mánuði. Tilnefningunum var hins vegar dreift óvenju jafnt þetta árið og þannig fékk Clooney-myndin Michael Clayton þrjár líkt og Coen-myndin No Country for Old Men. Cate Blanchett fékk hins vegar tvær, eina fyrir Elizabeth: The Golden Age og hina fyrir Dylan-kvikmyndina I'm Not There.

Kvikmyndirnar 3:10 to Yuma, American Gangsters, Into The Wild, No Country for Old Men og Hairspray berjast síðan um hylli leikarastéttarinnar fyrir besta leikhóp síðasta árs.



**TILNEFNDUR** George Clooney er tilnefndur fyrir frammistöðu sína í Michael Clayton.



**LÍKLEGUR** Tommy Lee Jones leikur eitt aðalhlutverkanna í Coen-myndinni No Country for Old Men.



**PENN** Er væntanlega sáttur en kvikmyndin hans Into the Wild fékk fjórar tilnefningar hjá samtökum leikara.





**GÓÐIR SAMAN** Þeir Steven Spielberg og Sacha Baron Cohen eiga vafalítið eftir að ná vel saman við gerð myndarinnar The Trial of Chicago Seven.

# Cohen til liðs við Steven Spielberg

Þrátt fyrir andlát Borats og Ali-G er leikarinn Sacha Baron Cohen hvergi nærri dauður úr öllum æðum. Og hefur hann nú samið við gullkálfinn Steven Spielberg um að leika í næstu mynd leikstjórans. Sú heitir The Trial of Chicago Seven og fjallar um hippaleiðtogann Abbie Hoffmann. Hoffmann beitti eilítið öðrum meðölum en aðrir síðhærðir og skeggjaðir mótmælendur Víetnams-stríðsins því grín og gamanmál voru hans helsta vopn.

Hoffmann olli miklum óeirðum í kringum flokksþing Demókrataflokksins árið 1968 og var handtekinn en réttarhöldin yfir honum gengu einmitt undir nafninu The Trial of Chicago Seven. Hoffmann lenti oft upp á kant við lagganna verði og var á flótta undan dómsvaldinu sökum ásakana um að hafa staðið að sölu kókaíns.

Reiknað er með að myndin fari í framleiðslu á næsta ári og verði frumsýnd árið 2010.

# Radcliffe grýttur til bana í Sómalíu

Harry Potter-stjarnan Daniel Radcliffe hafði betur í baráttu sinni við Heath Ledger og Orlando Bloom um hlutverk ljósmyndarans Dan Eldon í kvikmyndinni Journey. Myndin, sem er byggð á sannsögulegum atburðum, gerist að mestu leyti í borgarastyrjöldinni í Sómalíu en hún segir frá fjögurra manna hópi blaðamanna sem var grýttur til dauða af brjáluðum múg árið 1993.

Móðir ljósmyndarans, Kathy, lýsti því yfir við fjölmiðla að hún væri ákaflega ánægð með að Radcliffe hefði orðið fyrir valinu. „Við höfnuðum mörgum eldri leikurum vegna þess að Eldon var fyrst og fremst strákur sem var að fara að fullorðnast,“ sagði Kathy en dagbók ljósmyndarans sem var gefin út árið 1997 hefur selst í yfir 200 þúsund eintökum.



**NÝTT HLUTVERK** Ljósmyndarinn Dan Eldon er töluvert ólíkur frægustu persónu Radcliffe, töfrastráknum Harry Potter.

# Ang Lee og erótíkin

**Taívanski leikstjórinn Ang Lee er enn og aftur mættur fram á sviðið með umdeilda kvikmynd en að þessu sinni er það erótískur njósnatryllir sem þegar hefur vakið mikla athygli.**



**ERÓTÍSK** Lust, Caution eða Se, Jie hefur að geyma opinskáar og erótískar senur.

Ang Lee hefur síður en svo farið troðnar slóðir á kvikmyndaferli sínum og eftir ástarævintýri smalanna á Brokeback-fjallinu sneri leikstjórinn aftur til föðurlandsins en þar hafði hann ekki gert kvikmynd síðan hann kvikmyndaði Crouching Tiger, Hidden Dragon fyrir sjö árum. Lee útskýrði fyrir gestum Feneyjahátíðarinnar af hverju hann kaus að gera kvikmynd á kínversku í stað þess að fylgja eftir velgengni Brokeback á ensku. „Ég varð að gera þessa kvikmynd. Eftir tíu ár hefði allt fólkið sem upplifði þennan tíma verið horfið yfir móðuna miklu og þá hefði þessi saga gleymst.“

**Hafnað af Akademíunni**

Crouching Tiger, Hidden Dragon hlaut Óskarinn sem besta erlenda kvikmyndin en nýjasta kvikmynd Lees, Lust, Caution, var hafnað af akademíunni. Ekki af því að hún þætti ekki nógu góð heldur fannst meðlimum Akademíunnar taívanskir kvikmyndagerðarmenn ekki vera nógu fyrirferðarmiklir við gerð hennar. Ang Lee segir í ítarlegu viðtali við BBC-fréttavefinn að þetta hafi komið sér á óvart og þetta sé til merkis um að reglur Óskarsverðlaunanna séu úr sér gengnar. „Kvikmyndir eru ekki gerðar af einum eða tveimur einstaklingum heldur af mörgu fólki og maður á alltaf að velja þá bestu til verksins hverju sinni,“ segir Lee, en framleiðslufyrirtækið Focus Feutures hafði gert sér vonir um að Lust, Caution myndi fá jafnmörg verðlaun og Brokeback. Ákvörðun Óskarsvalnefndarinnar skaut þær vonir niður að einhverju leyti.



**UMDEILDUR** Kvikmyndir Ang Lee vekja alltaf mikla eftirtekt og er skemmst að minnast samkynhneigðu smalanna í Brokeback Mountain.

Lee segir að það að gera kvikmyndir í Kína útheimti mikla vinnu, mun meiri vinnu heldur en í Hollywood og það sé kannski helst þess vegna sem hann hafi haldið sig í faðmi Ameríku. „Í Kína þarft þú að ýta við fólki sjálfur en ég er virkilega ánægður með að geta gert kvikmynd á kínversku eftir tvær á ensku,“ segir Lee en auk Brokeback gerði leikstjórinn kvikmyndina Hulk á eftir Crouching Tiger.

**Bönnuð innan átján**

Lust, Caution var bönnuð innan sautján ára í Bandaríkjunum sem þýðir að hún þykir sýna meira hold en góðu hófi gegnir hjá bandarískum siðapostulum. Þótt slíkur stimpill merki að þarna sé eitthvað forboðið og framandi á ferðinni þá eru bandarískir áhorfendur ekkert ýkja hrifnir af nekt og eru ekki þekktir fyrir að flykkjast á slíkar kvikmyndir nema það sé einhver þekkt Hollywood-stjarna sem fækkar fötum. Í Bretlandi var myndin bönnuð áhorfendum yngri en átján ára en Bretarnir kippa sér lítið upp við líkama á Evuklæðunum og slíkur stimpill hefur því lítil áhrif á aðsóknina. Lee segir þetta sig þó litlu skipta. „Ég myndi frekar vilja tapa peningum en þurfa að klippa myndina alveg upp á nýtt,“ segir Lee.

Lust, Caution segir frá leikarahópi sem hyggst ráða háttsettan kínverskan embættismann af dögum. En ráðabruggið snýst í höndunum á þeim þegar beitan fellur fyrir fórnarlambi sínu. Kvikmyndin, sem er byggð á smásögu Eileen Chang, vann Gullna ljónið á kvikmyndahátíðinni í Feneyjum og fékkst sýnd óklippt í bæði Hong Kong og Taívan en kynlífsatriðin voru skorin niður í kínversku útgáfunni. Þau þykja með eindæmum opinská og voru tekin á ellefu daga tímabili með aðeins einum tökumanni og hljóðmanni. Myndin verður frumsýnd um miðjan mánuðinn hér á landi. - fgg

# Fjölbreytt dagskrá á nýju ári

Hún er æði fjölbreytt, fyrsta vika ársins í kvikmyndahúsunum. Fyrst ber að nefna frumsýningu Græna ljóssins á kvikmynd Todd Haynes, I'm Not There, sem enginn aðdáandi Bobs Dylan ætti að láta framhjá sér fara. En þar bregður fjöldi þekktra leikara sér í gervi tónlistarmannsins. Meðal þeirra má nefna Cate Blanchett, Heath Ledger og Richard Gere.

A Mighty Heart með Angelinu Jolie á tvímælalaust erindi við daginn í dag en hún segir frá leit Mariane Pearl að eiginmanni sínum, blaðamanninum Daniel Pearl, í Pakistan. En landið hefur verið töluvert í fréttum eftir að Benazir Bhutto var ráðin af dögum nýverið.

Og loks verður National Treasure: Book of Secrets tekin til sýningar en hún trónir nú á toppnum í Bandaríkjunum. Myndin er sjálfstætt framhald National Treasure þar sem Ben Gates grefur upp forvitnilegar söguminjar í sögu Bandaríkjanna. Nicolas Cage er aftur mættur til leiks og þykir hárgreiðslan minna óneitanlega á þá sem Tom Hanks bar í Da Vinci Code.







**FJÖLBREYTT** Bob Dylan-mynd Todd Haynes, Mighty Heart með Angelinu Jolie og Book of Secrets með Nicolas Cage verða allar frumsýndar fyrstu helgi ársins.

# Útsalan er hafin
# Opnum kl 07:00

**40%**

**afsláttur af öllum vörum**

next

**sími 551 3200**

**Prófaðu...**

*...að finna tartalettunum annað hlutverk en að hýsa afganga. Tartalettur eru ekki síðri sem öskjur fyrir dýrindis eftirrétti. Ferskir ávextir með vanillurjóma og súkkulaðispænum eru ein útfærsla af fjölmörgum mögulegum.*



# matur&vín

maturogvin@frettabladid.is

## MATGÆÐINGURINN ELÍZA GEIRSDÓTTIR NEWMAN SÖNGKONA

# Setur chili út á allan mat



**Hvaða matar gætirðu síst verið án?**
Dökks súkkulaðis og hafra. Ég fúnkera ekki nema fá hafra á morgnana.
**Besta máltíð sem þú hefur fengið:**
Einu sinni var franskur veitingastaður í Camden í London þar sem maður fékk geðveikar froskalappir, nautasteik og þannig rokkstjörnumat. Nú er búið að loka honum og einhver keðja komin í staðinn.
**Er einhver matur sem þér finnst vondur?**
Ég er ekki mikið fyrir rosa sætt eins og marengskökur. Þorramatur er líka frekar ógeðslegur. Annars er ég alæta og finnst allt frekar gott.
**Leyndarmál úr eldhússkápnum:**
Ég vil hafa allan mat sterkan og set helst ferskt chili út á allt, hvort sem fólki líkar betur eða verr.
**Hvað borðar þú til að láta þér líða betur?**
Súkkulaði og bolla af ensku tei.
Hvað áttu alltaf til í ísskápnum?
Mjólk og alls kyns krukkur; rauðkál, sultur og svoleiðis.
**Ef þú yrðir föst á eyðieyju, hvað tækirðu með þér?**
Hafrakex, súkkulaði, nokkra banana, froska og eina kind.
**Hvað er það skrítnasta sem þú hefur borðað?**
Froskalappir og sniglar eru skrítinn matur en góður. Verri eru augu úr sviðum og svoleiðis.

# Gæfuríkur matur

Hjátrú setur mark sitt á margar hliðar daglegs lífs og er matur þar engin undantekning. Sumum matartegundum ku fylgja gæfa og heppni á nýju ári. Vefsíðan epicurious.com tók nýlega saman lista yfir nokkrar matartegundir sem þykja bera með sér gæfu og eru því oft á borðum þegar nýtt ár gengur í garð.

Á Spáni og í mörgum fyrrverandi nýlendum Spánverja borðar fólk tólf vínber á miðnætti á gamlárskvöld. Berin standa fyrir mánuði komandi árs og eiga að spá fyrir um nýja árið. Ef sjötta berið er til dæmis súrt eða skemmt þykir það benda til þess að júní verði viðkomandi ekki sérlega góður mánuður.

Í öðrum heimshlutum gegnir kál hlutverki boðbera gæfu og góðrar lukku. Danir, Þjóðverjar og Bandaríkjamenn eru á meðal þeirra sem leggja sér kál til munns í kringum nýárið, en það þykir minna á peningaseðla og því vera til marks um gott gengi í fjármálum á nýju ári. Baunir eru hins vegar í hlutverki myntar víðs vegar um heiminn. Í Brasilíu er fyrsta máltíð ársins til dæmis oft linsubaunasúpa, og í Japan er boðið upp á svartar baunir.

Frekari fróðleik um matseðla sem hjátrú einhvers heimshornsins segir gæfuríka er að finna á epicurious.com.



**BER MEÐ SPÁDÓMSGÁFU** Spánverjar gæða sér margir hverjir á tólf vínberjum á gamlárskvöld, en þau eiga að spá fyrir um gengi á komandi ári.

# Sívinsælar kökur

Þó að jóla- og nýársboðum fari nú mjög fækkandi leynast hefðbundnari samkundur, á borð við matarboð og kokkteilboð, handan við hornið. Þeir sem eru innblásturs þurfi um hvað skuli bjóða upp á með fordrykk gætu prófað krabbakökur, sem eru sívinsælar handan hafsins.

Þessa uppskrift er að finna á vefsíðunni Myrecipes.com.

3 bollar saltkex, mulið
2 stór egg, pískuð
½ bolli saxaður laukur
3 msk. majónes
1 msk. sinnep
2 tsk. sítrónusafi
½ tsk. salt
¼ tsk. pipar
1/8 tsk. malaður rauður pipar
¼ tsk. tabasco
450 g krabbakjöt
2 msk. smjör
2 msk. grænmetisolía



**KRABBAKÖKUR** Kökurnar má annaðhvort bera fram sem forrétt eða aðalrétt. Uppskriftin hér að ofan miðast við forrétt fyrir átta. NORDICPHOTOS/GETTY

Blandið 2 bollum af kexi saman við næstu níu hráefni. Blandið krabbakjöti varlega saman við. Formið átta kökur, sem líkjast lummum í laginu. Veltið upp úr afganginum af kexmylsnunni.

Bræðið smjör á pönnu, steikið kökurnar í um fjórar mínútur á hvorri hlið. Berið fram með sinnepi eða öðrum sósum.

# Vítamínsúpa á nýju ári

**Guðrún Adolfsdóttir leggur mikið upp úr hollum og góðum mat, enda matvælafræðingur að mennt. Hún mælir með matarmiklum og góðum súpum á nýju ári.**

Guðrún starfar hjá Rannsóknarþjónustunni Sýni, þar sem hún vinnur við ráðgjöf. Hún hlaut Fjöreggið, viðurkenningu Matvæla- og næringarfræðafélags Íslands, árið 2006 fyrir námskeið sín undir heitinu Borðum betur, en mun ásamt samstarfsfólki sínu leggjast í mun meira námskeiðahald á nýju ári. „Við höfum undanfarin ár haldið mikið af námskeiðum fyrir starfsmenn í mötuneytum, Við höfum fundið fyrir mikilli eftirspurn eftir fleiri matreiðslunámskeiðum, og höfum þess vegna farið út í það að stækka hjá okkur og bæta við kennslueldhúsi,“ útskýrir Guðrún.

Hún lagði leið sína til New York í haust þar sem hún sótti námskeið í skóla að nafni Natural Gourmet Institute for Food and Health. „Þar er lögð áhersla á gourmet-matargerð, sem er bæði holl og góð, og boðið upp á nám og styttri námskeið. Það er eitthvað sem okkur langar að skapa hér á landi líka,“ segir Guðrún.

Sýni leggst nú í breiðara námskeiðshald en fyrirtækið hefur áður starfrækt. Á meðal þess sem þar verður boðið upp á eru námskeið að nafni Ítalskur sveitamatur og Tólf bestu súpur í heimi. „Mér finnst svo mikilvægt að auka þessa súpumenningu hjá okkur. Hollar, vel samsettar súpur eru góðar og henta öllum. Uppskriftin að gulrótasúpunni er einmitt komin af þessu námskeiði,“ segir Guðrún.

Nánari upplýsingar um námskeiðin má nálgast á syni.is.



**SÚPA OG SALAT** Guðrún Adolfsdóttir, matvælafræðingur og ráðgjafi hjá Sýni, vill bæta súpumenningu landsmanna. Hún mælir með góðu smjörbaunasalati með gulrótasúpunni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**VÍTAMÍNSÚPA MEÐ GULRÓTUM OG ENGIFER:**
4 msk olía
1 laukur, saxaður
2 hvítlauksrif, söxuð
smá þurrkaður chili
2-3 cm bútur ferskur engifer
500 g gulrætur í bitum
1 svartgrilluð paprika eða t.d. pepperónata frá Sacla
4-5 dl vatn
salt og nýmalaður svartur pipar
Smjörbaunasalat
1 dós af smjörbaunum
2 vel rauðir tómatar í bitum
½ agúrka í bitum
Nokkrar sneiðar af chorizo
5 msk. olía
2 msk. hindberjaedik
salt og pipar
½ eða 1 rauðlaukur

Súpa: Allt grænmetið ásamt salti, pipar og chili steikt í olíunni við lágan hita í dágóða stund. Vatni bætt við og soðið þar til grænmetið er mjúkt. Því hægar og lengur því betra.

Sett í matvinnsluvél eða mixað með töfrasprota. Salti, pipar og chili bætt í eftir smekk og vatni ef súpan er of þykk. Skreytt með smá sýrðum rjóma og kryddjurtum, t.d. kóríander.

Salat: Takið kjarna úr tómötum, ef vill. Í stað chorizo má nota salamí eða létt pepperóní.

Skerið rauðlaukinn þunnt, og búið til dressingu úr honum, olíu, ediki, salti og pipar.

Öllu öðru blandað fallega saman og dressingunni hellt yfir. ,Skreytt með ferskri steinselju.

NÆTURVAKTIN
KOMIN Á DVD




NÆTUR-VAKTIN
allir 12 þættirnir á 2 diskum troðfullir af aukaefni; tilurð þáttanna / upptökur frá spunum, gerð næturvaktarinnar og yfirlestur (commentary) frá höfundum og aðalleikurum.

Eigum við að ræða það eitthvað?

# Safar góðir í skammdeginu

Það er ekki orðum aukið að margir fara að huga að heilsunni á nýju ári og nýpressaðir safar úr þar til gerðum pressum eru vel til þess fallnir að hressa upp á mataræðið. Næringarráðgjafinn Inga Kristjánsdóttir gefur hér uppskrift að góðum safa.

Rauðrófusafinn miðar inn á báða þætti lifrarhreinsunar, að sögn Ingu. „Hún fer fram í tveimur hlutum. Greipið virkar á annan hlutann og rauðrófurnar meira á hinn,“ útskýrir hún. Ananas- og fennelsafinn er hins vegar góður fyrir meltinguna. „Í ananas er mikið af ensímum sem hvetja meltinguna, og bæði fennel og piparmynta eru líka góð fyrir meltinguna,“ útskýrir Inga. Hún mælir einnig með safa með engiferi, sem virkar vermandi í kuldanum og skammdeginu.

Inga varar þó við því að fólk fari beint úr áramótagleðinni og í einhvers konar safaföstu. „Það er alls ekki sniðugt. Það er miklu betra að gera þetta rólega og bæta safa inn í mataræðið,“ segir hún.

Fleiri safauppskriftir frá Ingu er að finna á heilsubankinn.is. - sun



**HOLLUSTA Í ÆÐ** Safar á borð við ananas- og fennelsafa eru bæði bragðgóðir og gera líkamanum gott. NORDICPHOTOS/GETTY

**Rauðrófusafi:**
2 rauðrófur
1 grapealdin
2 sellerístilkar
Ananassafi:
½ ferskur ananas
2 epli
½ fennelrót



**SAFAR GÓÐ VIÐBÓT VIÐ MATARÆÐIÐ** Inga Kristjánsdóttir segir gott að bæta nýpressuðum söfum við mataræðið en mælir ekki með því að fólk fari á safakúr svo skömmu eftir áramótagleðina.



FARTÖLVUR
ACER 5315-05
Örgjörvi 1.73Ghz Intel Celeron M 530
1MB flýtiminni, 533FSB
Minni 2GB DDR2 667MHz
Hraðvirkt minni fyrir Vista
Harður diskur 120GB SATA hljóðlátur diskur
5400RPM og 8MB buffer
Skrifari 8xDVD±RW DL skrifari
Skrifar DVD diska og CD-RW
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár
Breiðtjaldsskjár með CrystalBrite
Skjákort 128MB Intel GMA X3100
Allt að 384MB deilt minni
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Hljóðkort, hátalarar og hljóðnemi
Þráðlaust 54Mbps þráðlaust netkort
Innbyggt 802.11g með loftneti í skjá
Netkort Gigabit 10/100/1000
Einnig innbyggt 56k mótald
Stýrikerfi Windows Vista Home Premium
Öruggara og öflugra
Annað Aðeins 2.8kg með rafhlöðu
Rafhlöðuending allt að 2.5 tímar
ACER ASPIRE 5315-05 Á FRÁBÆRU TILBOÐI
INTEL CELERON M
Intel Celeron örgjörvinn er hannaður með orkusparnað í huga og skilar því lengri rafhlöðuendingu
15,4" CRYSTALBRITE
15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu
8XDVD ± SKRIFARI
Vandaður 8xDVD Dual Layer geislaskrifari sem les, skrifar DVD og venjulega geisladiska
INTEL GMA X3100
Intel GMA X3100 PCI Express sjákort með allt að 384MB minni, OpenGL 1.5 og TV-out tengi
VEFMYNDAVÉL
Skýr og góð 0.3MP Acer CrystalEye vefmyndavél innbyggð í skjáinn sem virkar vel með msn og skype
WINDOWS VISTA
Tölvan er uppsett með Windows Vista Home Premium ásamt öllum uppfærslum og er tilbúin til notkunar
FRÁ 2.347 KR Á MÁNUÐI
VERÐ 69.900
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl. Upphæðin er meðalgreiðsla á mánuði og er miðað við 48 mánaðarlegar jafnar afborganir. 3,5% stimpil og lántöku-gjald ásamt vöxtum er innifalið. Vextir eru samkvæmt ákvörðun TL á hverjum tíma og eru núna 16,75%.
ACER 5520G-40
FRÁ 3.547 KR Á MÁNUÐI
1.9Ghz AMD Turion64 X2 Mobile TL-58 - 1MB flýtiminni
2GB DDR2 minni • 160GB SATA 5400RPM harðdiskur
DVD±/DL skrifari • 15.4" WXGA WideScreen CrystalBrite skjár
256MB DDR Geforce 8400 GS skjákort • 5 in 1 kortalesari
Þráðlaust b/g netkort • Windows Vista Home Premium
VERÐ 109.900
MSI PR200 BLEIK
MSI
FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI
1.5GHz Core 2 Duo T5250 - örgjörvi með 2MB flýtiminni
2GB DDR2 667MHz minni • 160GB SATA harður diskur
DVD±/DL skrifari • 12,1" WXGA WideScreen skjár
Intel GMA X3100 PCI-Ex skjákort • 4 in 1 kortalesari
Bluetooth • 1.3MP myndavél • Windows Vista Home Premium
VERÐ 119.900
ACER 5520G-20
FRÁ 2.947 KR Á MÁNUÐI
1.6Ghz AMD Turion64 X2 örgjörvi
2GB minni • 160GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" breiðtjaldsskjár
128MB Geforce 7000M skjákort
Windows Vista Home Premium
VERÐ 89.900
ACER 5920G-60
FRÁ 4.747 KR Á MÁNUÐI
2.2GHz Intel Core 2 Duo 7500 örgjörvi
2GB minni • 250GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" WXGA CrystalBrite
512MB Geforce 8600GT skjákort
Windows Vista Home Premium
VERÐ 149.900
ACER A5920G-30
FRÁ 3.847 KR Á MÁNUÐI
2.0GHz Intel Core 2 Duo T7300 örgjörvi
2GB minni • 250GB harður diskur
DVD skrifari • 15.4" skjár
256MB Geforce 8600GS skjákort
Windows Vista Home Premium
VERÐ 119.900
SONY VAIO AR41L
SONY
FRÁ 4.447 KR Á MÁNUÐI
1.8GHz Intel Core 2 Duo T7100 örgjörvi
2GB vinnsluminni • 160GB harðdiskur
DVD skrifari • 17" WXGA X-black
128MB Geforce 8400 skjákort
Windows Vista Home Premium
VERÐ 139.900
Bitdefender Internet Security v10 vírusvörn
VERÐ 3.990
MEÐ TÖLVU
15" Manhattan City Bag bakpoki svartur/rauður
VERÐ 6.990
15.4" Dicota Campus bakpoki grár/svartur
VERÐ 7.990
15.4" Targus fartölvu bakpoki, Navy blár
verð 5.990
15,4" A-Style Classic svört hliðartaska með ól
VERÐ 9.990
15.4" Manhattan Empire svört hliðartaska með ól
verð 4.990
17" Targus svört hliðartaska með ól
VERÐ 9.990
14-15" Manhattan Empire II svört hliðartaska með ól
VERÐ 3.990
TÖLVULISTINN ALLTAF BETRA VERÐ
REYKJAVÍK • NÓATÚNI 17 • S: 414 1700 | AKUREYRI • STRANDGÖTU 9 • S: 414 1730 | EGILSSTAÐIR • MIÐVANGI 2-4 • S: 414 1735
KEFLAVÍK • HAFNARGÖTU 90 • S: 414 1740 | KÓPAVOGUR • HLÍÐASMÁRA 10 • S: 414 1760 | AKRANES • SMIÐJUVÖLLUM 32 • S: 414 1765

> TÍSKUDÓMARI

Victoria Beckham verður gestadómari í lokaþætti Project Runway. Þáttastýran Heidi Klum vildi ólm fá kryddpíuna til liðs við sig og hefur gengið á eftir henni frá því að þær hittust á tískusýningu Victoria's Secret í haust. Nú er komið í ljós að frú Beckham verður viðstödd þegar Heidi segir „auf wiedersehen“ í síðasta skiptið í þessari seríu.



# Fólk

folk@frettabladid.is

# Paul McCartney í hjartaaðgerð

Bítillinn Paul McCartney gekkst undir hjartaaðgerð fyrir nokkrum dögum. Aðgerðin var gerð til að víkka æðar hans og auka blóðflæði. „Paul hafði kvartað yfir því að honum liði ekki nógu vel og leitaði ráða sérfræðings. Hann fór í rannsókn og ákveðið var að skera hann upp. Þetta var fyrst og fremst fyrirbyggjandi aðgerð,“ sagði heimildarmaður The Sun.

McCartney var fljótur að jafna sig eftir hjartaaðgerðina og kom meðal annars fram í áramótaþætti Jools Holland á BBC2. „Sem betur fer er Paul vel á sig kominn. Hann stundar æfingar og er hress. Þá borðar hann hollan og góðan mat og er ekki með aukakíló utan á sér. Paul hefur alltaf verið svona og það er stórmerkilegt miðað við þann lífsstíl sem fylgir starfi hans,“ sagði vinur Bítilsins. „Þetta var ósköp hefðbundin aðgerð hjá lækni,“ sagði talsmaður McCartneys.

Skilnaðarmál Pauls og Heather Mills er enn óútkljáð. Í næsta mánuði verður ákveðið fyrir dómi hversu mikið hann þarf að greiða fyrrverandi eiginkonu sinni.



**HRESS EFTIR HJARTAAÐGERÐ** Sir Paul McCartney gekkst undir hjartaaðgerð fyrir skemmstu. Hann var fljótur að jafna sig. NORDICPHOTOS/GETTY



**VILL JESSICU SEM SANDY** Michelle Pfeiffer vill sjá Jessicu Simpson í hlutverki Sandy, ef kvikmyndin Grease verður endurgerð. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill leika í Grease

Michelle Pfeiffer vill óð og uppvæg leika í endurgerð af söngvamyndinni vinsælu Grease. „Það er frábær hugmynd, og ég hef heyrt að þeir vilji fá Jessicu Simpson í hlutverk Sandy. Hún væri góð,“ segir Pfeiffer, sem hefur augastað á hlutverki skólastýrunnar McGee.

Upphaflega myndin skartaði John Travolta og Oliviu Newton-John í aðalhlutverkum, en Pfeiffer lék hins vegar í Grease 2 árið 1982 á móti Maxwell Caulfield. Leikkonan skammast sín í dag ógurlega fyrir þá frammistöðu sína, en myndin féll ekki sérlega vel í kramið hjá áhorfendum, og hvað þá gagnrýnendum. „Ég hataði þá mynd af lífs- og sálarkröftum og trúði því hreinlega ekki hversu slæm hún var. Ég var ung og vissi ekki betur á þeim tíma,“ segir leikkonan.

# Kaffibarflugumyndir Snorranna á bók

**Á næstunni koma loks út á bók frægar og merkar ljósmyndir sem þeir Einar Snorri og Eiður Snorri tóku árið 1993. Það er forlagið powerHouse books sem gefur út.**

„Starfsbræður mínir í Snorri Bros þeir Eiður Snorri og Snorri kynntust þessu eðalfólki sem sér um útgáfuna powerHouse niðri í Dumbo í Brooklyn, einmitt þar sem höfuðstöðvarnar okkar eru,“ segir Einar Snorri er hann var spurður um hvernig þetta samstarf hafi komið til. Og heldur áfram: „Þeir gerðu nýlega fyrir þau flotta prómókvikmynd til að auglýsa að powerHouse stendur fyrir miklu ljósmynda-festivali í New York næsta vor. Svo sáu þau Barflugumyndirnar okkar og flippuðu svona skemmtilega yfir þeim og óskuðu þess að fá að gefa seríuna út í bók og það strax. Við tókum því auðvitað mjög vel enda sérstaklega gaman að fá svona óvænt tækifæri til að halda partí.“

Í Kaffibarsmyndröðinni eru hátt í 80 portrett og eru fyrirsæturnar úr fastakúnnahópi Kaffibarsins sem þá þegar var að hasla sér völl sem einn af helstu burðarstólpum íslensks skemmtanalífs. Teknar á fáum dögum, en Snorrarnir stilltu gamalli Hasselblad-vélinni upp og allir voru myndaðir við sama bakgrunn og með sömu einföldu lýsingu. Linsan nálgaðist myndefnin örlítið að ofan, lýsingin og sjónarhornið voru ekki hugsuð til að fegra fólkið, enda er enginn sérstaklega sætur eða fallegur á þessum myndum. Reyndar voru þessar myndir kallaðar heróínmyndir en hafa elst ótrúlega vel og ná að grípa tíðarandann án þess að það komi heróíni hið minnsta við.

„Ég man ekki nógu vel hvernig þetta verkefni var til komið, kannski man Eiður þetta betur, efa það samt en get hvort sem er ekki náð í hann þar sem hann er staddur inni í frumskógi í Costa Rica. Mig minnir þó að Frikki Weiss hafi ýtt okkur út í þetta með það fyrir augum að auglýsa nýja barinn þeirra Kaffibarinn,“ segir Einar Snorri.



INGVAR E. SIGURÐSSON



DÝRLEIF ÖRLYGSDÓTTIR



ÓTTARR PROPPÉ



HELGI BJÖRNSSON

Snorrarnir hafa náð að hasla sér og fyrirtæki sínu völl í heimsborginni og eru aðallega með sjónvarpsauglýsingar á verkefnalistanum. „Já, við erum í þeim gírnum, hér í Evrópu og US, höldum í þá hefðina að gefa ekkert uppi um næstu verk fyrr en búið er að „confirm-a“ dæmið. En svo erum við líka að þróa handrit fyrir bíómyndir og nokkrar stuttmyndir. Það er stefnan að fara í þá áttina með tíð og tíma, en auglýsingarnar eru okkar þjálfun. Við gerð þeirra getum við nefnilega sukkað svo skemmtilega í tækjavali og tilraunamennsku.“

Síðustu verkefni voru auglýsingar fyrir Cadillac, Hummer, Mercedes, Dell, Landsbankann og rússneska símafyrirtækið Beeline. „Í vor gerðum við S.O.S. stuttmyndina „Consumption“ fyrir Life Earth-tónleikahátíðina 07.07.07. Hægt er að sjá helstu verk okkar á síðunni Snorribros.com. En við erum sem sagt aðallega að starfa fyrir erlenda aðila en gerðum samt auglýsingu fyrir Landsbankann um daginn og var það meiriháttar gaman. Vonast ég mjög til að fá að gera meira af því því hér eru svo ótrúlega geggjuð „location“.“

jakob@frettabladid.is




# Fergie tekur sér frí

Áramótaheiti söngkonunnar Fergie er ekki til þess fallið að gleðja marga aðdáendur hennar. Hún hefur heitið því að taka sér frí frá tónleikahaldi og ferðalögum til að verja meiri tíma með fjölskyldu sinni. „Á árinu 2008 vil ég bara komast í jafnvægi. Ég hef verið á tónleikaferðalögum síðustu fjögur og hálft ár,“ segir Fergie. „Það er mér mikilvægt að umgangast fjölskylduna mína meira, hitta systur mína, mömmu og pabba,“ segir Fergie.

Hún vill einnig eyða tíma með kærasta sínum, leikaranum Josh Duhamel, en parið trúlofaði sig nú um jólin. Á nýafstöðnum tónleikum söngkonunnar í Atlantic City sagðist hún vera yfir sig ánægð. „Mér finnst ég vera heppnasta stelpa í heiminum,“ sagði söngkonan, sem tileinkaði heitmanni sínum svo lagið All That I Got. „Þetta lag fjallar um að elska einhvern vegna innri fegurðar manneskjunnar. Ég vona að það sé einhver þannig í lífi ykkar allra,“ sagði hún.

Fergie hyggst þó ekki láta neitt uppi um væntanlegt brúðkaup. „Ég ljóstra engu upp um það. Mér finnst smáatriðin vera heilög. Það er okkur mjög mikilvægt,“ hefur söngkonan sagt við blaðamenn.



**HELDUR KYRRU FYRIR** Söngkonan Fergie hefur strengt þess heit að umgangast fjölskyldu sína meira og slaka á í tónleikaferðalögum á nýju ári.

# Pabbi Lindsay ver Spears-systur

Faðir ungstirnisins Lindsay Lohan, Michael Lohan, hefur komið til varnar Spears-fjölskyldunni og segir fólk ekki gera sér grein fyrir því álagi sem fylgir allri þessari frægð þeirra Britney Spears og hinnar 16 ára Jamie Lynn Spears sem nýverið greindi frá því að hún ætti von á barni. „Fólk áttar sig ekki á því hversu erfitt það er að lifa lífi sínu í þessum hvirfilbyl líkt og mín eigin fjölskylda, Spears-fjölskyldan og fleiri hafa þurft að gera. Það þarf mikið til þess að halda sönsum,“ segir hinn 47 ára gamli Michael en þess má geta að þau feðginin náðu nýverið sáttum eftir að hafa ekki talast við í langan tíma. Michael þóttist þó geta gefið Britney, Jamie Lynn og móður þeirra Lynne nokkur góð ráð. „Standið saman. Standið við hlið hverrar annarrar og látið engan koma upp á milli ykkar.“



**STANDIÐ SAMAN!** Faðir Lindsay Lohan segir Spears-fjölskylduna að standa þétt saman á þessum erfiðu tímum.

# Amy endurnýjar hjúskaparheitin

Amy Winehouse og Blake Fielder-Civil ætla að endurnýja hjúskaparheit sín í Pentonville-fangelsinu, þar sem eiginmaður söngkonunnar er í haldi. Winehouse vonar að athöfnin geri Blake gott, en hann er sakaður um að hafa hindrað framgang réttvísinnar í rannsókn á líkamsárásarmáli á hendur honum. Winehouse hyggst heimsækja Blake á morgun til að staðfesta hjúskaparheitin við látlausa athöfn.

„Þegar Blake var handtekinn lýstu þau bæði yfir ódauðlegri ást sinni hvort á öðru og sögðu að það myndi gera þeim gott að endurnýja heitin. Þeim finnst tíminn réttur í það núna. Þau sakna hvort annars skelfilega,“ segir heimildarmaður breska blaðsins Daily Star. „Amy vill að þau endurtaki sömu heit og þegar þau giftu sig í Miami í maí síðastliðnum,“ bætir hann við.



**ÓDAUÐLEG ÁST** Amy Winehouse og Blake Fielder-Civil segjast hafa ódauðlega ást hvort á öðru og ætla að endurnýja hjúskaparheitið sín í fangelsi á morgun. NORDICPHOTOS/GETTY

# Suri tali fyrir Knút

Hollywood-framleiðandinn Ash R. Shah og fyrirtæki hans, The Animation Picture Company, vilja gera teiknaða mynd um þýska ísbjarnarhúninn Knút. Shah hefur boðið dýragarðinum í Berlín fimm milljónir dollara fyrir réttinn að sögu ísbjarnarhúnsins. Forstöðumaður dýragarðsins staðfesti að tilboðið hefði borist þeim og væri nú til umfjöllunar.

Knútur hinn knái heillaði heimsbyggðina á liðnu ári, eftir að móðir hans afneitaði honum og Thomas Doerflein tók við uppeldi hans. Ljósmyndarinn Annie Leibovitz myndaði Knút fyrir forsíðu blaðsins Vanity Fair, um hann var skrifuð barnabók, og á meðal tignra gesta hjá húninum voru mæðgurnar Katie Holmes og Suri Cruise. Shah segist sjá fyrir sér að samband Knúts og Doerflein verði miðpunktur myndarinnar, og er þegar kominn með óskir varðandi talsetninguna. „Suri gæti verið rödd Knúts á ensku,“ segir hann.



**KNÚTUR Á HVÍTA TJALDIÐ?** Ash R. Shah vill gera teiknaða mynd um þýska ísbjarnarhúninn Knút og sér Suri Cruise fyrir sér sem rödd hans.

# Brúðkaup á nýársdag

**Eddie Murphy gekk að eiga kærustu sína, Tracey Edmonds, á nýársdag. Brúðkaupið fór fram á einkaeyju nálægt Bora Bora í Frönsku Pólýnesíu. Alls 25 vinir og vandamenn brúðhjónanna voru viðstaddir athöfnina, sem fór fram á ströndinni við sólarlag í sérhönnuðum skála úr sex þúsund skeljum. Samkvæmt tímaritinu People gekk Edmonds upp að altarinu við tóna lagsins Makings of you með Gladys Knight.**

**Fyrr á árinu neyddist Murphy til að viðurkenna að hann væri faðir stúlkunnar Angel Iris, en móðir hennar er kryddstúlkan Melanie Brown. Það virðist þó ekki hafa haft áhrif á sambandið við Edmonds.**



**BRÚÐKAUP Á EINKAEYJU** Eddie Murphy og Tracey Edmonds gengu í það heilaga á einkaeyju nálægt Bora Bora á nýársdag.



**VILL ANNAÐ BARN** Madonna ku vilja feta í fótspor Angelinu Jolie og bæta barni frá Kambódíu í fjölskylduna.

# Vill ættleiða annað barn

Madonna vill feta í fótspor Angelinu Jolie og ættleiða annað barn. Hún og eiginmaður hennar, Guy Ritchie, tóku að sér drenginn David Banda frá Malaví í lok árs 2006, en fyrir áttu þau börnin Lourdes og Rocco. Ættleiðingin sjálf gekk þó heldur brösuglega og það var ekki fyrr en ári síðar sem fréttir bárust af því að malavísk stjórnvöld myndu staðfesta hana.

Söngkonan hefur hins vegar fengið áhuga á því að ættleiða barn frá Kambódíu, en elsti sonur Angelinu, Maddox, er einmitt ættaður þaðan. „Hún vonar að þetta verði auðveldara í Kambódíu,“ segir heimildarmaður The Sun.



# Ballöður og blásið hár

**Bandaríska hljómsveitin Skid Row, sem hélt tónleika hérlendis á dögunum, hefur stundum verið kölluð hármetalsveit erlendis. Sítt eða blásið hárið og vælandi gítarsólóin voru allsráðandi þegar hún var upp á sitt besta.**

Hármetalsveitirnar voru vinsælastar undir lok níunda áratugarins og í byrjun þess tíunda og voru nokkurs konar afkvæmi glysrokksins sem kom fram á sjónarsviðið í Bretlandi í byrjun áttunda áratugarins með sveitum á borð við T Rex og Slade.

Auk Skid Row voru mest áberandi hljómsveitir á borð við Mötley Crüe, Poison, Warrant, Europe, Bon Jovi og Whitesnake, sem er einmitt á leiðinni hingað til lands á næsta ári. Guns N´Roses hefur stundum verið nefnd í sömu andrá og þessar sveitir en hörðustu aðdáendur hennar eru því eflaust mótfallnir.

**Kynlíf, áfengi og eiturlyf**

Sítt eða blásið hárið og létt þungarokkið þar sem vælandi gítarsóló með mikilli fingrafimi voru áberandi einkenndu þessar hljómsveitir auk þess sem textarnir fjölluðu aðallega um kynlíf, áfengi og eiturlyf. Báru myndbönd þeirra, sem sjónvarpsstöðin MTV spilaði ótt og títt, vott um þessar áherslur. Einnig áttu flestar þessar sveitir að minnsta kosti eina góða kraftballöðu. Hver man til dæmis ekki eftir slögurum eins og Carrie með Europe, Every Rose Has It´s Thorn með Poison og Here I Go Again með Whitesnake?

Hármetallinn varð hallærislegur á einum degi þegar rokksveitin Nirvana kom fram á sjónarsviðið með plötunni Nevermind. Síðan þá hefur lítið farið fyrir þessari tónlistartegund, sem eitt sinn þótti sú allra svalasta í bransanum.



**POISON** Söngvarinn Bret Michaels og félagar í Poison voru upp á sitt besta í lok níunda áratugarins.



**WARRANT** Rokksveitin Warrant náði töluverðum vinsældum á sínum tíma, enda með tískuna algjörlega á hreinu.



**MÖTLEY CRÜE** Rokkararnir í Mötley Crüe voru hinir mestu sukkarar í gamla daga.



**SKID ROW** Skid Row á tónleikum í Chicago árið 1992 með þáverandi söngvara sínum, Sebastian Bach.

NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES



**DAVID COVERDALE** Söngvari Whitesnake er á leiðinni hingað til lands í annað sinn á næsta ári.



**SLÆMT FORDÆMI** Lily Allen segist ekki vilja leggja nafn sitt við meðgöngufatnað þar sem það væri slæmt fordæmi fyrir unglinga landsins.

# Engin meðgönguföt

**Lily Allen segist ekki vilja leggja nafn sitt við línu af meðgöngufatnaði, þar sem það væri „slæmt fordæmi fyrir unglinga Bretlands“. Þetta sagði söngkonan þegar hún opnaði árlega jólaútsölu Harrods-verslunarinnar í London á föstudag. Aðspurð hvort slík lína væri væntanleg fór Lily að flissa óviðráðanlega. „Ég fékk mörg tilboð en ég held að það séu ekki rétt skilaboð til að senda til hinna ungu á Bretlandi,“ svaraði söngkonan.**

**Hún tilkynnti í desember að hún væri barnshafandi eftir kærastann Ed Simons. Simons er annar hluti dúettsins Chemical brothers, en þau Lily hafa verið saman síðan í september.**

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Kjóllinn sem **Keira Knightley** klæðist í myndinni Atonement var valinn besti búningur kvikmyndasögunnar í kosningu á vegum Sky Movies og tímaritsins In Style. Á eftir fylgdi hvíti kjóllinn sem **Marilyn Monroe** klæðist í The Seven Year Itch, og víðfrægur litli-svarti-kjóll **Audrey Hepburn** úr myndinni Breakfast At Tiffany's.

**Britney Spears** átti örugglega rólegra gamlárskvöld en margir aðrir, en því varði hún heima við í félagsskap sona sinna tveggja, nýja kærastans **Adnan Ghalib** og eftirlitsmanns frá dómstólnum sem þarf að fylgjast með fundum hennar og drengjanna. „Það var enginn villtur fögnuður. Hún segist hafa sofnað skömmu eftir miðnætti en átt mjög gott kvöld,“ segir vinur söngkonunnar.





**Uma Thurman** er hætt að reykja eftir margra ára baráttu við nikótínfíknina. Hún segir að reykingarnar hafi haft áhrif á feril hennar og komið í veg fyrir að hún fengi hlutverk þar sem mikilla hlaupa eða hasarsena var krafist. „Ég reykti svo mikið að ég varð uppgefin og andstutt ef ég fór í ræktina,“ segir leikkonan, sem hefur nú loks gefið sígarettur upp á bátinn.



## > Enn til miðar á EM í Noregi

Evrópumótið í handknattleik hefst í Noregi 17. janúar næstkomandi. Handknattleikssamband Ísland, HSÍ, á enn eftir talsvert af miðum á riðlakeppnina en gangi þeir ekki út á næstu dögum mun HSÍ þurfa að skila þeim og þeir fara í kjölfarið í almenna sölu. Þeir sem hafa áhuga á að tryggja sér miða geta sent tölvupóst á einar@hsi.is. Þá eru einnig enn laus sæti í hópferð á mótið en flogið verður beint til Þrándheims. Hægt er að nálgast upplýsingar um ferðina hjá Icelandair og Úrval Útsýn.



**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR HALLDÓR TORFASON:** ÆTLAR AÐ SPILA MEÐ ÞÓR Í LEIKJUNUM Á MÓTI SNÆFELLI OG ÍR

# *Kæmi ekki á óvart ef ég tæki nokkur fráköst*

Akureyringurinn Ólafur Halldór Torfason hefur gert garðinn frægan í ameríska fótboltanum undanfarið en ætlar að taka fram körfuboltaskóna og spila með Þórsliðinu í Iceland Express deildinni.

„Ég er búinn að vera að æfa með Þór öll jólin og ætla að reyna að vera með í hópnum á móti Snæfelli og ÍR," segir Ólafur og bætir við: „Ég er búinn að vera að spila körfubolta síðan ég var smápjatti og hef síðan alltaf spilað körfu með fótboltanum þegar það hefur gefist tími til þess í skólanum. Ég held mér alltaf við og svo er ég í fínu formi frá fótboltanum. Þetta snýst því bara um að læra kerfin og komast í öðruvísi hlaupaform," segir Ólafur. Ég vona að ég fái að fara inn á því það er allavega hægt að nota fimm villur á móti þessum körlum. Ég er samt svolítið ryðgaður. Við förum því ekki að sjá einhver tíu stig í leik hjá mér en það kæmi ekkert á óvart ef ég næld i í fjórar villur og tæki nokkur fráköst á móti þessum strákum," segir Ólafur sem kann vel við sig í fótboltanum. „Það hefur gengið vel því við erum þrefaldir Bandaríkjameistarar í deildinni sem er fyrir skóla sem hafa yfir minna fjármagni að ráða," segir Ólafur. Ólafur segir mikinn mun á greinunum. „Helsti munurinn á körfunni og ameríska fótboltanum eru þessi stöðugu hlaup í körfunni. Þú ert á fullu í tíu mínútur en færð síðan að setjast en í ameríska fótboltanum þá tekur þú á í tíu til fimmtán sekúndur en síðan færðu hlé. Það er mikið um stutta spretti og átök og kannski eins og þú værir að stíga út og fara upp í frákast aftur og aftur," lýsir Ólafur sem hlakkar mikið til að fá loksins að spila með Þór. „Ég er búinn spila heilan helling af einhverjum unglingalandsleikjum og 1. deildarleikjum með Þór en hef aldrei náð því að spila í úrvalsdeild," segir Ólafur að lokum en leikurinn á móti Snæfelli er í Stykkishólmi klukkan 19.15 í kvöld.





**HEIMIR ÖRN** Á enn möguleika á að komast í EM-hóp Alfreðs Gíslasonar.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

EM-hópur Alfreðs Gíslasonar:

## Hverjir koma enn til greina?

**HANDBOLTI** Alfreð Gíslason valdi á dögunum 41 leikmann í tvo landsliðshópa sem æfa fyrir EM. A-hópurinn samanstóð af nítján leikmönnum.

Alfreð skilaði inn 28 manna hópi til EHF fyrir EM og hann má velja endanlega hópinn úr þeim hópi. Níu strákar eru á þeim lista sem eru fyrir í B-liðinu. Þeir eiga því enn langsóttan möguleika á að komast á EM ef eitthvað óvænt kemur upp á.

Hér að neðan má sjá hvaða níu leikmenn eru á 28 manna lista Alfreðs sem voru ekki í A-hópnum. - hbg

### KOMA ENN TIL GREINA

| | |
|---|---|
| Heimir Örn Árnason | Stjarnan |
| Baldvin Þorsteinsson | Valur |
| Björgvin Páll Gústavsson | Fram |
| Ingimundur Ingimundarson | Elverum |
| Jóhann G. Einarsson | Fram |
| Andri Stefan | Haukar |
| Fannar Þorbjörnsson | Fredericia |
| Arnór Gunnarsson | Valur |
| Guðlaugur Arnarsson | Malmö |



**EINAR JÓNSSON** Var ósáttur við rauða spjaldið sem hann fékk í Höllinni.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Aganefnd HSÍ:

## Einar í eins leiks bann

**HANDBOLTI Hinn litríki þjálfari kvennaliðs Fram, Einar Jónsson, var í gær dæmdur í eins leiks bann en hann fékk reisupassann undir lok úrslitaleiks Fram og Vals í deildarbikarnum milli jóla og nýárs.**

**Þetta er í annað skipti á stuttum tíma sem Einar fer fyrir aganefnd en hann fékk ávítur fyrir hegðun sína í frægum leik Fram og Stjörnunnar.**

**Brjánn Bjarnason, leikmaður karlaliðs Fram, fékk einnig eins leiks bann hjá aganefnd HSÍ en honum var vikið af velli í leik Fram og Hauka í deildarbikarnum.** - hbg

# Wigan hélt jöfnu á Anfield

**Fjórir leikir fóru fram í ensku úrvalsdeildinni í gærkvöld. Wigan náði jafntefli gegn Liverpool á Anfield og Manchester City, Blackburn og Bolton sigruðu.**

**FÓTBOLTI** Wigan náði fáheyrðu jafntefli á Anfield Road gegn Liverpool og Manchester City jók á eymd Sam Allardyce og Newcastle.

Flestir bjuggust við auðveldum sigri Liverpool gegn Wigan enda Liverpool unnið allar fimm viðureignir liðanna frá stofnun úrvalsdeildarinnar og Wigan enn ekki tekist að skora í leikjum sínum gegn Liverpool. Fyrri hálfleikurinn litaðist talsvert af því að gestirnir í Wigan voru augljóslega með það á stefnuskrá sinni að verja stigið sem þeir byrjuðu með og Liverpool var því meira með boltann og sótti stíft, en gekk illa að brjóta vörn Wigan á bak aftur. Fernando Torres var að vanda mjög líflegur í leik Liverpool og hann var arkitektinn að bestu sóknum liðsins í fyrri hálfleik.

### Mörk í seinni hálfleik

Liverpool náði hins vegar loks að brjóta ísinn í byrjun seinni hálfleiks og það var vel við hæfi að Spánverjinn Torres skyldi skora. Gerrard sendi þá boltann á Steve Finnan sem kom á fleygiferð upp hægri kantinn og kom boltanum fyrir markið á Torres sem skoraði örugglega af stuttu færi. Liverpool hélt svo áfram að sækja í seinni hálfleik en illa gekk sem fyrr að nýta færin. Það gerði Wigan hins vegar og náði að jafna metin þvert gegn gangi leiksins þegar varnarmaðurinn Titus Bramble náði að skora. Markið nægði Wigan til þess að innbyrða mikilvægt jafntefli í fallbaráttunni og jafnframt fyrsta stig félagsins gegn Liverpool í sögu ensku úrvalsdeildarinnar.

### Allardyce í verri málum

Manchester City skoraði eina mark fyrri hálfleiks á St. James's



**MARK** Fernando Torres kom Liverpool yfir, 1-0, í byrjun seinni hálfleiks með góðu marki eftir undirbúning Steven Gerrard og Steve Finnan. NORDIC PHOTOS/GETTY

Park gegn Newcastle og þar var að verki hinn brasilíski Blumer Elano eftir góðan undirbúning hjá Darius Vassell. Í seinni hálfleik kom Gelson Fernandes City-mönnum í 0-2 og það urðu lokatölur leiksins og útlitið orðið svart hjá Allardyce, þó svo að stjórnarformaður liðsins hafi sagt að starf hans væri ekki í hættu.

### McCarthy minnti á sig

Blackburn komst yfir gegn Sunderland í seinni hálfleik þegar Benedict McCarthy skoraði langþráð mark úr vítaspyrnu eftir að Danny Higginbotham, varnarmaður Sunderland, handlék boltann inni í vítateig og það nægði til sigurs í leiknum.

### Mikilvægt mark Grikkjans

Það var alvöru fallbaráttuslagur þegar Bolton tók á móti Derby á Reebok-leikvanginum. Eftir markalausan fyrri hálfleik stefndi allt í að sama yrði upp á teningnum í þeim seinni en Grikkinn Stylianos Giannoakopoulos var á öðru máli og tryggði Bolton sigur á 90. mínútu.

omar@frettabladid.is

## ÚRSLITIN Í GÆR

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Blackburn-Sunderland | 1-0 |
| 1-0 Benedict McCarthy (57.). | |
| Bolton-Derby | 1-0 |
| 1-0 Stylianos Giannakopoulos (90.). | |
| Liverpool-Wigan | 1-1 |
| 1-0 Fernando Torres (50.), 1-1 Titus Bramble (80.). | |
| Newcastle-Man. City | 0-2 |
| 0-1 Blumer Elano (38.), 0-2 Gelson Fernandes (76.). | |

### *Skoska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| Dundee-Hearts | 4-1 |
| Eggert Gunnþór Jónsson sat sem fastast á varamannabekk Hearts og kom ekkert við sögu í leiknum. | |

### *Spænski konungsbikarinn:*

| | |
|---|---|
| Barcelona-CD Alcoyano | 2-2 |
| 1-0 Santiago Ezquerro (2.), 2-0 Santiago Ezquerro (10.), 2-1 Perona (69.), 2-2 Carlos Arnau (89.). Eiður Smári Guðjohnsen lék allan leikinn með Barcelona. | |



**ÓSÁTTIR** Stuðningsmenn Manchester United eru ekki sáttir við núverandi ástand á Old Trafford. NORDIC PHOTOS/GETTY

Stuðningsmenn Man. United:

## Old Trafford er lögreglulríki

**FÓTBOLTI** Samkvæmt Colin Hendrie, talsmanni samtaka stuðningsmanna Manchester United-aðdáenda á Englandi, eru margir aðdáendur liðsins víst ekki par hrifnir af yfirlýsingum Sir Alex Ferguson þess efnis að stemningin á Old Trafford hafi verið eins og á jarðarför þegar Birmingham kom í heimsókn á nýársdag.

„Ferguson verður að skilja betur hvernig það er að vera stuðningsmaður í dag, því það hefur mikið breyst á síðustu tíu árum. Ef maður stendur upp og ætlar að fara að láta í sér heyra á Old Trafford, þá mæta vallarverðir um leið og skipa manni að setjast niður eða þá að maður gæti verið dæmdur í bann og misst alla möguleika á að fá ársmiða. Undir þessum kringumstæðum veit ég ekki hvernig herra Ferguson vill skapa stemningu. Old Trafford er orðinn eins og lögregluríki. Reglurnar eru til að mynda mun mildari á Borgarleikvanginum hjá nágrönnum okkar í Manchester City þar sem sérstök söngstúka er í boði," sagði Hendrie í viðtali við Sky Sports-fréttastofuna. - óþ

Eiður Smári var á ný í byrjunarliði Barcelona gegn smáliðinu CD Alcoyano í gær:

# Óvænt jafntefli hjá Barcelona

**FÓTBOLTI** Eiður Smári Guðjohnsen var á ný í byrjunarliði Barcelona sem gerði óvænt jafntefli gegn 3. deildarliðinu CD Alcoyano í spænska konungsbikarnum í gærkvöldi.

Eiður Smári hlaut á ný náð fyrir augum Franks Rijkaard, knattspyrnustjóra Barcelona, í seinni leik liðsins gegn CD Alcoyano í spænska konungsbikarnum og var í byrjunarliðinu. Börsungar unnu fyrri leik liðanna 0-3 og skoraði Eiður Smári eitt markanna í þeim leik. Barcelona var því í raun öruggt áfram í keppninni og Rijkaard notaði tækifærið og hvíldi lykilmenn á borð við Milito, Touré, Marquez, Iniesta, Henry og Eto'o. Allt benti til þess að Barcelona myndi slátra smáliði CD Alcoyano á heimavelli sínum Nývangi og liðið komst yfir strax á annarri mínútu leiksins með marki Santiago Ezquerro eftir undirbúning Deco. Ezquerro var svo aftur á ferð á tíundu mínútu og kom Börsungum í 2-0 en hinn ungi Bojan Krkic lagði upp markið.



**SVEKKJANDI** Eiður Smári náði ekki að skora gegn CD Alcoyano í gær.
NORDIC PHOTOS/AFP

Í seinni hálfleik tók leikurinn hins vegar vægast sagt óvænta stefnu þar sem gestirnir svöruðu hressilega fyrir sig. Perona byrjaði á að minnka muninn á 69. mínútu og svo öllum að óvörum náði Carlos Arnau svo að jafna leikinn á 89. mínútu og þar við sat og heldur betur óvænt jafntefli því niðurstaðan.

Eiður Smári Guðjohnsen spilaði allan leikinn fyrir Barcelona en náði eins og segir ekki að setja mark sitt á leikinn.

Barcelona vann einvígi liðanna samanlagt 5-2 og er því komið í næstu umferð konungsbikarsins en jafnteflið var óumdeilanlega frábær árangur fyrir smálið CD Alcoyano. Liðið er sem stendur í harðri botnbaráttu í þriðju deildinni á Spáni og var í gærkvöldi að spila sinn allra fyrsta leik á Nývangi í sögu félagsins. - óþ



**CARLOS TEVEZ** Er ekki brotinn.
NORDIIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Keflvíkingar geta náð sögulegum árangri gegn Grindavík í Iceland Express-deild karla í kvöld:

# Ekkert lið hefur unnið alla leiki fram í janúar

**KÖRFUBOLTI** Sigurganga Keflvíkinga í Iceland Express-deild karla getur farið inn í metabækurnar þegar liðið heimsækir nágranna sína í Röstinni í Grindavík í kvöld.

Keflavíkurliðið hefur unnið tíu fyrstu leiki sína og varð aðeins annað liðið í sögunni til þess að fagna áramótunum ósigrað. Hitt er lið Grindavíkur tímabilið 2003-04. Grindvíkingar unnu þá alla 11 leiki sína fyrir jól en töpuðu síðan fyrsta leik ársins sem fór fram í Njarðvík 4. janúar. Friðrik Ragnarsson var þjálfari Njarðvíkurliðsins í þeim leik og hann er kominn í sömu stöðu nú sem þjálfari Grindavíkur.

Keflavík hefur unnið alla tólf deildar- og bikarleiki tímabilsins en Grindvíkingar hafa tapað þremur leikjum í röð í deild og bikar, þar af tveimur síðustu með samtals 28 stigum á heimavelli.

Liðin mættust í Sláturhúsinu í Keflavík 12. október síðastliðinn og þá unnu heimamenn afar öruggan 25 stiga sigur, 95-70.

Vinni Keflvíkingar leikinn í kvöld eru þeir komnir á hæla annars mets sem er í eigu Njarðvíkinga. Njarðvíkingar unnu nefnilega 14 fyrstu leiki tímabilsins 1988-89 áður en þeir töpuðu fyrir Grindavík í 15. leiknum sem fram fór í Grindavík. Keflvíkingar ógnuðu þessu meti fyrir fimmtán árum en liðið vann þá þrettán fyrstu leiki 1992-93 tímabilsins áður en liðið tapaði fyrir Njarðvík á heimavelli í 14. leiknum sem fram fór 10. desember.

Leikurinn hefst klukkan 20.00 og er í beinni sjónvarpsútsendingu á Sýn. **- óój**



**31 STIG** Bobby Walker skoraði 31 stig í fyrri leiknum á móti Grindavík. VÍKURFRÉTTIR/JÓN BJÖRN

Manchester United:

## Meiðsli Tevez ekki alvarleg

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn Man. Utd drógu andann léttar í gær þegar í ljós kom að meiðsli Argentínumannsins Carlos Tevez voru ekki eins alvarleg og í fyrstu var óttast. Hann er mjög marinn á ökklanum en ekki brotinn.

Tevez var borinn af velli í síðari hálfleik gegn Birmingham á nýársdag en Tevez hafði áður skorað sigurmark leiksins.

Þó svo að Tevez sé ekki brotinn eru taldar litlar líkur á því að hann muni spila í bikarnum gegn Aston Villa um næstu helgi. **- hbg**

Ottmar Hitzfeld, B. München:

## Ég hætti hjá Bayern í júní

**FÓTBOLTI Ottmar Hitzfeld, knattspyrnustjóri Bayern Munchen, hefur ákveðið að hætta hjá liðinu þegar núverandi samningur hans rennur út í lok tímabilsins í ár.**

**„Ég lét forráðamenn liðsins vita af ákvörðun minni fyrir þremur vikum," sagði Hitzfeld sem vann þýsku deildina með Munchen-liðinu í fjórgang á árunum 1999-2003 auk þess að vinna Meistaradeild Evrópu árið 2001 áður en hann hætti. Hitzfeld tók svo við liðinu á ný í febrúar í fyrra.**

**Hitzfeld hefur verið í viðræðum við svissneska knattspyrnusambandið um að taka við þjálfun Sviss þegar EM lýkur næsta sumar. Ekki liggur hins vegar ljóst fyrir hver mun verða eftirmaður Hitzfeld hjá Bayern en Marco Van Basten hefur verið nefndur til sögunnar sem líklegur kandídat. - óþ**

EM í Noregi:

## Dzomba ekki með Króötum

**HANDBOLTI** Hægri hornamaðurinn Mirza Dzomba mun ekki spila með Króötum á EM þar sem hann er meiddur á fæti. Þetta er gríðarlegt áfall fyrir króatíska liðið enda Dzomba einn besti hornamaður heims og lykilmaður hjá Króötum.

Þá er ekki enn ljóst hvort hinn magnaði miðjumaður Króata, Ivano Balic, geti leikið með en hann er meiddur og ekki byrjaður að æfa með liðinu.



Vinstri skyttan Blazenko Lackovic hefur þess utan verið mikið meiddur í vetur þannig að Króatar mæta nokkuð vængbrotnir til leiks. **- hbg**






## > Dennis Hopper

Hopper er giftur leikkonunni Victoriu Duffy en fyrir átti Hopper að baki fjögur misheppnuð hjónabönd. Eitt þeirra, er hann var kvæntur Michelle Phillips, verður að teljast með þeim skrautlegustu en það entist ekki lengur en í átta daga. Hopper leikur aldraðan kennara sem á í ástarævintýri í myndinni Carried Away sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld.

# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ JÓN SIGURÐUR EYJÓLFSSON SÉR BUBBA OG SJÁLFAN SIG

# *Áhorfendur líta um öxl og í eigin barm*



Áramót eru ein allsherjar uppgjör. Farið er yfir fréttir ársins og stjórnmálamenn fara yfir viðburði ársins og menn eru krýndir fyrir fyrir góð afrek meðan aðrir eru krossfestir ef svo mætti segja. Egill Helgason fékk spekinga til að rifja upp klúður ársins og stjörnur ársins. Frægir menn eins og Bubbi voru svo teknir fyrir í Skaupinu. Síðan er hann spurður um frammistöðu eftirhermunnar sem að þessu sinni var Jón Gnarr og fékk góða dóma frá frumútgáfunni.

Sparkfræðingar fóru yfir fótboltafréttir ársins á Sýn en þar sagði Logi Ólafsson, kannski meira í spaugi, að þjóðfélagið hefði aldeilis breyst því nú væru menn nefndir eftir því enska liði sem þeir héldu með en ekki eftir bænum sem þeir koma frá eins og áður tíðkaðist. Þannig mætti ætla að Jónas frá Hriflu væri kallaður Jónas púllari, það er að segja ef hann héldi með Liverpool.

Sennilega erum við að reyna að loka árinu með einhverjum stimpli eins og til dæmis ár hinna miklu svipinga, árið sem góðærinu lauk og svo framvegis. Þá getum við líka sett okkur sjálf í samhengi við umhverfið okkar og þá kannski þakkað guði fyrir að hafa komist klakklaust í gegnum ár hinna miklu svipinga. Eins rifjum við upp raunir okkar þegar við lítum annálana og rifjum upp hvar við vorum þegar við heyrðum fyrst af Magdalenu litlu eða af morðinu á Benasír Bhutto. Ég held nefnilega við við séum eins og Bubbi að því leyti; við sjáum sjálf okkur í þessu sjónvarpsefni.

## EKKI MISSA AF



▶ **20.00** Carried Away STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **21.10** ´Til Death STÖÐ 2



▶ **20.15** Brothers & Sisters SJÓNVARPIÐ



▶ **22.00** Grey's Anatomy SIRKUS



▶ **21.00** House SKJÁR EINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**
**17.20 Táknmálsfréttir**
**17.30 Ævintýri Friðrikku og Leós** (3:3)
**18.00 Stundin okkar**
**18.30 Svona var það** (16:22)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veður**
**19.35 Kastljós**
▶**20.15 Bræður og systur** (22:23) Bandarísk þáttaröð um hóp systkina, viðburðarikt líf þeirra og flókin samskipti. Meðal leikenda eru Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**21.00 Matur um víða veröld** (Planet Food) Ferða- og matreiðsluþættir þar sem farið er um heiminn og hugað að matarmenningunni á hverjum stað.
**22.00 Tíufréttir**
**22.25 Aðþrengdar eiginkonur** Bandarísk þáttaröð um nágrannakonur í úthverfi sem eru ekki allar þar sem þær eru séðar. Aðalhlutverk leika Teri Hatcher, Felicity Huffman, Marcia Cross, Eva Longoria og Nicollette Sheridan. Atriði í þáttunum eru ekki við hæfi ungra barna.
**23.10 Glæpurinn** (11:20) Danskir spennuþættir af bestu gerð. Ung stúlka er myrt og rannsókn lögreglunnar leiðir ýmislegt forvitnilegt í ljós. Meðal leikenda eru Sofie Gråbøl, Lars Mikkelsen, Bjarne Henriksen, Ann Eleonora Jørgensen og Søren Malling. e.
**00.05 Kastljós**
**00.45 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Carried Away**
**08.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl**
**10.00 The Commitments** (e)
**12.00 Son of the Mask**
**14.00 Adventures of Shark Boy and Lava Girl**
**16.00 The Commitments** (e)
**18.00 Son of the Mask**
▶**20.00 Carried Away** Rómantískt og ögrandi drama.
**22.00 The Cooler**
**00.00 Derailed**
**02.00 Dark Water**
**04.00 The Cooler**

## STÖÐ 2

**07.00 Stubbarnir**
**07.25 Tommi og Jenni**
**07.50 Kalli kanína og félagar**
**08.15 The Bold and the Beautiful**
**08.40 Í fínu formi**
**08.55 Wings of Love**
**09.40 Studio 60** (20:22)
**10.20 Khubilai Khan´s Lost Fleet**
**11.15 Homefront** (3:18) (e)
**12.00 Hádegisfréttir**
**12.45 Nágrannar**
**13.10 Wings of Love**
**13.55 Wings of Love**
**14.40 Pirate Master** (11:14)
**15.30 Heima hjá Jamie Oliver** (1:13)
**15.55 Nornafélagið**
**16.18 Sabrina – Unglingsnornin**
**16.43 Doddi litli og Eyrnastór**
**17.03 Magic Schoolbus**
**17.28 The Bold and the Beautiful**
**17.53 Nágrannar**
**18.18 Ísland í dag og veður**
**18.30 Fréttir**
**18.50 Ísland í dag**
**19.25 The Simpsons** (12:22) (e)
**19.50 Næturvaktin** (11:13)
**20.20 Back To You** (1:13) Spánýr og sprenghlægilegur gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier og Staupasteini og Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond.
**20.45 Two and a Half Men** (20:24)
▶**21.10 ´Til Death** (20:22) Glæný gamanþáttaröð með Brad Garrett, úr Everybody Loves Raymond, og Joley Fisher í aðalhlutverkum. Jeff og Steph eru nýgift og yfir sig ástfangin en þegar þau flytja í næsta hús við Stark-hjónin sjá þau glitta í framtíðina, hvernig lífið verður eftir margra ára hjónaband.
**21.35 Numbers** (12:24) 2006.
**22.20 Silent Witness** (9:10) Bönnuð börnum.
**00.50 Story of a Bad Boy**
**02.15 Cold Case** (18:23)
**03.00 Balls of Steel** (7:7)
**03.35 Balls of Steel** (5:6)
**04.15 Silent Witness** (9:10)
**05.10 The Simpsons** (12:22) (e)
**05.35 Fréttir og Ísland í dag**
**06.30 Tónlistarmyndbönd frá PoppTíVí**

## SÝN besta sætið

**19.50 Iceland Express-deildin 2008** Bein útsending frá leik Grindavíkur og Keflavíkur í Iceland Express-deildinni í körfubolta.
**21.40 Inside Sport** (Kevin Keegan / Horseracing) Frábær þáttur frá BBC þar sem rætt er við heimsfræga íþróttamenn úr öllum áttum og aðra þá sem tengjast íþróttum á einn eða annan hátt.
**22.10 FA Cup - Preview Show 2008** Elsta og virtasta keppni heims skoðuð bak og fyrir.
**22.40 NFL - Upphitun** Upphitun fyrir leiki helgarinnar í NFL-fótboltanum auk þess sem helstu tilþrif síðustu helgar eru sýnd.
**23.10 Heimsmótaröðin í póker** (Main event, Las Vegas, NV) Á heimsmótaröðinni í póker setjast snjöllustu pókerspilarar heimsins að spilaborðinu og keppa um stórar fjárhæðir.
**00.05 Iceland Express-deildin 2008** Útsending frá leik Grindavíkur og Keflavíkur í Iceland Express-deildinni í körfubolta sem fór fram fimmtudaginn 3. janúar.

## SÝN 2

**07.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Wigan sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.
**15.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Bolton og Derby sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.
**16.40 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Liverpool og Wigan sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.
**18.20 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Blackburn og Sunderland sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.
**20.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** (Arsenal - Man United, 98/99)
**21.00 PL Classic Matches** (Man United - Chelsea, 99/00)
**21.30 1001 Goals** Bestu mörk úrvalsdeildarinnar frá upphafi.
**22.30 Coca Cola mörkin**
**23.00 Enska úrvalsdeildin** Útsending frá leik Newcastle og Man. City sem fór fram miðvikudaginn 2. janúar.

## SKJÁREINN

**07.00 Ertu skarpari en skólakrakki?** (e)
**08.00 Dr. Phil** (e)
**08.45 Vörutorg**
**16.00 Vörutorg**
**17.00 7th Heaven** (e)
**17.45 Dr. Phil**
**18.30 The Drew Carey Show** (e)
**19.00 Beyoncé: Live in Japan** (e)
**20.00 The Office** (3:25) Bandarísk gamansería sem hlaut Emmy-verðlaunin 2006 sem besta gamanserían. Angela er búin að fá nóg af Michael og reynir að fá Dwight til að sækjast eftir starfinu hans.
**20.30 30 Rock** (16:21) Bandarísk gamansería þar sem Tina Fey og Alec Baldwin fara á kostum í aðalhlutverkunum. Jack þvingar Tracy til að vera kynnir á Source Awards og Liz reynir að sanna að hún sé ekki með kynþáttafordóma. LL Cool J og Wayne Brady leika gestahlutverk.
▶**21.00 House** (18:24) Bandarísk þáttaröð um lækninn skapstirða, dr. Gregory House og samstarfsfólk hans. House og Cuddy eru á heimleið frá Singapore þegar einn farþeganna veikist alvarlega. Cuddy grunar að hann sé með bráðsmitandi og banvænan vírus sem geti borist hratt um flugvélina.
**22.00 C.S.I. Miami** (10:24) Bandarísk sakamálasería um Horatio Caine og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í Miami. Bandarískur hermaður er myrtur í Miami en Horatio telur að málið tengist atburðum í stríðinu í Írak.
**22.50 The Drew Carey Show**
**23.15 Canada's Next Top Model** (e)
**00.15 Californication** (e)
**00.50 NÁTTHRAFNAR**
**00.50 C.S.I. Miami**
**01.40 Ripley's Believe it or not!**
**02.25 Trailer Park Boys**
**02.50 Vörutorg**
**03.50 Óstöðvandi tónlist**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**12.15 Samantekt helstu frétta vikunnar á N4.** Endursýnt á klukkutíma fresti til 10.15 á sunnudag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.




## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.20**

### Back to You



Spánnýr og sprenghlægilegur gamanþáttur með Kelsey Grammer úr Frasier og Staupasteini og Patriciu Heaton úr Everybody Loves Raymond. Grammer leikur hér vinsælan og óþolandi sjálfumglaðan fréttalesara sem ræður sig aftur á gömlu stöðina, þar sem enn starfar sem fréttalesari gamla kærastan og barnsmóðir hans, leikin af Heaton. Þættirnir koma úr smiðju höfunda Frasier og Friends.

## VIÐ MÆLUM MEÐ

**Grindavík - Keflavík**

**Sýn kl. 19.50**

Svakalegur stórleikur í Iceland Express-deildinni í körfubolta karla. Keflavíkurliðið er enn ósigrað í deildinni í vetur en það er alveg deginum ljósara að við ramman reip verður að draga á heimavelli nágranna þeirra í Grindavík. Þetta er leikur sem enginn íþróttaáhugamaður ætti að láta fram hjá sér fara.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir
**06.50** Bæn
**07.05** Morgunvaktin
**08.00** Morgunfréttir
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.03** Veðurfregnir
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Stúlka með fingur
**15.30** Dr. RÚV
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Seiður og hélog
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.10** Veðurfregnir
**22.18** Hamlet á Íslandi
**23.10** Krossgötur
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum til morguns

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## SIRKUS

**16.00 Hollyoaks**
**16.30 Hollyoaks**
**17.00 Mangó** (6:6)
**17.25 Talk Show With Spike Feresten** (1:22) (e)
**17.50 American Dad 3**
**18.15 Wildfire** (3:13)
**19.00 Hollyoaks**
**19.30 Hollyoaks**
**20.00 Mangó** (6:6) Sigurvegararnir í sjónvarpsþættinum Leitinni, þau Sara, Eiríkur og Hallur eru loksins mætt til leiks með sinn eigin sjónvarpsþátt.
**20.25 Talk Show With Spike Feresten** (1:22) (e) Spike Feresten er einn af höfundum Seinfeld og Simpsons. Nú er hann kominn með sinn eigin þátt þar sem hann fær til sín góða gesti.
**20.50 American Dad 3** (e) Þriðja seríán um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum.
**21.15 Wildfire** (3:13) Önnur þáttaröðin um vandræðastúlkuna Kris sem send er nauðug í sveit þar sem hún fellur fyrir hestamennsku og þá sérstaklega kappreiðahestinum Wildfire.
▶ **22.00 Grey's Anatomy** (9:22) Fjórða sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Ungu læknanemarnir eru orðnir að fullnuma og virðulegum skurðlæknum nema George, sem féll á lokaprófinu og þarf því að slást í hóp með nýju læknanemunum. 2007.
**22.45 The Closer** (5:15)
**23.30 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## INN

**20.00 Hrafnaþing**
**20.30 Óhreinu börnin hennar Evu** Kolfinna Baldvinsdóttir tekur á innflytjendamálum.
**21.00 Reynslunni ríkari** Ásdís Olsen býður velkominn Nonna fjöllistamann.

## DR 1

**10.00** Søren Ryge - Havhingsten bliver søsat **10.25** Den sidste slæderejse **11.00** TV Avisen **11.10** Et møde mellem venner **11.35** Aftenshowet **12.00** Aftenshowet **12.30** Dødens Detektiver **12.50** Hvad er det værd **13.20** Søren Ryge præsenterer - En million mejsekugler... **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Boogie Update **15.30** Pucca **15.35** Kim Possible **16.00** Min far er bokser **16.30** Fandango med Chapper og Sebastian **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Rejseholdet **20.00** TV Avisen **20.25** SportNyt **20.30** Dark Blue **22.25** Blind Justice **23.05** Dommer under anklage **0.00** Boogie Update

## NRK 1

**11.00** NRK nyheter **11.10** Ordna - Samisk kulturmagasin **11.25** Åpen himmel **11.55** Det glade vanvidd **12.30** Hoppuka **14.00** Hva nå, Scooby Doo? **14.35** Fjortis **15.05** Hannah Montana **15.30** Megafon **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** Verdensarven **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Den lille blå dragen **17.10** Uhu **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** På cruise med kongeskipet Dannebrog **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Sørgekåpen **21.30** Riksarkivet **22.00** Kveldsnytt **22.15** Keno **22.20** Å krevje sin rett **0.15** Norsk på norsk jukeboks **2.00** Sport Jukeboks

## SVT 1

**11.05** Kungafamiljen 2007 **12.05** Mitt liv på en minneslapp **13.00** Young at heart **13.55** Anslagstavlan **14.00** Strindberg - död eller levande **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** På parkett 17.00 BoliBompa **17.25** Sixten **17.30** Vinter i Svingen **18.00** Bobster **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Rapports årskrönika 2007 **20.00** Vrakletarna **20.30** Jane Eyre **22.30** Rapport **22.40** Stjärnorna på slottet **23.40** Toppform **0.10** Sändningar från SVT24


GrandSpa

Vilt þú efla orkuna og komast í betra form?



**Goran Superform** er 6 vikna heilsunámskeið sem tryggir þér fullkominn árangur frá byrjun. Þú tekur hröðum framförum og stígur örugg skref í átt að líkamlegri vellíðan.

Námskeiðin byrja 7. janúar
– kl. 6:30, 7:30, 10:00, 16:30 og 18:30

Grand Spa er með bestu og glæsilegustu heilsulindum landsins og býður viðskiptavinum sínum upp á heildræna slökun, snyrtimeðferðir og líkamsrækt. Þar starfa einstaklingar sem eru í fremstu röð á sínu sviði og leggja sig fram við að veita þér framúrskarandi þjónustu.



**Nudd** – fullkominn streitubani
**La Mer snyrtistofa** – einstakar snyrti- og húðmeðferðir
**Technogym** – nýjustu og bestu líkamsræktartækin
**Kinesis æfingakerfi** – eykur styrk, jafnvægi og liðleika
**Goran Superform** – örugg en einföld skref í átt að líkamlegri vellíðan
**Ski fitness** – góð líkamsþjálfun sem hjálpar þér að ráða við brekkurnar í fríinu
**Golf fitness** – stuðlar að mýkri sveiflu og betri líðan
**Dansþjálfun** – skemmtileg og ögrandi líkamsrækt fyrir einstaklinga á öllum aldri
**Slökunarrými** – gufubað, nuddpottur og sauna, þar sem þú færð háls- og herðanudd

Grand Spa | Sigtúni 38 | 105 Reykjavík | Sími 578 8200 | www.grandspa.is

## MORGUNMATURINN



*„Það er nú bara hafragrautur og lýsi, það er klassískur morgunmatur. Hann er langbestur.“*

Lára Sveinsdóttir leikkona.



**LÁRÉTT**
**2.** örverpi 6. pot 8. örn 9. draup 11. samanburðartenging 12. blossaljós 14. kjöt 16. halló 17. mánuður 18. tímabils 20. átt 21. á fæti.

**LÓÐRÉTT**
**1.** íþrótt 3. guð 4. fargið 5. málmur 7. raddfæri 10. frostskemmd 13. er 15. ávöxtur 16. langur 19. vörumerki.

**LAUSN**

**LÁRÉTT:** 2. urpt, 6. ot, 8. ari, 9. lak, 11. en, 12. flass, 14. flesk, 16. hæ, 17. maí, 18. árs, 20. nv, 21. rist.

**LÓÐRÉTT:** 1. golf, 3. ra, 4. pressan, 5. tin, 7. talfæri, 10. kal, 13. sem, 15. kíví, 16. hár, 19. ss.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á bls. 8

1. Eitt hundrað ára
2. Í Skipholtskrók á Kili
3. Öðru sæti

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

# Landsmenn elska íslenskt DVD

Sjónvarpsþátturinn Næturvaktin og Astrópía halda áfram að auka við sig í sölu eftir jól þrátt fyrir að hafa verið vinsælustu dvd-diskarnir í jólapökkum landsmanna þetta árið. „Þetta er auðvitað hálf ótrúlegt,“ segir Sigvaldi Kaldalóns, markaðsstjóri Skífunnar.

„Þessir tveir mynddiskar eru að koma út í plús eftir skilavertíðina, það er að segja þær halda áfram að bæta við sig. Fólk skilar þeim og fær sér annan hvorn,“ útskýrir Sigvaldi.

Gróflega talið má reikna með að tæplega sautján þúsund eintök hafi selst af Næturvaktinni fyrir jólin en sjónvarpsþættirnir nutu gríðarlegra vinsælda á Stöð 2. Astrópía seldist í rúmum átta þúsund eintökum en hátt í fimmtíu þúsund sáu kvikmyndina í bíó. „Þetta er ákaflega jákvætt,“ segir Júlíus Kemp, einn framleiðenda myndarinnar.

Eins og Fréttablaðið hefur greint frá er mikill áhugi á íslenskri dvd-útgáfu og hafa þeir selst í bílförmum og er nú verið að skoða möguleikana á því að gefa út allar bestu kvikmyndir Friðriks Þórs Friðrikssonar í sérstakri viðhafnarútgáfu og svo hina sígildu þætti um Heilsubælið. - fgg



**SIGUR FYRIR ÍSLENSKT EFNI** Íslenskt efni á DVD virðist vera nýjasta æðið hjá Íslendingum. Astrópía og Næturvaktin seldust í rúmum tuttugu og fimm þúsund eintökum fyrir þessi jól.



**GÓÐ TILFINNING** Hallgrímur Helgason segir það gott kaup fyrir vinnuna að börn í Gíneu-Bissá hafi fengið flugnanet til varnar malaríu. FRÉTTABLAÐIÐ/TEITUR

HALLGRÍMUR HELGASON: HEFUR LOKIÐ VIÐ 20 MILLJÓNA MÁLVERKIÐ

# Málaði Guð á Sæbraut

Hallgrímur Helgason hefur lokið við málverk sem seldist á góðgerðauppboði til styrktar Unicef í desember 2005, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins var ómálað verkið þá keypt á 20 milljónir króna. Hallgrímur bauð vinum og vandamönnum til veislu síðastliðið föstudagskvöld til að fagna verklokum. „Mig langaði að sýna mínum vinum og fjölskyldu verkið áður en það fer til eigandans,“ útskýrir Hallgrímur, sem segir óráðið hvort það komi nokkurn tíma fyrir augu almennings.

Hann segir skort á vinnuaðstöðu hafa haft sín áhrif á langan meðgöngutíma verksins. „Ég var ekki með vinnustofu á þessum tíma. Ég fékk hana á síðasta ári og var að þessu frá ágúst og fram að jólum, meðfram öðrum verkefnum,“ útskýrir listamaðurinn. „Ég tók mér mjög góðan tíma í þetta. Það voru svo miklir peningar sem fylgdu þessu að ég gat ekki annað en vandað til verka. Svo vildi ég líka hugsa vel um það hvað gæti verið þess virði að mála fyrir svona upphæð,“ segir Hallgrímur.

Myndefnið sem fyrir valinu varð er ekki af verri toganum. „Ég ákvað að mála eitthvað sem væri verðugt viðfangsefni, og málaði þess vegna Guð. Málverkið heitir Guð á Sæbraut,“ útskýrir Hallgrímur, sem segir vinnuferlið hafa verið ágætis reynslu.

„Þetta var nýtt fyrir mér, svona í anda endurreisnarinnar. Furstinn kemur með fúlgu og leggur á borðið og segir „gerðu eitthvað flott fyrir þetta“. Maður verður hvumsa fyrst, en kemst svo að því að peningar eru hvati. Ég held að ég hafi aldrei lagt jafn hart að mér fyrir eitt málverk, svo þetta fyrirkomulag getur verið jákvætt,“ segir Hallgrímur.

Afhending verksins hefur ekki farið fram, en Hallgrímur segir eigandann hafa fengið að sjá málverkið. Hallgrímur vill ekki gefa upp hver kaupandinn er, en segir hann hafa treyst sér fullkomlega. Listamaðurinn hyggst afhenda verkið bráðlega. „Ég á eftir að ramma það inn og taka ljósmyndir af því,“ útskýrir Hallgrímur.

Milljónirnar sem greiddar voru fyrir verkið hafa þegar komið Unicef að góðum notum, enda runnu þær til góðgerðamála á þeirra vegum. „Ég held að það hafi verið keypt flugnanet til varnar malaríu fyrir börn í Gíneu-Bissá fyrir peningana,“ segir Hallgrímur. Aðspurður segir Hallgrímur það vera gott kaup. „Ég verð að segja að þetta er mjög góð tilfinning,“ segir hann. sunna@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Fátt virðist koma á óvart þegar jólabækurnar taka að streyma inn í skilavertíðinni. Harðskafi seldist mest fyrir þessi jól og er því samkvæmt öllum reglum einnig mest skilað þótt skilahlutfall Arnaldar sé töluvert lægra en hjá öðrum metsöluhöfundum. Ævisögu **Guðna Ágústssonar** hefur einnig verið skipt út fyrir aðrar bækur og því ljóst að menn töldu sig nokkuð örugga með annaðhvort glæpasögu eða formann Framsóknarflokksins undir trénu.

Og meira af bókum því Penninn/Eymundsson sendi nýverið frá sér lista yfir mest seldu bækur ársins og þar kemur einna mest á óvart hversu lítið vægi jólabókaflóðið hefur. Níu af þeim fimmtán bókum sem voru mest seldar á árinu 2007 voru gefnar út snemma á árinu og þar kemur kiljan hvað sterkust út. Hin geigvænlega sala á Arnaldi fyrir jólin fleytir honum hins vegar í efsta sætið en litlu mátti muna að sjálfshjálparbókin Leyndarmálið eftir Rhondu Bynes skákaði sjálfum glæpasagnakónginum.



Hins vegar þarf **Arnaldur** væntanlega engu að kvíða því hann er með tvær bækur á topp tíu-listanum. Og er eini íslenski höfundurinn sem getur státað af slíkum árangri þetta árið. Hins vegar er alveg augljóst að Arnaldur á í harðri samkeppni við hinn afganskættaða Khaled Hosseini sem einnig á tvær bækur á listanum; hina sívinsælu Flugdrekahlauparann og svo nýjustu bókina, Þúsund bjartar sólir.




# Andri sprengir fjölskyldubílinn

Andri Snær Magnason rithöfundur og eiginkona hans Margrét Sjöfn Torp eiga von á fjórða barninu sínu 27. janúar. „Jú, það er frekar óvenjulegt að eignast þetta mörg börn í dag,“ segir Andri, „sérstaklega með sömu konunni og utan sértrúarsafnaðar. Ég á von á að þetta hafi ýmsar afleiðingar í för með sér, til dæmis þær að nú getum við ekki lengur notfært okkur tilboð frá ferðaskrifstofum. Þar er alltaf gert ráð fyrir tveimur börnum á aldrinum 2-11 ára. Þá er líka alveg ljóst að fjölskyldubíllinn er sprunginn.“

Fyrir eiga Andri og Margrét einn son, tíu ára, og tvær dætur, fimm og tveggja. „Við höfum ekki látið kyngreina nýja barnið, enda er gott að lifa í smá óvissu, en hjartsláttur og fleira bendir til að þetta sé strákur. Þó væri náttúrlega hagkvæmast ef þetta yrði stelpa.“

Í listinni hjá Andra ber það hæst að Draumalandið, kvikmynd hans og Þorfinns Guðnasonar, verður frumsýnd á árinu þótt Andri viti ekki nákvæmlega hvenær. „Þetta lítur allt saman mjög vel út. Við höfum tekið mikið upp á hálendinu og myndin er að miklu leyti skotin á 35mm filmu. Við vorum að fá fimm spólur úr framköllun frá London og þeir sendu okkur meldingu með um að þeir hefðu aldrei séð annað eins myndefni. Þó frömkölluðu þeir allar Lord of the Rings-myndirnar.“

Þá segir Andri ýmsar bækur vera í pípunum, bæði fyrir börn og fullorðna, en full snemmt sé að tjá sig um þau verkefni – „Það skýrist allt betur með sumrinu.“



**FJÖLGUN YFIRVOFANDI** Andri Snær sér á eftir tilboðum frá ferðaskrifstofum og er farinn að skima eftir sjö manna bíl.

Burberry I Filippa K I Patrizia Pepe I Sport Max I Calvin Klein I Annhagen I Rutzou
Stella Nova I Lee I Wrangler I Rosanna Julie I a pair I GK Reykjavík

# 40%

# ÚTSALAN HEFST Á MORGUNN 4. JAN

**Lokað í dag**



**KONUR OG MENN**
LAUGAVEGUR 66, 101 REYKJAVÍK

GK REYKJAVÍK

FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000

LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands

Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga
milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.



**BAKÞANKAR**
Dr. Gunna

# *Áramótaheitin*

Nýtt ár og nýtt líf? Nei, ætli það. Bara sama gamla og góða, enda þarf maður ekkert að „taka sig í gegn“ – þannig. Engin óraunhæf nýársheiti en ein áminning: Ekki hanga svona mikið í tölvunni og alls ekki hanga svona mikið yfir bloggi einhvers fólks úti í bæ. Það er ekkert á því að græða, þú veist það.

**ÞEGAR** að því óumflýjanlega kemur og sýning heimildarmyndarinnar „Þetta var líf þitt“ hefst í deyjandi heilanum, vill maður helst ekki sjá eintómar svipmyndir af sjálfum sér glápandi á skjá, hvorki tölvu- né sjónvarpsskjá – sama hversu dagskráin er skemmtileg. Í lífinu vill maður vera þátttakandi, ekki bara áhorfandi. Maður vill svo sem ekki heldur að heimildarmyndin sé eintómt maður sjálfur upp í rúmi með bók í andlitinu, ekki hrjótandi í bælinu, ekki bölvandi í umferðarþvögu, svo kannski ætti maður að byrja að einbeita sér að hlutum sem maður vill láta rifja upp fyrir sér í andarslitrunum. Þú veist: maður sjálfur í sigurvímu hrópandi af fjallstindi, maður sjálfur komandi í mark í maraþonhlaupi, maður sjálfur siglandi á skútu inn í hitabeltissólarlag – þannig stöff.

**ÞAÐ** eru helst síma- og jeppafyrirtæki sem sjá sér hag í að auglýsa þann augljósa sannleika að maður eigi að lifa lífinu lifandi. Enn ein uppbyggileg auglýsing frá slíku fyrirtæki gæti því verið: Einbeittu þér að því sem þú vilt láta rifja upp fyrir þér í síðustu sýningunni.

**EN** það er ekki nóg að fróa sjálfum sér með hetju-upplifunum í sló-mó. Maður verður vitanlega að gera eitthvað fyrir náungann, láta gott af sér leiða. Aðeins þannig helst jafnvægið. Ég er of mikil gunga til að ganga til liðs við björgunarsveit og ég hef heldur ekki það heiðríka hjartalag að finnast það í lagi að ég sé truflaður í miðri máltíð til að þvælast upp á fjöll að leita að einhverjum bjánum sem geta ekki hlustað á veðurfréttirnar. Ein auðveldasta aðferð í heimi til að láta gott að sér leiða er að gefa blóð. Það er svo auðvelt að hver hugsandi þegn með vott af siðferðiskennd ætti að gera það. Og svo færðu meira að segja bakkelsi í kaupbæti og jólakort.

**MAÐUR** sjálfur liggjandi á bekk með blóðlegg úr arminum er meira en viðunandi myndskeið.



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er fimmtudagurinn 3. janúar, 3. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 11:18 | 13:32 | 15:47 |
| Akureyri | 11:31 | 13:16 | 15:03 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

